**allt**



Árni Kópsson:

*Keyrir um á kappakstursbíl*

• bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Benedikt Nikulás Anes Ketilsson:

*Textaði fótboltaleik*

• reyndi að losna við stafsetningarvillur

SÍÐA 46 ▶



Kári Stefánsson:

*Svarar Hallgrími Helgasyni*

• gerir athugasemd við svör ritstjóra... [partially hidden]

SÍÐA 26 ▶



Handboltinn í Eyjum:

*Kostar tugi milljóna á ári*

• selja kleinur til að fjármagna

SÍÐA 34 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. febrúar 2005 – 41. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**LAUGARDAGUR**



**RÁÐHERRA LÍTI SÉR NÆR** Fjármálaráðherra segir vínbirgja ekki láta lækkandi gengi skila sér í vöruverði. Heildsalar vísa gagnrýninni á bug og segja fáar vörur greiddar í dollurum. Vegna skattastefnu ráðherrans sé innkaupsverð lítill hluti af verði vínflösku. **Sjá síðu 2**

**92 ÁKÆRÐIR FYRIR MÚTUR** Rannsókn á mútuþægni tuga starfsmanna sænsku áfengiseinkasölunnar hefur leitt til þess að 77 þeirra verða ákærðir. Starfsmenn norsku áfengiseinkasölunnar hafa einnig sætt rannsókn en sleppa við ákæru. **Sjá síðu 4**

**BÓTAGREIÐSLUR MARGFALDAST** Bætur sem sjúklingar hafa fengið hjá Tryggingastofnun eftir læknismeðferð hafa hækkað úr tugum þúsunda í tugi miljóna á síðustu fjórum árum. Samtals hafa umsóknir frá 77 einstaklingum verið samþykktar á þessum tíma. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**FREMUR HÆGUR VINDUR** Síðan bætir í vind þegar líður á daginn. Strekkingur eða allhvasst norðaustanlands. Áfram frost. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**MYND ÁRSINS 2004** Hin árlega ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands, Mynd ársins 2004, verður opnuð í tíunda sinn í Gerðarsafni í dag. Á neðri hæð safnsins verður jafnframt opnuð ljósmyndasýning Ragnars Axelssonar.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 42 | Myndlist | 40 |
| Tónlist | 40 | Íþróttir | 34 |
| Leikhús | 40 | Sjónvarp | 44 |







# Greiða tvöfalt hærri fasteignaskatta en áður

**Guðlaugur Þór Þórðarson segir Reykvíkinga borga tvöfalt hærri fasteignaskatta nú en þegar R-listinn tók við völdum. Hærra fasteignamat veldur hækkunum en álagningarhlutfall hefur ekki hækkað, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

**BORGARMÁL** Íbúar í Reykjavík borga ríflega tvöfalt meira í fasteignaskatt nú en þeir gerðu þegar R-listinn tók við fyrir ellefu árum að sögn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Hann segir að eftir að hafa skoðað ársreikninga borgarinnar síðastliðin tólf ár hafi þessi sláandi tala komið í ljós.

Guðlaugur Þór segir að fasteignagjöldin hafi hækkað um tæplega 90 prósent en þegar holræsagjöldunum sé bætt við sé talan 114 prósent. Eðlilegt sé að taka þessi gjöld saman því þau leggist bæði á fasteignaeigendur. Árið 1993 hafi fasteignaskatturinn verið 28 þúsund á íbúa en sé í dag 113 þúsund.

Guðlaugur Þór segir þessa hækkun gríðarlega mikla og alls ekki í takt við það sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi sagt nýlega í fjölmiðlum.

„Hvað fasteignagjöldin varðar sagði hún að það ætti að fara varlega og R-listinn hefði gert það. Í mínum huga er 114 prósenta hækkun ekki að fara varlega. Á sama tíma og ríkisstjórnin er að afnema eignaskattinn þá hækkar R-listinn fasteignaskattinn út í það óendanlega. Þetta kemur sérstaklega illa niður á þeim sem minnst mega sín eins og eldri borgurum og þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.“

Ingibjörg Sólrún telur ekki rétt að segja að fasteignaskattar hafi hækkað því álagningarhlutfallið hafi ekki gert það. Hins vegar hafi fasteignamat hækkað mikið undanfarin ár og því greiði fasteignaeigendur hærri upphæð en áður. Hún segir þessa staðreynd alls ekki einskorðast við íbúa Reykjavíkur. „Guðlaugur getur reiknað þetta eins og honum sýnist, eftir stendur sú staðreynd að fasteignaeigendur greiða lægst gjöld af eignum sínum í Reykjavík borið saman við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.“

Guðlaugur Þór segir að hækkun á fasteignamati megi að stórum hluta rekja til „lóðaskortsstefnu“ R-listans.

„Þetta er einfaldlega rangt,“ segir Ingibjörg Sólrún. „Guðlaugur Þór ætti að kynna sér þær úttektir sem gerðar hafa verið á þessu, meðal annars í Seðlabankanum. Stærstu áhrifavaldarnir á hækkun fasteignaverðs eru kaupmáttaraukning og aukið aðgengi að lánsfé.“ - th



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**BEÐIÐ EFTIR FRUMSÝNINGU** Tosca, sem hefur verið ein vinsælasta ópera sögunnar, var frumsýnd í Íslensku óperunni í gærkvöld við góðar undirtektir og virtust gestir hlakka mikið til að sjá þetta stærsta verk Óperunnar á þessu leikári.

Vinsæll borgarstjóri:

## Í framboð úr fangelsi

**MEXÍKÓ, AP** Borgarstjórinn í Mexíkóborg hótar að fara í forsetaframboð úr fangelsisklefa ef hann verður dreginn fyrir dómstól og dæmdur í fangelsi.

Andres Manuel Lopez Obrador borgarstjóri er ákærður fyrir að hunsa dómsúrskurð vegna landnotkunar borgarinnar og íhuga þingmenn að svipta hann þinghelgi svo hægt sé að rétta yfir honum. ■

Leitað að eitt þúsund eigendum skyldusparnaðar:

## Tólf milljónir króna hafa gleymst

**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Tæpar tólf milljónir króna í skyldusparnaði liggja enn inni hjá Íbúðalánasjóði, að sögn Halls Magnússonar, sviðsstjóra hjá Íbúðalánasjóði. Um þúsund einstaklingar eiga gamla skyldusparnaðinn sinn eða hluta af honum í vörslu sjóðsins, sem tók við honum af Húsnæðisstofnun.

Skyldusparnaðurinn var aflagður árið 1993. Fyrir fjórum árum var farið í átak til þess að koma þessum fjármunum til eigenda sinna. Þá nam heildarupphæð með vöxtum tæpum 37 milljónum króna. Í dag er ósóttur skyldusparnaður 11,9 milljónir. Þessir fjármunir hafa verið vaxtalausir frá 1. janúar 2000 samkvæmt lagaákvæði um skyldusparnað.

„Í flestum tilfellum er um afar lágar fjárhæðir að ræða,“ segir Hallur. „Eigendurnir virðast flestir vera búsettir í útlöndum. Undanfarið ár höfum við verið með manneskju í því með öðru að leita uppi fólk, sem á inni skyldusparnað en hefur ekki áttað sig á því, víðs vegar um heiminn. Við höfum lagt mikið á okkur og meðal annars notað Íslendingabók til þess að rekja ættir manna og koma skilaboðum til ættingja um að þeir eigi peninga hér.“

Spurður um fyrningu þessara fjármuna sagði Hallur að ef til vill fyrntust þeir í samræmi við fyrningu bankainnistæðna sem ekki væru hreyfðar í 20 ár. -jss

Friðjón á Sandi:

## Hættur eftir 65 ára starf

**VEÐURATHUGANIR** Friðjón Guðmundsson, bóndi á Sandi í Aðaldal, lét nýlega af störfum sem veðurathugunarmaður. Hann hafði þá gegnt þessu starfi í 65 ár eða frá ársbyrjun 1940 en þá var hann tvítugur.

Magnús Jónsson veðurstofustjóri segir að enginn íslenskur veðurathugunarmaður hafi verið jafn lengi við störf og Friðjón og fáir slá honum við á heimsvísu. Sennilega á bandarískur veðurathugunarmaður þó metið en hann starfaði í 76 ár.

Magnús býst við að veðurathugunum verði hætt á Sandi en þar hefur verið rekin svokölluð veðurfarsstöð síðan 1932. - shg

Umfangsmesta náttúruverndaraðgerð Íslands

*Vatnajökulsþjóðgarður verður til*



SÍÐA 30 ▶

Ingjaldur Hannibalsson ferðalangur með meiru:

*Er kallaður Fargjaldur*



SÍÐUR 32 ▶



## SPURNING DAGSINS

*Orri, eruð þið með timburmenn?*

**Já, enda höfum við glímt við sjálfstæðismenn í minnihlutanum í þrjú ár.**

Orri Hlöðversson er bæjarstjóri í Hveragerði. Bæjarstjórn hefur frestað ákvörðun um opnun vínbúðar í bænum og segja sjálfstæðismenn sem eru í minnihluta í bæjarstjórn að það sé vegna geðvonsku meirihlutans.

Talsmaður Falun Gong á Íslandi:

# Hyggst kæra ítrekað ónæði

**ÁREITI** Þórdís Hauksdóttir, talsmaður Falun Gong á Íslandi, hefur leitað til lögreglunnar og ætlar að kæra ítrekaðar símhringingar í símanúmer sitt þar sem er spilaður af bandi áróður gegn Falun Gong. Áróðurinn segir Þórdís vera fluttan á ensku og á kínversku.

Þórdís segir marga félaga í Falun Gong víðs vegar um heiminn hafa orðið fyrir ónæðinu þó hún viti ekki um aðra Íslendinga. Í Bandaríkunum segir hún hafna lögreglurannsókn á málinu en slóð áróðursmannanna sé vel hulin og því hafi ekki verið hægt enn sem komið er að rekja slóðina. „Þessar hringingar eru óþolandi og spilla friðhelgi einkalífsins. Ísland er frjálst lýðræðisríki þar sem frelsi ríkir innan nokkuð heilbrigðra marka og mér finnst óþolandi að verða fyrir slíkum árásum af hálfu erlends kúgunarvalds,“ segir Þórdís, sem ætlar að fara fram á lögreglurannsókn. Hún telur kínversk stjórnvöld standa fyrir áreitinu en eftir mótmæli samtakanna í tengslum við heimsókn Jiang Zemin, forseta Kína, hingað til lands ræddi hún opinberlega um jöðkun sína.

Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir hentugast fyrir þá sem verða fyrir ítrekuðu áreiti í formi símhringinga að hafa samband við sitt símafyrirtæki og láta skrá niður þau símtöl sem berast og kæra svo til lögreglu. - hrs


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞÓRDÍS HAUKSDÓTTIR**
Þórdís hefur iðkað Falun Gong í fjögur ár og telur sig vera á svörtum lista kínverskra stjórnvalda.

Húsabakkaskóli:

# Lokað í haust

**SKÓLAMÁL** Nefnd um framtíð Húsabakkaskóla í Dalvíkurbyggð skilaði af sér tillögum á fimmtudag, þar sem lagt er til að skólanum verði lokað í haust. Valdimar Bragason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar og fulltrúi Framsóknarflokks í bæjarstjórn, segir að hann sé fyrir sitt leyti sáttur við þessa niðurstöðu nefndarinnar. Í haust slitnaði upp úr samstarfi Framsóknarflokks við Sjálfstæðisflokk vegna ósættis um framtíð skólans.

Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Húsabakkaskóla, segir niðurstöðuna vonbrigði. - ss



**TAÍLENSKAR BLÓMADROTTNINGAR**
Lux-handsápur og nælonsokkabuxur tóku á sig fegurstu blómaform í höndum taílensku kvennanna.

Akureyri:

# Samhugur í verki

**LIST** Taílenskar konur, búsettar við Eyjafjörð, seldu handunna listmuni á Glerártorgi í gær en innkoman rann óskipt til fórnarlamba hamfaranna í Asíu í desember. Listmunirnir voru allir unnir af taílenskum konum búsettum á Íslandi og báru vott um vandað handbragð. - kk

Pakistan:

# Tugir látast í flóði

**PAKISTAN** Rúmlega 50 manns létust í suðurhluta Pakistan eftir að stór vatnsstífla gaf sig í einhverjum mestu snjóum sem geisað hafa í landinu í áratug. Flæddi yfir lítinn bæ skammt frá stíflunni með þeim afleiðingum að fjölmargir aðrir slösuðust og flestir misstu heimili sitt auk þess sem fjölmargar nálægar brýr og vegir löskuðust illa. ■

## EVRÓPA

**SKOTIÐ Á SJÓMENN** Þrír albanskir sjómenn sluppu ómeiddir þegar þeir lentu í skothríð frá varðbáti grísku strandgæslunnar. Grikkirnir sögðu bát Albananna hafa verið á grísku hafsvæði en Albanarnir sögðust hafa verið 600 metra innan marka albönsku lögsögunnar.

# Ráðherra líti sér nær

**Fjármálaráðherra segir vínbirgja ekki láta lækkandi gengi skila sér í vöruverði. Heildsalar vísa gagnrýninni á bug og segja fáar vörur greiddar í dollurum. Vegna skattastefnu ráðherrans sé innkaupsverð lítill hluti af verði vínflösku.**

**NEYTENDUR** Áfengisheildsalar vísa á bug ásökunum fjármálaráðherra um að þeir lækki ekki verð á víni sem keypt er fyrir Bandaríkjadollara, í samræmi við lækkandi gengi dollarans.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra lýsti þessum skoðunum sínum á Morgunvakt Rásar tvö í gærmorgun og sagði að sig grunaði að heildsalar lækkuðu ekki vörur sem væru greiddar í dollurum. Aðspurður hvort hann gæti nefnt sérstaka vörutegund í þessum efnum nefndi Geir áfengi. Hann þekkti vel til þar og vissi að mikið af víni væri keypt í dollurum og hann væri ekki viss um að lágt gengi hefði skilað sér í kaupverð. „Heildsalarnir sem þar eiga hlut að verða að standa sig betur.“

„Ölgerðin flytur engar vörur inn fyrir Bandaríkjamynt, þetta er allt í evrum,“ segir Bjarni Brandsson, deildarstjóri í áfengisdeild Ölgerðarinnar. Bjarni segir að fyrir nokkrum árum, þegar dollarinn var sem hæstur, hafi flestir farið að greiða fyrir vörur í evrum og segir að þær vörur sem greiddar séu í dollurum séu aðeins örlítill hluti af vörulager ÁTVR.

Ásgeir Johansen, framkvæmdastjóri Rolf Johansen & Company, segir að þar séu mjög fáar vörur greiddar í dollurum og einnig að innkaupsverð birgja sé sáralítill hluti af verði til ÁTVR. „Áfengisgjaldið er svo stór hluti að jafnvel þótt innkaupsverðið lækki endurspeglast það að litlu leyti í verðinu.“

Undir þetta tekur upplýsingafulltrúi Karls K. Karlssonar ehf. sem og Guðrún Björk Geirsdóttir, deildarstjóri í víndeild Austurbakka. „Innkaupsverð af einni léttvínsflösku er kannski dollari. Við það bætist alkóhólgjald sem er 450 krónur, í ÁTVR bætist við 13 prósenta álagning og svo virðisaukaskattur ofan á það. Neytandinn sér lítið af þeim verðbreytingum sem verða hjá okkur en við reynum að sjálfsögðu að láta þær skila sér,“ segir Guðrún.

Guðrún bætir við að sér þyki gagnrýnin koma úr hörðustu átt, þar sem fjármálaráðherra hafi hækkað skatt á sterku víni í tvígang síðan 2002, sem birgjar hafi borið kostnað af. „Hvernig í ósköpunum eiga neytendur að verða varir við einhverja lækkun?“

bergsteinn@frettabladid.is



**GEIR H. HAARDE**
Geir segist ekki viss um að vínbirgjar leyfi kaupendum að njóta lágs gengis dollarans. Birgjum kemur gagnrýnin spánskt fyrir sjónir. Myndin er samsett.

Hlíðarfjall:

# Miklir snjóflutningar

**SKÍÐI** Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli við Akureyri var opnað í gær en vegna snjóleysis hefur það verið lokað frá 23. janúar. Guðmundur Karl Jónsson, staðarhaldari í Hlíðarfjalli, segir að stefnt sé á að hafa opið frá kl. 10 til 17 um helgina. „Við náðum að opna svæðið með því að flytja til mikið magn af snjó og vorum að því alla vikuna. Það er mjög lítill snjór í fjallinu en færið er hins vegar mjög gott,“ segir Guðmundur. - kk

Vínbúð:

# Leyfisveitingu frestað

**HVERAGERÐI** Bæjarstjórn Hveragerðis frestaði á síðasta fundi sínum að taka afstöðu til beiðni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um að reka vínbúð að Breiðumörk 1. Í bókun meirihluta bæjarstjórnar segir að afla verði frekari upplýsinga frá ÁTVR um rekstur vínbúðarinnar áður en hægt sé að veita leyfið og var bæjarstjóra falið að afla þeirra upplýsinga.

Minnihluti sjálfstæðismanna gagnrýndi að ákvörðun um starfsleyfið yrði frestað og sagði í bókun að þar litaðist afgreiðsla bæjarstjórnar af því að menn væru ósáttir við að ÁTVR vildi hafa búðina í Breiðumörk en ekki Sunnumörk. ■

## EVRÓPA

**HUNDRUÐ HANDTEKIN** Gríska lögreglan handtók 449 einstaklinga í sólarhringsátaki til að finna og handtaka fólk sem gefin hafði verið út handtökuheimild fyrir. Flestir voru handteknir í höfuðborginni Aþenu, 345. Þeir handteknu voru fíknefnasmyglarar, ólöglegir innflytjendur, vopnasalar, innbrotsþjófar og einn morðingi.

Dúndurbók




Komin í kilju

„Makalaus bók, við höfum eignast dúndurhöfund ... Frábærlega hugsuð og yndislega stíluð.“
*Páll Baldvin Baldvinsson, Stöð 2*

„Greip mig svo fast og snerti mig svo sterkt að ég hreinlega táraðist á stundum.“
*Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2004

Mál og menning
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot:

# Braut ítrekað og svívirðilega gegn stjúpdóttur

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi forstöðumaður áfangaheimilis trúfélags var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir ítrekuð og svívirðileg kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Hann var hins vegar sýknaður af kynferðisbrotum gegn stjúpsyni sínum á árunum 1997 til 2002. Brotin gegn stúlkunni framdi hann frá árinu 1989 til 1994.

Maðurinn hélt því fram í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi að stjúpdóttir hans hefði sótt kynferðislega á hann síðan hún var átta ára gömul. Segir í dómnum að maðurinn hafi fullkomlega brugðist því trausti sem hann hafði sem stjúpfaðir. Það sem vitnisburður stjúpsonarins þótti ekki nægilega styrkur miðað við framburð annarra þótti því ósannað að stjúpfaðirinn hefði gerst sekur um þau brot sem honum voru gefin að sök í ákæru.

Upp komst um málið þegar grunur vaknaði hjá félagsmálayfirvöldum um að dóttir mannsins, og hálfsystir stjúpbarna hans, hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Sálfræðingur segir börnin hafa beðið mikið tjón af samskiptum sínum við fyrrverandi stjúpföður. Var honum gert að greiða stjúpdóttur sinni 1,2 milljónir króna í skaðabætur. - hrs




**DÆMT FYRIR KYNFERÐISBROT**
Í Héraðsdómi Reykjavíkur var maður dæmdur fyrir ítrekuð og svívirðileg brot gegn stjúpdóttur sinni.

www.icelandair.is/afangastadir

# Ævintýri í USA












## SKEMMTILEGT, HEILLANDI OG ALDREI JAFN HAGSTÆTT

Það er einstök upplifun að njóta lífsins í bandarískri stórborg. Áfangastaðir Icelandair í Bandaríkjunum hafa hver sín sérkenni en eiga það allir sameiginlegt að vera litríkur heimur af freistandi möguleikum fyrir ferðamenn sem langar til að kynnast sköpunarkraftinum, fjörinu og fjölbreytninni sem auðkennir bandarískt þjóðlíf.

Icelandair býður beint flug til Boston, Minneapolis, New York, Baltimore/Washington og San Francisco, pakkaferðir með flugi og gistingu á fyrsta flokks gististöðum og pakkaferðir með flugi og bílaleigubíl. Kynntu þér möguleikana og sjáðu Bandaríkin með eigin augum.

### Baltimore – flug og gisting

**Verð frá 56.600 kr.**

á mann í tvíbýli, 6.–9. maí og 8.–11. sept.

**Innifalið:** Flug, gisting í 3 nætur á Days Inn Inner Harbor, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### Boston – flug og gisting

**Verð frá 59.955 kr.**

á mann í tvíbýli, 20.–23. maí

**Innifalið:** Flug, gisting í 3 nætur á Midtown Hotel, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### Minneapolis – flug og gisting

**Verð frá 49.960 kr.**

á mann í tvíbýli, 15.–18. apríl og 21.–24. október.

**Innifalið:** Flug, gisting í 3 nætur á Baymont Inn and Suites, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### New York – flug og gisting

**Verð frá 59.935 kr.**

á mann í tvíbýli, 8.–11. apríl og 27.–30. október.

**Innifalið:** Flug, gisting í 3 nætur á Cosmopolitan Hotel, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### San Francisco – flug og gisting

**Verð frá 73.870 kr.**

á mann í tvíbýli, 17.–21. sept. og 8.–12. okt.

**Innifalið:** Flug, gisting í 4 nætur á Remoir Hotel, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### San Francisco – flug og bíll

**Verð frá 57.635 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, bíl í A-flokki í eina viku, 21.–28. maí og 8.–15. október.

**Innifalið:** Flug, bíll í 7 daga, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

VR orlofsávísun
Munið ferðaávísunina

Icelandair tekur við MasterCard ferðaávísun í allt flug, þ.m.t. netflug

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27317 02/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,64 | 62,94 |
| Sterlingspund | GBP | 116,93 | 117,49 |
| Evra | EUR | 80,54 | 81,00 |
| Dönsk króna | DKK | 10,82 | 10,89 |
| Norsk króna | NOK | 9,56 | 9,62 |
| Sænsk króna | SEK | 8,86 | 8,91 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,36 | 94,92 |

*Gengisvísitala krónunnar*
111,02 -0,25%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Formaður Félags eldri borgara um þrengsli á elliheimilum:

# Endurreisn baðstofumenningar

**HÚSNÆÐISMÁL** „Það er ekki nema ein setning yfir það að hafa húsnæðismál aldraðra í þessu formi, það er bara verið að endurreisa baðstofumenninguna,“ sagði Ólafur Ólafsson formaður Félags eldri borgara um þá stöðu að um 1000 aldraðir deila nú herbergi með öðrum á dvalar- og hjúkrunarheimilum hér á landi. Í sumum tilvikum eru fleiri saman á stofu.

Ólafur sagði að landlæknisembættið hefði bent á þessa þróun fyrir 30 árum. Ítrekað hefði verið að fólki yrði gefinn kostur á einbýli, en tvíbýli fyrir hjón. Betra hefði verið að reisa minni byggingar heldur en gert hefði verið til að fólkið gæti lifað svipuðu lífi og það hefði lifað áður.

„Þetta hefur nú heldur breyst til hins betra, sérstaklega í Reykjavík. Úti á landi tíðkast það enn að 4–6 manns liggi á einni stofu,“ sagði Ólafur. Hann sagði að Landlæknisembættið og Félag eldri borgara hefði skrifað þar til bærum yfirvöldum fjölda bréfa og átt með þeim fundi vegna þessa, bæði í fyrri og seinni tíð.

„Ástæða þess hve langan tíma tekur að breyta þessu er einfaldlega sú, að aldrað fólk er ekki framarlega í forgangsröðinni,“ sagði Ólafur. - jss



ÓLAFUR ÓLAFSSON
Aldrað fólk er ekki framarlega í forgangsröðinni.

Sandgerðishöfn:

# Ólán í óláni

**SJÁVARÚTVEGUR** Nína, lítill bátur varð aflvana rétt fyrir utan Sandgerði í gær. Haft var samband við Tilkynningaskylduna, en Hafborg, sem var stödd rétt hjá tókst að draga Nínu til hafnar í Sandgerði. Nína lagðist þar við bryggju, en dráttarbátinn tók hins vegar niður í höfninni.

Stafnesið var fengið til að draga Hafborgina, en það tókst ekki betur en svo að Stafnesið fékk tóg í skrúfuna og sat fast. Gera átti tilraun til að losa báða bátana þegar tók að flæða að. -ss



KOMINN UNDIR LÆKNISHENDUR
Pilturinn var nýfæddur þegar honum var kastað út úr bíl. Kona sem átti leið hjá bjargaði honum.

Nýfætt barn:

# Kastað út úr bíl

**BANDARÍKIN, AP** Ungt barn liggur illa haldið á sjúkrahúsi í Norður-Lauderdale í Flórída eftir að hafa verið kastað út úr bíl. Læknar telja að barnið hafi aðeins verið klukkutíma gamalt þegar því var kastað úr bílnum og var naflastrengurinn enn á sínum stað þegar barnið fannst.

Kona varð vitni að pari að rífast í bíl í nágrenni hennar og sá einhverju hent út í plastpoka sem lenti rúman metra frá bílnum sem var ekið á brott á miklum hraða. Hún varð þess vör að nýfætt barn var í pokanum og hafði þegar samband við yfirvöld. ■

Skoðanakönnun:

# Vilja ekki Karl konung

**BRETLAND, AP** Nær tveir af hverjum þremur Bretum eru sáttir við ákvörðun Karls prins um að kvænast Camillu Parker Bowles en vel innan við helmingur vill að hann verði næsti konungur Bretlands.

65 prósent svarenda í skoðanakönnun The Daily Telegraph sögðust sáttir við brúðkaupið en 24 prósent voru því andvíg. Einungis 37 prósent sögðust vilja Karl sem næsta konung sinn en 41 prósent nefndi Vilhjálm, eldri son hans og Díönu prinsessu. Nítján prósent sögðust engan konung eða drottningu vilja. ■

# 92 ákærðir fyrir mútur

**Rannsókn á mútuþægni tuga starfsmanna sænsku áfengiseinkasölunnar hefur leitt til þess að 77 þeirra verða ákærðir. Starfsmenn norsku áfengiseinkasölunnar hafa einnig sætt rannsókn en sleppa við ákæru.**

**NORÐURLÖND, AP** Sænskir saksóknarar hafa ákært 92 einstaklinga í hneykslismáli sem hefur umleikið áfengisverslun sænska ríkisins, Systembolaget. 77 starfsmenn Systembolaget hafa verið ákærðir fyrir að þiggja mútur og fimmtán starfsmenn þriggja birgja hafa verið ákærðir fyrir að greiða eða bjóða mútur.

> „Megnið af mútunum var fólgið í peningagreiðslum inn á launareikninga starfsmanna.

Meirihluti þeirra 77 starfsmanna Systembolaget sem voru ákærðir starfaði sem verslunarstjórar. Þeir eru ákærðir fyrir að þiggja mútur frá áfengisbirgjum fyrir að taka vörur þeirra til sölu í verslunum sínum.

Janne Lehtinen, sem stýrði rannsókninni, sagði að megnið af mútunum hefði verið fólgið í peningagreiðslum inn á launareikninga starfsmanna Systembolaget. Múturnar námu andvirði um tíu milljóna íslenskra króna á tveggja ára tímabili.

Málið kom upp á yfirborðið í janúar 2003 þegar stjórnendur Systembolaget ráku fimm verslunarstjóra og sögðu ástæðuna þá að þeir hefðu þegið mútur frá birgjum sem vildu koma ákveðnum vörum á framfæri. Samkvæmt lögum um áfengissölu er verslunarstjórum stranglega bannað að koma einstökum tegundum á framfæri umfram aðrar.

Norðmenn rannsaka líka meinta mútuþægni starfsmanna norsku áfengiseinkasölunnar, Vinmonopolet. Tíu starfsmenn sæta refsingum án þess þó að sæta ákæru, fyrir að hafa þegið gjafir og ókeypis skemmtanir frá áfengisinnflytjendum. Tveir kunna að missa vinnuna, þrír kunna að sæta stöðulækkun og fjórir fá skriflega viðvörun. Enn á eftir að taka ákvörðun um einn þeirra sem sætti rannsókn.

Forstjóri Vinmonopolet, Knut Grøholt, sætti einnig rannsókn fyrir að hafa þegið utanlandsferðir frá öðrum fyrirtækjum. Rannsóknarmenn komust að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekkert brotið af sér þar sem hann hefði farið í ferðirnar til að byggja upp og viðhalda viðskiptatengslum. Fyrirtækin sem hann þáði ferðir af voru meðal annarra símafyrirtækið Telenor og dótturfyrirtæki þess. ■



ÁFENGISVERSLUN
Mútuþægni starfsmanna sænsku áfengiseinkasölunnar fer nú fyrir dómstóla meðan norskir starfsbræður þeirra sæta agaviðlögum innan fyrirtækisins. Myndin er tekin í verslun ÁTVR og tengist ekki efni fréttarinnar.

Skoðanakönnun:

# Bush nýtur minna fylgis

**BANDARÍKIN, AP** Meira en helmingur Bandaríkjamanna er ósáttur við frammistöðu George W. Bush í embætti Bandaríkjaforseta samkvæmt nýrri skoðanakönnun AP-fréttastofunnar. Mest er óánægjan hjá fólki sem komið er yfir fimmtugt.



GEORGE W. BUSH

54 prósent aðspurðra sögðust ósátt við frammistöðu Bush en 45 sátt. Þeim fjölgar sem telja Bandaríkin á vitlausri braut, fyrir mánuði voru 51 prósent þeirrar skoðunar en nú er sú tala komin upp í 58 prósent.

Eitt af því sem getur skýrt minnkandi ánægju með störf forsetans er mikil umræða að undanförnu um tillögur hans að breytingum á lífeyriskerfinu sem eru mjög umdeildar. ■

Valentínusardagur:

# Skipulagði hópsjálfsmorð

**BANDARÍKIN, AP** Maður á þrítugsaldri var handtekinn eftir að upp komst að hann hafði skipulagt hópsjálfsmorð sem átti að eiga sér stað heima hjá honum á Valentínusardag, 14. febrúar.

Lögregla gerði húsleit heima hjá Gerald Krein í Klamath Falls í Oregon eftir að henni barst ábending um uppátæki hans. Hann mun hafa notað tölvupóst sinn til að reyna að skipuleggja fjöldasjálfsmorð. Hann reyndi að fá 32 einstaklinga í Bandaríkjunum og Kanada til að taka þátt. Þeirra á meðal var kona sem ætlaði að fremja sjálfsmorð og myrða börnin sín tvö um leið. ■


OPIÐ Í DAG 10-14.30

Stór humar

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga 10-14:30


## Veðrið

**Snýst í norðanátt**
Hann snýst í norðanátt í dag og má reikna með hæglætisveðri í fyrstu en svo bætir í vind þegar líður á daginn. Það er stutt í hvassviðrið austur af landinu svo það má reikna með strekkingsvindi eða allhvössum, norðaustanlands. Hitinn verður um og undir frostmarki yfir helgina, svo hlýnar á mánudaginn. Það má reikna með lítilsháttar éljagangi fyrir norðan í dag og snjókornu á morgun. Annars staðar verður tiltölulega bjart. Það hlýnar á mánudaginn.



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Fremur hæg norðlæg átt vestan til en kaldi eða strekkingur eystra.

### Mánudagur




Fremur hæg suðlæg átt í fyrstu og hlýnar þegar líður á daginn. Rigning vestanlands með kvöldinu.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C | sk.m.köflum | Þórshöfn | 6°C | sk.m.köflum | Mallorca | 15°C | sk.m.köflum |
| Osló | 4°C | léttskýjað | London | 13°C | skýjað | Prag | 4°C | skýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | sk.m.köflum | Glasgow | 8°C | léttskýjað | Barcelona | 16°C | sk.m.köflum |
| Helsinki | 1°C | léttskýjað | París | 12°C | rigning | Las Palmas | 20°C | heiðskýrt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

GUSTAVSBERG



13.900
~~27.990~~

Tilboð aðeins um helgina

**Salerni**
P, Lin seta
8074999



119.900
~~157.395~~

e6 TILBOÐ



**Æfingaseta**
Pallur og koppur
5749175
Verð áður 2.995
**1.995**

**Sturtuklefi**
Ido, 90x90 sm 45° framhorn, m/botni, og Oras blöndunartækjum
8070350

e6 TILBOÐ engin greiðsla í 6 mánuði
Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.




1.995
~~2.995~~

**Barnapallur**
Baðpallur og baðfylgihlutataska
5749172
Safety 1st



7.990
~~11.990~~

damixa
**Blöndunartæki**
**Damixa Jupiter** m/lyftitappa
8000095



KLUDI

**Sturtutæki**
**Kludi Objekta**, hitastýrt
8004025
Verð áður 16.695
**12.500**



3.990
~~5.739~~

damixa
**Eldhúsblöndunartæki**
**Damixa Space**
8000850



KLUDI
**Blöndunartæki**
Kludi Mix Eco m/lyftitappa
8004006
Verð áður 19.945
**13.900**



damixa
**Blöndunartæki**
**Damixa**, í sturtu eða bað, hitastýrt
8000590
Verð áður 14.629
**9.990**

# Hreinlætistækjadagar

## allt að 40% afsláttur



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

*Eiga þingmenn að fá að klæðast alþýðlegri fatnaði á þingi?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 60% |
| Nei | 40% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að stytta nám í framhaldsskólum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

112 dagurinn haldinn hátíðlegur í gær:

# Skyndihjálp ætti að vera skyldufag

**VIÐURKENNINGAR** „Ef ég hefði ekki tekið þetta skyndihjálparnámskeið hefði ég að líkindum frosið og ekki orðið að neinu gagni,“ segir Anton Gylfi Pálsson sem hlaut nafnbótina Skyndihjálparmaður ársins við athöfn í Smáralind í gær. Tilefnið var hinn svokallaði 112 dagur þar sem allar þær stofnanir og félög sem koma að neyðarhjálp í landinu kynntu starfsemi sína.

Anton Gylfi hlaut heiðurinn fyrir að hafa ásamt tveimur félögum sínum komið Ásgeiri Sigurðssyni til hjálpar í október síðastliðnum. „Við vorum á leið út í bíl eftir handboltaleik og tókum eftir að ekki var allt með felldu hjá Ásgeiri. Hann var ekki með lífsmarki í bíl sínum og því dró ég hann út og hóf lífgunaraðferðir meðan félagar mínir hringdu í Neyðarlínuna.“

Tókst þeim að koma hjartslætti af stað áður en sjúkrabíll kom aðvífandi og tókst þannig að bjarga lífi Ásgeirs. Anton er því vel að nafnbótinni kominn. Er það mat Antons að allt of fáir Íslendingar kunni skyndihjálp og vill sjá slíkt gert að skyldufagi í grunn- eða menntaskólum á Íslandi.

Rauði krossinn veitti fleiri viðurkenningar fyrir svipuð afrek, en slíkt hefur verið gert árlega síðan árið 2000 og er gert til að minna almenning á þörf þess að kunna undirstöðuatriði í skyndihjálp þegar eitthvað bjátar á. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ÞAKKAR LÍFGJÖFINA**
Ásgeir Sigurðsson, til vinstri, á líf sitt að launa skyndihjálparkunnáttu Antons Gylfa Pálssonar, til hægri, sem hlaut sæmdarheitið Skyndihjálparmaður ársins fyrir vikið.



**HÚSIÐ ER Á EINNI HÆÐ OG TEIKNAÐ AF ARKÍS**
Malarvinnslan reiknar með að byggja húsið á sex til níu mánuðum.

Fljótsdalshérað:

## Nýtt verslunarhúsnæði

**ÞENSLA** Malarvinnslan á Egilsstöðum áformar að reisa tæplega 1000 fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæði við gatnamót Seyðisfjarðar- og Norðfjarðarvegar. Sigurþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Malarvinnslunnar, segir að byrjað sé á jarðvinnunni en óákveðið hvenær byggingin verði tilbúin. „Við byrjum ekki að byggja sjálft húsið fyrr en við höfum selt það en nú þegar hafa fjórir eða fimm aðilar sýnt húsnæðinu áhuga,“ segir Sigurþór. **- kk**

### HORNAFJÖRÐUR

**NÝTT BJÖRGUNARSKIP** Nýtt björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar er væntanlegt til Hornafjarðar í vor. Skipið er af ARUN-gerð, smíðað 1985 en endurbyggt 2002. Tvær 485 hestafla aðalvélar eru í skipinu og ganghraði þess er 17 sjómílur en sex manns verða í áhöfn. Kostnaður við skipið og búnaðinn um borð er um 20 milljónir króna.

# Bótagreiðslur margfaldast

**Bætur sem sjúklingar hafa fengið hjá Tryggingastofnun eftir læknismeðferð hafa hækkað úr tugum þúsunda í tugi milljóna á síðustu fjórum árum. Samtals hafa umsóknir frá 77 einstaklingum verið samþykktar á þessum tíma.**

**TRYGGINGAMÁL** Um 55 prósent bótamála sjúklingatrygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins falla undir lagaákvæði um að „ekki hafi verið staðið eins vel að læknismeðferð og unnt var“, eins og Una Björk Ómarsdóttir orðar það á vef TR. Af þeim málum sem samþykkt voru bótaskyld samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu 2001 – 2004 féllu 42 undir ofangreindan flokk en 35 undir að „um væri að ræða fylgikvilla meðferðar sem ekki hefði verið hægt að komast hjá“. Flest málanna vörðuðu bæklunarskurðlækningar, skurðlækningar og kvensjúkdóma og fæðingarhjálp.

Þetta kemur meðal annars fram í ársskýrslu TR 2001–2004 um sjúklingatryggingar.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir sagði vegna fjölda bótamála eftir læknismeðferð að þessi mál væri ekki hægt að flokka á einu bretti undir læknamistök þar sem grunur léki á stórkostlegri vanrækslu heilbrigðisstarfsmanns í starfi og jafnvel málshöfðun. Þarna væri spurningin um bætur vegna þess að meðferð hefði eftir á að hyggja getað verið öðruvísi og hugsanlegt að hlutirnir hefðu komið betur út. Í einstökum tilvikum gætu einstaklingar leitað bæði til TR og landlæknisembættisins með mál sín, en það væri ekki algilt.

Lög um sjúklingatryggingu tóku gildi 1. janúar 2001 og samkvæmt þeim eru þeir sjúklingar tryggðir sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Alls bárust Tryggingastofnun 84 umsóknir árið 2004 og voru 45 þeirra samþykktar, en 39 synjað. Heildarbótagreiðslur námu ríflega 37 milljónum króna.

Tryggingastofnun gagnrýnir að hámark bóta sé ekki hærra en raun ber vitni, en það er tæpar 5,7 milljónir króna. Þetta þýði að þeir sem verði fyrir miklu tjóni fái það ekki bætt að fullu, en hinir sem verði fyrir minna tjóni fái það að fullu bætt. **jss@frettabladid.is**



**SKIPTING MÁLA**
Flest bótamálanna vörðuðu bæklunarskurðlækningar, skurðlækningar og kvensjúkdóma og fæðingarhjálp. Myndin er úr safni.

**FJÖLDI UMSÓKNA**

| | |
|---|---|
| 2001 | 22 |
| 2002 | 44 |
| 2003 | 49 |
| 2004 | 84 |

**HEILDARBÓTAGREIÐSLUR**

| | |
|---|---|
| 2001 | 76.268 |
| 2002 | 1.507.056 |
| 2003 | 11.596.014 |
| 2004 | 37.634.679 |

**SKIPTING BÓTASKYLDRA MÁLA 2001–2004**

| | | |
|---|---|---|
| Bæklunarskurðlækningar | 22 | 29% |
| Skurðlækningar | 14 | 18% |
| Kvensjúkdómar og fæðingarhjálp | 11 | 14% |
| Bráðalæknisfræði | 8 | 0% |
| Heimilislækningar | 5 | 6% |
| Lyflækningar | 4 | 5% |
| Taugaskurðlækningar | 3 | 4% |
| Annað | 10 | 13% |
| **Samtals** | **77** | **100%** |



**MÝVATNSSVEIT AÐ VETRARLAGI**
Myndin á að gerast í Alaska og fannhvítar snæbreiður í nágrenni Mývatns skapa réttu stemninguna.

Spennumynd tekin upp við Mývatn:

## Styrkir ferðaþjónustuna

**KVIKMYNDAGERÐ** Um 60 manna hópur á vegum kvikmyndafélagsins Zik Zak verður við kvikmyndatökur í Mývatnssveit í mars. Allar útitökur í tengslum við nýja íslensk-bandaríska spennumynd, Last Winter, verða teknar við Mývatn en innitökur fara fram í Hafnarfirði. Yngvi Ragnar Kristjánsson, hótelstjóri á Sel hóteli, segir að þetta sé umfangsmesta kvikmyndaverkefnið í Mývatnssveit til þessa.

Leikararnir í kvikmyndinni verða erlendir en annað starfsfólk við myndina verður íslenskt. Í næstu viku kemur undirbúningshópur til Mývatns til að byggja viðamikla sviðsmynd en myndin á að gerast á olíuborsvæði í Alaska.

„Þetta er mjög góð búbót fyrir ferðaþjónustuna í Mývatnssveit, einkum á þessum árstíma, auk þess sem einhverjir Mývetningar munu fá tímabundna vinnu við verkefnið. Ef allt gengur að óskum munu kvikmyndatökurnar taka um þrjár vikur en fyrst er vinna við undirbúning og að lokum frágang. Í heildina gæti þetta tekið um tvo mánuði,“ segir Yngvi Ragnar. **- kk**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**SINUELDUR Í FEBRÚAR** Það telst til tíðinda þegar sina er brennd snemma febrúarmánuðar. Það gerðist þó í Neskaupstað, en lögreglan þar var kölluð til vegna sinubruna í gær. Haft var samband við slökkviliðið, en lögreglumönnunum tókst sjálfum að slökkva eldinn.

**GESTKVÆMT Á 112 DAGINN** 112 dagurinn var í gær og voru því lögreglustöðvar víða um land opnar gestum. Talsmenn lögreglunnar á Ísafirði, Húsavík, Blönduósi og Vestmannaeyjum voru meðal þeirra sem sögðu að töluvert af fólki hefði komið í heimsókn og sýnt starfi lögreglunnar mikinn áhuga.

**HUNDAR FUNDUST** Tveir hundar voru í gær í óskilum hjá lögreglunni á Egilsstöðum. Taldi lögreglan þó að hundarnir yrðu þar ekki lengi og eigendur myndu brátt finnast.

**RÉTTINDALAUSIR Á SNJÓSLEÐA** Tveir sextán ára piltar voru teknir á snjósleða innanbæjar á Ísafirði á fimmtudag. Báðir sleðarnir voru óskráðir. Piltarnir hafa engin réttindi þar sem bílpróf þarf til að stýra snjósleða. Lögreglan ætlar að ræða við foreldra drengjanna, því þeir brutu þrenn lög. Bannað er að aka réttindalaus, á óskráðu ökutæki og innanbæjar á snjósleða.



# Afnemum VSK
# af öllum snyrtivörum



# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

## Á fríhafnardögum afnemum við VSK. af snyrtivörumerkjum.

**Dagana 10.-13. febrúar eru fríhafnardagar í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer **800 6680**
sími **568 2255**
HAGKAUPA

Þúsundir flykktust á opnun húsgagnaverslunar:

# Sex á sjúkrahús eftir opnun IKEA

**BRETLAND, AP** Sex voru fluttir á sjúkrahús vegna meiðsla sem þeir hlutu við opnun nýrrar IKEA-verslunar í London. Þeir voru þó ekki þeir einu sem slösuðust við opnunina því alls slösuðust 22 í troðningi þrátt fyrir að ekki þyrfti að senda alla á sjúkrahús.

Stjórnendur verslunarinnar ætluðu að hafa opið í sólarhring en sáu sitt óvænna og lokuðu eftir aðeins 41 mínútu. Ástæðan var mikill troðningur sem fylgdi þeim 6.000 viðskiptavinum sem þyrptust á staðinn, en það voru mun fleiri en búist var við.

Búið var að auglýsa margvísleg tilboð til að freista væntanlegra viðskiptavina. Meðal annars gátu heppnir viðskiptavinir tryggt sér leðursófa fyrir andvirði 5.400 króna. Það kom stjórnendum IKEA hins vegar mjög á óvart að 6.000 viðskiptavinir mættu á staðinn þegar búðin var opnuð á miðnætti og sögðu þeir í kjölfarið að þeir hefðu farið öðruvísi að hefðu þeir búist við slíkri aðsókn. ■




**IKEA Á ÍSLANDI**
Aldrei hefur troðningurinn í Holtagörðum verið álíka og var í Bretlandi í fyrrinótt.

# Ræninginn ber við spilaskuldum

**Þriggja barna faðir framdi fjögur vopnuð rán og gerði tilraun til þess fimmta nú í vikunni. Hann segist hafa framið ránin til að greiða spilaskuldir. Maðurinn var handtekinn fyrir utan verslunarmiðstöð og ekki ólíklegt að enn eitt ránið hafi verið í undirbúningi.**

**RÁN** Ræninginn sem framið hefur fjögur vopnuð rán og gert eina ránstilraun í vikunni er einnig grunaður um innbrot í matvöruverslun í Grafarholti fyrir skemmstu. Maðurinn játaði ránstilraunina og þrjú ránanna strax en var tregari til að játa rán í verslun sem hann hafði áður starfað í og er í hans heimahverfi.

> **„Hann fletti frá jakkanum til að sýna vopnið og sagðist ekki ætla að meiða neinn.**

Ræninginn hefur verið úrskurðaður í einnar viku gæsluvarðhald en ástæða þykir að ætla að hann muni halda brotunum áfram. Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir ljóst að maðurinn hafi framið þau rán sem hann er sakaður um. Ekki sé talið að vitorðsmaður sé með í spilinu að sögn Ómars. Við ránin notaði maðurinn hamar, hníf og loftriffil.

Ræninginn er þriggja barna faðir og hefur lítið sem ekkert komið áður við sögu lögreglu. Sjálfur segir maðurinn spilaskuldir hafi knúið hann til ránanna. Upptökur úr eftirlistmyndavélar flestra verslananna í Mjódd voru skoðaðar eftir að ræninginn framdi rán í Leikbæ í von um að vísbendingar fyndust. Í framhaldinu var talið að ræninginn keyrði um á rauðum bíl. Skömmu síðar sáu eftirtektarsamir lögreglumenn gamlan rauðan bíl bakka í bílastæði við verslunarmiðstöðina Austurver í Reykjavík. Talið er líklegt að þar hafi ræninginn verið á leið í enn eitt ránið. Lögreglumennirnir athuguðu með ökumanninn og bílinn, í bílnum var lambhúshetta, hnífur og loftriffill sem leiddi til handtöku mannsins. Rétt fyrir miðnætti á fimmtudagskvöld var svo gerð húsleit heima hjá manninum. Við leitina fannst hamar sem grunur leikur á að maðurinn hafi notað í einu ránanna. Eins er hugsanlegt að hamarinn hafi verið notaður til að brjóta rúðu í innbrotinu sem maðurinn er grunaður um.

Í tveimur ránanna svo vitað sé hafði ræninginn eggvopn undir jakkanum, fletti frá jakkanum til að sýna vopnið og sagðist ekki ætla að meiða neinn.

hrs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LOFTRIFFILLINN, HNÍFURINN OG GRÍMA MANNSINS**
Ræninginn starfaði um skeið í einni versluninni sem hann rændi.

Heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál á Alþingi:

# Horfið frá byggingu stórra geðsjúkrahúsa

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það þarf að endurskoða hlutverk geðheilbrigðisstofnana, hverfa frá uppbyggingu stórra geðsjúkrahúsa og gera þjónustuna notendavænni.“

Þetta sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra í umræðum um geðheilbrigðismál á Alþingi á fimmtudag.

Hann vísaði í þessu sambandi til nýrra áherslna í geðheilbrigðismálum sem fram hefðu komið á fyrstu evrópsku ráðherraráðstefnunni um geðheilbrigðismál sem haldin var í Helsinki í janúar. Sagði ráðherra að þar hefðu evrópskir ráðherrar reist vegvísi, sérstaka samþykkt og aðgerðaáætlun, sem ætti eftir að hafa áhrif á geðheilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

„Grunntónninn í hvoru tveggja má segja að sé að hverfa frá því að byggja upp stór geðsjúkrahús og flytja þjónustuna nær þeim sem hún á að þjóna,“ sagði hann. „Jafnframt að auka þátt eða vægi notenda og aðstandenda í meðferð og stefnumótun og taka tillit til og auka vægi geðheilbrigðissjónarmiða við lagasetningu sem tekur til vinnuverndar og almennrar stefnumótunar í heilbrigðisþjónustunni.“

Ráðherra undirstrikaði að efla þyrfti samstarfið við fulltrúa notendafélaganna og kvaðst myndu stefna að því.

-jss




**ENDURSKOÐUN**
Heilbrigðisráðherra vill endurskoða hlutverk heilbrigðisstofnana.

Bækur mánaðarins

Horfðu til himins - sjáðu allar stjörnurnar

Einstök handbók fyrir þá sem hafa unun af því að horfa til himins á vetrarkvöldum. Með myndum og kortum og greinargóðum upplýsingum er kennt hvernig best er að standa að stjörnuskoðun hérlendis. Bók fyrir alla fjölskylduna.




Fyrsta bókin um íslenska stjörnuhimininn

Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

- 53 stjörnumerki sjást frá Íslandi
- Allt um stjörnuskoðun
- Örnefnakort af tunglinu
- Mikill fjöldi mynda og stjörnukorta

Stjörnuskífa fylgir með!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Guðrún heillar lesendur upp úr skónum

„Yndislegar "öðruvísi" bækur ... vel skrifaðar. Þær eru fyndnar, sorglegar, hjartnæmar.“
*Hrund Ólafsdóttir, Mbl.*






Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

Öðruvísi dagar:
„Spaugileg og fyndin saga ... hlý bók; frá henni stafar góðmennsku og velvild.“
*Katrín Jakobsdóttir, DV*

„Við sögulok eru persónurnar og lesandinn umburðarlyndari og ánægðari með lífið og tilveruna enda dregið lærdóm af því sem fyrir ber.“
*Kristín Ólafs, Mbl.*

Öðruvísi fjölskylda:
„Frásögnin er bæði þétt og lifandi og skemmtileg ... mættum við fá meira að heyra.“
*Kristín Viðarsdóttir, bokmenntir.is*

„Enn einu sinni hefur Guðrúnu tekist að heilla lesendur upp úr skónum.“
*Elísabet Brekkan, DV*




Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

edda.is

Mál og menning VAKA-HELGAFELL



# STÓRA VEISLUSÝNINGIN

## 12. febrúar – 31. mars 2005

Er veisla framundan?
- Ferming?
- Brúðkaup?
- Stórafmæli?
- Skírn?
- Útskrift?
- Matarboð?

**VIÐ VILJUM AÐSTOÐA ÞIG VIÐ UNDIRBÚNINGINN OG BJÓÐUM ÞÉR AÐ SKOÐA HUGMYNDIR OG FÁ LEIÐBEININGAR.**

# Helgina 12. og 13. febrúar verður sérstök FERMINGARSÝNING:



Í boði er:

- Kynning á fermingarfatnaði fyrir stelpur og stráka.
- TÍSKUSÝNING FRÁ COSMO.
- Úrval uppsettra veisluborða.
- Gífurlegt úrval af föndurefni til borðskreytinga.
- Fjölbreytt föndurefni til kortagerðar, albúmagerðar, skreytinga á kerti o.fl.
- STANSLAUS SÝNIKENNSLA frá kl. 14.00 – 17.00 laugardag og sunnudag.
- Sálmabækur, gestabækur, kort, hanskar, áletrunarþjónusta.
- Kynningar frá fyrirtækjum sem bjóða vörur og þjónustu fyrir ferminguna.

COSMO
KRINGLAN • SMÁRINN

Kristall Postulín

SVIPMYNDIR
Ljósmyndastofa
S: 552-2690

**20 %**
KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Á FÖNDURLOFTINU UM HELGINA!

GARÐHEIMAR

LUKKULEIKUR FERMINGARBARNSINS!

Stekkjarbakka 4-6 - 109 Reykjavík - Sími 540 3300 - Fax 540 3301 - gardheimar@gardheimar.is - www.gardheimar.is




Kosningar til stúdentaráðs:

# Háskólalistinn í oddastöðu

**HÁSKÓLI** Háskólalistinn komst í oddastöðu í stúdentaráði Háskóla Íslands í kosningum á fimmtudag. Vaka, sem fyrir kosningarnar var með meirihluta í stúdentaráði, tapaði einum manni og fékk fjóra kjörna. Röskva bætti hins vegar við sig manni og fékk því einnig fjóra menn kjörna og Háskólalistinn hélt sínum manni og komst því í oddastöðu. Alþýðulistinn fékk engan mann kjörinn en hafði hugsanlega úrslitaáhrif í kosningunum. Framboðið fékk hundrað atkvæði og tók ef til vill fylgi frá Vöku sem vantaði um 25 atkvæði til að koma fimmta manninum inn.

Háskólalistinn hefur boðað að hann hyggst ekki mynda meirihlutastjórn með Vöku eða Röskvu. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að okkur finnst fáránlegt að hagsmunasamtök eins og stúdentaráði sé skipt í meirihluta og minnihluta,“ segir Elías Jón Guðjónsson talsmaður listans. Elías segir að nú hafi myndast færi til að draga úr flokkadráttum á milli fylkinga og mynda almennilega samstöðu innan stúdendaráðs.

- bs

| | Atkvæði | Hlutfall |
|---|---|---|
| Vaka: | 1542 | 46,6% |
| Röskva: | 1253 | 37,9% |
| Háskólalistinn: | 414 | 12,5% |
| Alþýðulistinn: | 100 | 3,0% |

Kjörsókn var 37,6 prósent. Auðir og ógildir seðlar voru ekki gefnir upp.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**
Hugsanlegt er að „grínframboð“ Alþýðulistans hafi haft úrslitaáhrif.

# Fangelsismálapakki fyrir 1,5-2 milljarða

**Vonir standa til að hægt verði að byggja eitt fangelsi og endurbæta stórlega þrjú til viðbótar fyrir 1,5-2 milljarða, að sögn forstjóra Fangelsismálastofnunar. Það er sama fjárhæð og upprunalega var gert ráð fyrir að bygging Hólmsheiðarfangelsis myndi kosta.**

**FANGELSISMÁL** Stefnt er að því að kostnaður við byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði og verulegar endurbætur þriggja annarra fangelsa fari ekki fram úr 1,5-2 milljörðum króna, að sögn Valtýs Sigurðssonar forstjóra Fangelsismálastofnunar.



**VALTÝR SIGURÐSSON**

Unnið er nú af krafti við að útfæra grunnhugmyndir Fangelsismálastofnunar um framtíðarskipan fangelsa hér á landi, að sögn hans. Lokið hefur verið við að gera drög að stækkun fangelsisins á Akureyri og nemur kostnaðaráætlun 150 milljónum króna en þar af er breyting á húsnæði lögreglu upp á um 50 milljónir. Fangelsið verður stækkað um tvo klefa þannig að þar verði tíu klefar en megináhersla lögð á að gera það rekstrarhæft sem fangelsi, að sögn Valtýs, þar sem föngum verði sköpuð aðstaða til vinnu og útbúin aðstaða til heimsókna, sem engin er í dag.

„Fangelsið er hvorki fugl né fiskur,“ sagði Valtýr. „Að mínu mati á að loka því ef það verður ekki gert mannsæmandi.“

Þá er verið að gera frumdrög að stækkun á Kvíabryggju um 5-6 pláss, þannig að þar yrði unnt að vista allt að 20 fanga að sögn Valtýs sem sagði fjölgun á opnum fangelsisplássum forgangsatriði. Kostnaðaráætlun lægi ekki fyrir um það verk, eða við Litla-Hraun og nýja fangelsisbyggingu á Hólmsheiði, en stefnt væri að því að frumteikningar og kostnaðaráætlun á „öllum pakkanum“ lægi fyrir mánaðamót. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði gefið grænt ljós á að hefja vinnu við þessa grunnþætti og væri henni nú hraðað eftir megni.

„Samkvæmt fyrri drögum að Hólmsheiðarfangelsinu var reiknað með að það yrði venjulegt öryggis- og vinnufangelsi, sem kostaði einn og hálfan milljarð. Ekki var gert ráð fyrir breytingum í fangelsunum á Akureyri, Kvíabryggju eða Litla-Hraun í því dæmi. Þá var gert ráð fyrir að fangelsið í Kópavogi yrði starfrækt áfram en því viljum við loka. Ég er að vona að allur pakkinn kosti ekki meira en einn og hálfan til tvo milljarða, en þá er reiknað með verulegri uppbyggingu á Litla-Hrauni.“

Valtýr sagði að núverandi hugmyndir um nýja fangelsið miðuðu að því að þar yrðu afreitrunar- og meðferðardeild, sjúkradeild og gæsluvarðhaldsdeild. Með því ætti að gera menn hæfa til að fara í meðferð í upphafi afplánunarferilsins og vistast síðan áfram vímuefnalausir. Eins og staðan er í dag eiga fangar kost á að ljúka síðustu sex vikum afplánunar í vímuefnameðferð.

Varðandi afplánun kvenna sagði Valtýr að ráð væri fyrir því gert að hægt væri að vista konur í öllum fjórum fangelsunum, á Litla-Hrauni, Kvíabryggju, Hólmsheiði og Akureyri, og þá á sérstökum deildum.

jss@frettabladid.is




**FANGELSIÐ Á AKUREYRI**
Þannig getur fangelsið á Akureyri litið út eftir miklar endurbætur samkvæmt hugmynd Páls Tómassonar arkitekts hjá Arkitektur.is

Fulltrúar 22 þjóða taka þátt í Þjóðahátíð:

# Hátíð sem brýtur ísinn

**ÞJÓÐAHÁTÍÐ** Fulltrúar 22 þjóða taka þátt í þjóðahátíð sem verður í Perlunni á laugardaginn eftir viku.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir forskrift hátíðarinnar vera frá Vestfjörðum. Hennar helsta hlutverk sé að brjóta ísinn milli fólks af ólíkum uppruna.

„Svona hátíð er táknræn fyrir fólk sem er að byrja að fræðast um fjölmenningarlegt samfélag. Oft er auðvelt að byrja á hinu augljósa, það er þeim þáttum sem fólk skynjar, eins og að bragða á matnum, sjá myndir, heyra tónlist og hitta fólkið,“ segir Einar. Hátt í tíu þúsund gestir voru á hátíðinni í fyrra en Einar segir að hún verði enn veglegri nú með hjálp Íslandsbanka.

Einar segir neikvæða umræðu um innflytjendur í erlendum fréttum hugsanlega hafa komið í veg fyrir að forsvarsmenn fyrirtækja hafi þorað að leggja nafn fyrirtækjanna við málaflokkinn: „Þess vegna erum við mjög ánægðir þegar fyrirtæki tekur á sig rögg og segir að fjölmenning sé hluti af samfélagi þess og það beri ákveðna ábyrgð.“

- gag



**UNDIRBÚNINGUR ÞJÓÐAHÁTÍÐARINNAR**
Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, og Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, undirrita samning um fjárstuðning svo hægt sé að matreiða kræsingar á Þjóðahátíðinni sem verður eftir viku.

# Laugardag til mánudags



# 15
## túlipanar
# 990 kr.

# Útsölulok

**Pottaplöntuútsölunni lýkur um helgina!**



**40-60% afsláttur**



**Ný sending**

**Orkideur**
**999 kr.**

# VALENTÍNUSARHELGI

## Fermingarsýningin
**í fullum gangi**






**Munið**
lukkuleikinn
og heimsenda
afsláttarbréfið.

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27326 2/2005

24 stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GEIR JÓN ÞÓRISSON

# Kenna afgreiðslufólki að bregðast við ránum

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, er ánægður með að tekist hafi að upplýsa vopnuðu ránin sem framin voru í vikunni og þakkar það góðum lögreglumönnum og góðum starfsanda.

Geir Jón segir lögregluna og Verslun og þjónustu ætla í næstu viku að fara af stað með verkefni þar sem afgreiðslufólki verði kennt að bregðast við vopnuðum ránum. Tryggja þurfi öryggi starfsfólksins eins og frekast er unnt. Ekki síður segir hann mikilvægt að afgreiðslufólkið viti hverju þeir eigi að taka eftir í fari ræningjans til að geta aðstoðað lögregluna sem mest við að finna þann seka. Þar skipta hlutir eins og hæð, málfar og andlitsfall miklu máli svo og hvers kyns útlitseinkenni. „Það er litið mjög alvarlegum augum á vopnuðu ránin og passa verður upp á að fólk fari að líta á þau sem sjálfsagðan hlut. Eins og hætt er við þegar eitthvað gerist ítrekað,“ segir Geir Jón. Ræninginn sem framdi fimm rán í verslunum í vikunni hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í eina viku en talið var að hann myndi halda brotastarfsemi sinni áfram gengi hann laus. Geir Jón segir fagnaðarefni að játning hafi fengist í málunum á ekki lengri tíma. Hann segir skipta miklu máli að ræningjarnir náist og skilaboðin um að fólk komist ekki upp með slíka glæpi séu skýr.



## SVONA ERUM VIÐ



**1.315.653 TONN AF MÖL VORU SELD HÉRLENDIS Á SÍÐASTA ÁRI**
Mölin var meðal annars notuð til steinsteypu- og vegagerðar.

*Heimild: Hagstofa Íslands.*



**FÍLAR ERU FAGRIR** Þessir fílahirðar skemmtu sér konunglega við að leika við fílana í Kaziranga-þjóðgarðinum sem er í Assam-ríki á Indlandi en garðurinn er hundrað ára um þessar mundir. Þar eru heimkynni margra fallegra dýra, eins og einhyrnda nashyrningsins.

# Seint fyrnast fornar ástir

**Karl Bretaprins hefur tilkynnt að hann ætli að kvænast unnustu sinni til margra ára, Camillu Parker Bowles, en hún verður þó aldrei drottning. Stór hluti bresku þjóðarinnar er tregur til að fyrirgefa meðferðina á lafði Díönu. Því sigla skötuhjúin milli skers og báru með ráðahagnum.**

Karl og Camilla hafa þekkst lengi en leiðir þeirra lágu saman árið 1970 þegar þau hittust á pólóleik. „Þau urðu ástfangin en hann hafði ekki uppburði í sér til að taka af skarið og því gafst Camilla upp,“ segir Hildur Helga Sigurðardóttir blaðamaður um ástæður þess að ekkert varð úr hjónabandi á sínum tíma. Bakgrunnur Camillu hefur þó eflaust einnig spillt fyrir en hún er ekki af nógu fínum ættum. „Það var alltaf verið að tala um Díönu sem einhverja alþýðustúlku en það er náttúrlega bara vitleysa. Í rauninni var hún af eldri og fínni kóngaættum en Karl sjálfur,“ bætir Hildur Helga við.

Karl gekk í sjóherinn ári síðar og eyddi nokkrum tíma í Ástralíu en Camilla giftist Andrew Parker Bowles. Karl var á þessum tíma umvafinn fögru kvenfólki, eins og til dæmis leikkonunni Jenny Agutter. Þrátt fyrir það telja menn að Camilla hafi allt frá fyrstu kynnum verið stóra ástin í lífi hans. Segir sagan þegar Karl hitti Camillu á næturklúbbi nokkrum misserum síðar hafi hann hvíslað í eyra hennar: „Langamma mín var hjákona langalangafa þíns. Hvað finnst þér um það?“



### Tekin til undaneldis

Þegar Karl gekk að eiga Díönu Spencer bjuggust menn við að hamingjusöm ævi biði hjónanna. Annað kom á daginn. Strax í brúðkaupsferðinni uppgötvaði Díana að Karl hafði engin áform um að hætta að hitta Camillu og þegar hún gekk á mann sinn vegna þessa á hann að hafa svarað með þjósti. „Ég neita að verða fyrsti prinsinn af Wales sem á ekki hjákonu.“ Hildur Helga segir að áður fyrr hafi það ekki þótt tiltökumál að hjákonur væru við hirðina. „Díana er hins vegar af þeirri kynslóð sem telur sig eiga rétt á persónulegri hamingju í hjónabandi, hún vill eiga sinn mann og trúir á ástina.“

Díana var allt sitt hjónaband afar óhamingjusöm og til að bæta gráu ofan á svart naut hún lítillar samúðar við hirðina. „Þau fóru mjög illa með Díönu. Hún var bara tekin til undaneldis og eina manneskjan sem gerði sér ekki grein fyrir því var hún sjálf,“ segir Hildur Helga. Framhaldið þekkja allir, hjónakornin skildu og árið 1997 fórst Díana í bílslysi.

Á meðan ól Camilla manni sínum tvö börn en heimilislífið virðist þó ekki hafa verið ýkja hamingjusamt, Camilla og Andrew skildu árið 1995 vegna sambands hennar við krónprinsinn og síðar varð kókaínneysla sonar þeirra gulu pressunni að umfjöllunarefni.

### Ekki allir á eitt sáttir

Karl og Camilla hafa verið opinbert par síðan árið 1999 en nú hafa þau loksins ákveðið að láta pússa sig saman 8. apríl næstkomandi. Athöfnin verður borgaraleg en að henni lokinni fá þau blessun kirkjunnar. Þjóðhöfðingi Bretlands er verndari ensku biskupakirkjunnar og því þykir óviðeigandi að hann búi í óvígðri sambúð.

Þorri breskra ráðamanna fagnar ákvörðuninni og fjölskylda prinsins sömuleiðis. Breska dagblaðið Daily Telegraph birti í gær skoðanakönnun um ráðahaginn og samkvæmt henni virðast tveir þriðju hlutar þjóðarinnar vera hlynntir ákvörðun parsins. Hins vegar telja aðeins 40 prósent almennings að Camilla eigi að fá titilinn „eiginkona konungs“, 47 prósent segja að hún eigi engan titil að fá en sjö prósent vilja að hún verði drottning. Helst vill meirihluti þjóðarinnar að veldissprotinn gangi beint til Vilhjálms sonar Karls. Þannig er augljóst að þorri fólks hefur ekki fyrirgefið Camillu fyrir að splundra hjónabandi Karls og Díönu. Sökin virðist því alltaf konunnar.

sveinng@frettabladid.is

Camilla Parker-Bowles

## *Veiðimaður af Guðs náð*

**Fæðing og uppvöxtur:** Camilla Shand fæddist 17. júlí 1947 í Lundúnum en ólst upp í Sussex. Hún gekk í virta kvennaskóla í Sviss og Frakklandi en vann síðar við skrifstofustörf.

**Fjölskylduhagir:** Árið 1973 giftist hún Andrew Parker-Bowles liðsforingja og varð þeim tveggja barna auðið. Tómas fæddist 1974 en Lára 1979. Camilla og Andrew skildu árið 1995.

**Áhugamál:** Camilla er sögð mikil áhugamanneskja um veiðar og hestamennsku.

**Skapgerð:** Í fjölmiðlum kemur Camilla ekki fyrir sjónir sem sérlega heillandi kona en vinir hennar segja hana jarðbundna en skemmtilega konu. Hún sætti lengi vel gagnrýni fyrir klæðaburð en á síðustu árum hefur stílisti komið henni til hjálpar.



**KARL OG CAMILLA** Veisla var haldin þeim til heiðurs í gær í Windsor-kastala.


Dekur fyrir Valentínusardaginn

Gjafasett sem inniheldur BLUE LAGOON algae nutrition nuddolíu og spa kerti.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Nuddolían róar hugann og nærir líkamann en hún inniheldur BLUE LAGOON þörunga og appelsínu- og Ylang Ylang ilmkjarnaolíur. Olíuna má nudda eða bera létt á líkamann. Spa kertið veitir rétta ilminn og stemninguna.

Verð 2.590 kr.

Boðskort í Bláa Lónið – heilsulind fylgir með

Gjafasettið er fáanlegt í verslunum Bláa Lónsins í heilsulind, að Aðalstræti 2 í Reykjavík, í netverslun, Lyf og heilsu Kringlunni og Austurstræti og í Lyfju Laugarvegi og Smáralind.

BLUE LAGOON ICELAND

www.bluelagoon.is • bluelagoon@bluelagoon.is • 420 8800

# Á Grunnnetið að tryggja samkeppni eða einokun?

Stjórnvöld hafa ákveðið að selja Landssíma Íslands á næstunni. Það er ánægjuefni. Vandinn er annar: Sjálf þjóðbraut fjarskipta, Grunnnetið, fylgir með í sama pakka.

Nýr eigandi mun eignast markaðsráðandi fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði. Þetta sama fyrirtæki mun jafnframt stýra aðgangi keppinauta sinna að Grunnnetinu.

**Hvers vegna er það varhugavert?**

1. Fyrirtækið getur tafið umsóknir keppinauta sinna um aðgang að Grunnnetinu
2. Fyrirtækið getur verðlagt keppinauta sína út af markaðnum
3. Fyrirtækið fær óeðlilegar upplýsingar um markaðsáform keppinauta sinna

Þessi staða heftir samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði.
Við teljum að það henti ekki hagsmunum neytenda!

*Við hvetjum Íslendinga til að kynna sér málið.*







og vodafone

**Tryggjum frjálsa samkeppni í fjarskiptum á Íslandi**


Himinn og haf / SÍA – 9040698
UMFERÐARSTOFA


UMFERÐIN
SNÝST UM
LÍF!

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Málefni innflytjenda brenna heitt á Evrópuþjóðum um þessar mundir.

## Íslenskan er lykillinn

Sem betur fer hafa Íslendingar ekki þurft að glíma við álíka innflytjendavanda og margar aðrar Evrópuþjóðir. Íslenskt samfélag er fámennt og var lengi vel svo lokað og samankrumpað að það var alls ekki heiglum hent að setjast hér að. Skýringin á því að við vildum ekki fá hingað ókunnugt fólk var í orði kveðnu fámennið; það þurfti svo fáa útlendinga til að setja mark sitt á þjóðina var viðkvæðið. Staðreyndin var auðvitað sú að sjálfsmynd okkar sem þjóðar var þar til fyrir skömmu svo ofurviðkvæm að við þoldum ekki tilhugsunina um blöndun við aðra, enda stutt frá því að við öðluðumst sjálfstæði og hófum að horfa framan í heiminn á eigin forsendum.

Þótt Íslendingar séu orðnir öllu upplitsdjarfari en áður ríkja hér enn strangar reglur um ríkisborgararétt og dvalarleyfi fyrir útlendinga og ýmsar nýjar hindranir verið teknar upp í þeim efnum í tíð Björns Bjarnasonar í dómsmálaráðuneytinu. Björn hefur mátt þola harða gagnrýni fyrir sinn þátt í að koma á strangari innflytjendalögum en þegar við lítum í kringum okkur má sjá sambærilega þróun um alla Evrópu, nema þar er verið að reyna að vinda ofan af vandamálum sem hafa ekki fengið að hlaðast upp hér.

Í þingkosningunum sem fóru fram í Danmörku í vikunni endurnýjaði ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen umboð sitt til næstu fjögurra ára. Meðal þess sem er hægt að lesa út úr úrslitum kosninganna er ánægja meðal danskra kjósenda með harða stefnu stjórnar Anders Fogh í málefnum innflytjenda. Í Bretlandi verður að öllum líkindum kosið til þings í vor og þar bendir allt til þess að meðal helstu kosningamála verði innflytjendur og hollenska stjórnin vill skylda alla sem hafa áhuga á að setjast að þar í landi til að standast próf um hollenska menningu og ekki síður í hollenskri tungu.

Og þar eru við komin að ákveðnu lykilatriði í allri umræðu um innflytjendur, það er kunnátta þeirra í tungumáli nýja landsins. Rannsóknir í Bretlandi hafa sýnt fram á að þeir innflytjendur sem tala góða ensku geta að meðaltali hækkað tekjur sínar um 17 prósent. Sem er mjög gott og vel út af fyrir sig, en góð kunnátta í tungu nýja landsins er ekki síður geysilega mikilvægur arfur frá foreldrunum til barna sinna. Það er sama hvort staða innflytjenda er skoðuð fyrir austan haf eða vestan, ef foreldrar geta ekki vegna tungumálaerfiðleika aðstoðað börn sín við nám í nýja landinu flosna þau upp úr skólum og þá bíður þeirra fátt annað en lægst launuðu störfin á vinnumarkaðnum.

Hér á Íslandi sjáum við nú þegar innflytjendur í ýmsum störfum sem innfæddir vilja síður taka að sér. Það má hins vegar gera ráð fyrir að þótt foreldrarnir sætti sig ef til vill við þau störf í „fyrirheitna" landinu, eigi börnin sem eru fædd hér sér drauma um meiri frama. Lykillinn að því að þeir draumar geti ræst er að kenna foreldrunum íslensku og það væri svo sannarlega ánægjulegt að sjá yfirvöld ganga fram af krafti í því verkefni í kjölfar þeirra hertu reglna sem þau hafa komið á um dvöl útlendinga hér. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blá-Skjá borgið

Það mega þeir eiga þingmenn Sjálfstæðisflokksins að þeir eru vakandi yfir velferð lands og lýðs. Sjái þeir ranglæti einhvers staðar í þjóðfélaginu rísa þeir upp sem órofa fylking og unna sér ekki hvíldar fyrr en réttlætið hefur sigrað. Nýjasta dæmið til marks um þetta er viðbrögð þingflokks sjálfstæðismanna við úrskurði útvarpsréttarnefndar sem heimtar með tilvísun til laga að útsendingum ensku knattspyrnunnar á Skjá einum fylgi íslensk þýðing, tal eða texti. Það kæmi illa við fjárhag stöðvarinnar, sem mun í eigu hins bláfátæka ríkisfyrirtækis Símans, að þurfa að hlíta lögunum. Allir sem einn bera þingmennirnir því fram frumvarp sem hrindir ósvinnu útvarpsréttarnefndar og nemur hina óþægilegu lagagrein úr gildi. Fer fremstur hinn ungi þingskörungur Sigurður Kári Kristjánsson, sem ekkert aumt virðist mega sjá. Framsóknarmenn á þingi vita hvað til síns friðar heyrir þegar riddarar réttlætisins geysast fram og munu áreiðanlega ekki tefja lukkulegan framgang málsins.



### Ekki strax, ekki strax...

Sú ákvörðun stærstu eigenda og stjórnenda Eimskipafélagsins að láta Háskóla Íslands njóta stóraukinna framlaga úr Háskólasjóði félagsins, sem stofnaður var 1964 upp úr þáverandi hlutafjáreign Vestur-Íslendinga, hefur mælst vel fyrir. En athygli hafa vakið ummæli sem stjórnarformaður sjóðsins, Björgólfur Þór Björgólfsson, lét í þessu sambandi falla um viðhorf fyrrverandi stjórnenda og aðaleigenda Eimskips. „Ekki strax, ekki strax. Næstu jól, næstu jól," hafi verið svörin sem þeir hafi gefið þegar háskólamenn óskuðu eftir auknu fé úr sjóðnum. „Núna hafa hins vegar nýir menn tekið við stjórninni og að okkar mati ber okkur skylda til þess að leyfa Háskólanum að njóta ávaxtanna," hefur Morgunblaðið eftir Björgólfi, sem bætir við: „Í gamla daga var þessi sjóður notaður til að tryggja valdahlutföll í hluthafahópi innan Eimskips, en ekki hugsaður til hámörkunar á ávöxtun fyrir Háskólann og því fékk sjóðurinn í raun aldrei notið sín." Skyldi þessu verða látið ósvarað?

gm@frettabladid.is

## Útlagi úr alþjóðasamfélaginu

Condoleezza Rice, hinn nýi utanríkisráðherra George W. Bush, hefur að undanförnu farið eins og farald- ur um löndin, rétt fram sáttarhönd í ríkjum Evrópu og átt fundi með leiðtogum Palestínu, ekki síður en Ísraels. Við yfirheyrslur í Öldungadeild bandaríkjaþings, sem verður að staðfesta tilnefningu forsetans í embætti utanríkisráðherra, hafði hún reyndar komið nokkuð á óvart með því að lýsa yfir að nú væri runninn upp tími diplómatískrar lipurðar og háttvísi í stað herskárrar ágengni. Rice hefur ávallt verið talin í hópi haukanna í föruneyti Bush.

Á heimleið til Washington frétti Rice af yfirlýsingu Norður-Kóreustjórnar um að hún byggi yfir kjarnavopnum og gaf samstundis út tilkynningu um að hin diplómatíska háttvísi mundi ekki ná til Pyongyang. Norður-Kórea yrði einangruð frá alþjóðasamfélaginu sem aldrei fyrr og öllum samningaviðræðum við stjórnina þar samstundis slitið.

Norður-Kórea er leyndardómsfyllsta samfélag í heiminum í dag. Svo langt er gengið í leyndinni að aðaljárnbrautarlína landsins er umlukt veggjum svo háum að einstaka erlendur ferðamaður sem leggur leið sína um landið fær ekki séð út yfir þá á landslagið í kring. Þar viðgengst meiri og grófari kúgun en í nokkru öðru landi í veröldinni. Fyrir hefur komið að heilar fjölskyldur hafa verið drepnar yrði einhverjum það á að „detta í það" og láta ógætileg orð falla um Leiðtogann Kæra.

Þegar önnur kommúnistaríki snerust gegn persónudýrkun á óskeikulum leiðtogum eins og Stalín og Maó hertu Norður-Kóreumenn á leiðtogadýrkuninni hjá sér. Kim Il Sung var Leiðtoginn Mikli, allt, sem til framfara í landinu horfði var honum að þakka, auk þess sem hann fann tíma til að skrifa tugi skrautbundinna bóka um allt milli himins og jarðar. Öll þjóðin féll fram og tilbað hann í einlægri trú, og eins og gjarnan gerist með þá sem trúa, varð trú fólksins því heitari sem Hann lagði á það meiri þjáningar, skort og hungur.

Norður-Kórea er líka fyrsta kommúnistaríkið þar sem æðsta valdið gengur að erfðum. Kim Jong Il varð einvaldur eftir pabba sinn með titlinum Leiðtoginn Kæri, sem upp á síðkastið hefur einnig orðið Mikli. Elsti sonur hans er Kim Jong Nam, menntaður í Sviss og talar ensku, frönsku og rússnesku reiprennandi. Hann hefur gegnt ábyrgðarstörfum í lögreglunni, hernum og Flokknum og er ávarpaður Félagi Hershöfðingi.

### Í DAG
HARÐSTJÓRA STEYPT AF STÓLI?



ÓLAFUR HANNIBALSSON

> Bandaríkin hafa reynt að einangra og inniloka N-Kóreu í áratugi og margir álíta að einmitt það hafi haldið Kimunum við völd svo lengi.

Norður-Kórea er hinn fullkomni útlagi úr alþjóðasamfélaginu. Kóreustríðinu fyrir hálfri öld var aldrei formlega lokið, aðeins samið um vopnahlé, og enn standa herir gráir fyrir járnum hvor sínum megin í vopnahléslínunnar milli Norður- og Suður-Kóreu. Tæknilega séð er Norður-Kórea því enn í stríði við Sameinuðu þjóðirnar, því að í þeirra nafni var Kóreustyrjöldin háð.

Umræður á Vesturlöndum hafa því eðlilega snúist um líkurnar á því að N-Kórea hefji aðra Kóreustyrjöld. Þótt N-Kóreumenn ráði án efa yfir vopnabúnaði sem gæti valdið miklum usla í S-Kóreu og Japan leikur enginn vafi á hinu að í slíkri styrjöld yrði þeirra eigið land lagt gersamlega í rúst. Margir gera sér því vonir um að þeir feðgar séu nægri skynsemi gæddir til þess að vilja forðast slíkt sjálfsmorð.

Bandaríkin hafa reynt að einangra og inniloka N-Kóreu í áratugi og margir álíta að einmitt það hafi haldið Kimunum við völd svo lengi, rétt eins og samskiptabann Bandaríkjanna við Kúbu hafi orðið til að halda stjórn Kastrós á floti hingað til þrátt fyrir efnahagslegar þrengingar. Þeir sem þessa kenningu aðhyllast benda á að viðskipti, fjárfestingar og túrismi hafi smám saman grafið undan veldi Sovétríkjanna. Slík samskipti geti einnig breytt viðhorfi leiðtoganna. Samskipti Bandaríkjamanna við maóistana í Kína á áttunda áratugnum hafi ýtt undir að leiðtogarnir þar hafi getið kommúnismann upp á bátinn, nema sem tæki til viðhalda einræðinu, og haft þannig stórfelldar umbætur í för með sér fyrir kínversku þjóðina. Því sé skásti kosturinn í stöðunni að aflétta viðskiptabanni og smeygja inn í landið erlendum fjárfestum. Kannski gætu S-Kóreumenn tekið að sér hlutverk Taívans gagnvart Kína, því að það er á allra vitorði, að þrátt fyrir opinberan fjandskap þar á milli eru Taívanar meðal stærstu fjárfesta á meginlandi Kína.

Á hinn bóginn eru heitustu stuðningsmenn George W. Bush og Condoleezu Rice, sem telja sér trú um að ekki þurfi að hreyfa nema litið eitt við einræðisherranum og þá muni þjóðfélagsbyggingin öll hrynja og fólkið fagna frelsinu. Því miður er ekkert sem bendir til þess að þessi skoðun sé nokkuð annað en óskhyggja. Evrópskur diplómat sem um árabil dvaldi í Pyongyang telur að 90% þjóðarinnar trúi enn á þá feðga og afgangurinn látist gera það. Kínverskur kommúnisti sem einnig átti langa dvöl í landinu telur viðhorf fólksins lík og í Kína um 1950 þegar langflestir trúðu í einlægni á Maó formann. Kínverjar hafa fyrir löngu séð í gegnum blekkinguna meðan N-Kóreumenn halda dauðahaldi í sína innrætingu. Í algerri einangrun sinni hafa þeir ekki annað haldreipi.

Flest bendir því til að sú diplómatíska háttvísi og lipurð, sem Condoleezza Rice boðaði, ætti einnig að ná til utangarðsríkisins Norður-Kóreu. ■





• Veldu úr mörgum tegundum
• Skrifaðu þína eigin kveðju
• Með þinni ljósmynd

FERMINGARKORT
www.hanspetersen.is
HANS PETERSEN






SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
VÍSIR


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Vaxtalaus verðsprengja

**Akureyringar!**
Munið markað
Hagkaupa Óseyri 1



Ekta leður

**67.200kr afsláttur**
Verð áður 199.188,-

Vaxtalaust 12 mán. tilboð
**10.999**kr á mánuði *
fullt verð 131.988kr

**Barí** leðursófasett 3+1+1



**30.000kr afsláttur**
Verð áður 137.988,-

Vaxtalaust 12 mán. tilboð
**8.999**kr á mánuði *
fullt verð 107.988kr

**London** sófasett 3+1+1 microfiber



**Sérsmíðum eftir þínum þörfum.**
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

Vaxtalaust 12 mán. tilboð
**10.999**kr á mánuði *
fullt verð 131.988kr

**Roma** hornsófi 2 x horn2



Ekta leður

Vaxtalaust 12 mán. tilboð
**13.999**kr á mánuði *
fullt verð 167.988kr

**Ítalskt** leðursófasett 3+1+1



Ekta leður

Vaxtalaust 12 mán. tilboð
**12.499**kr á mánuði *
fullt verð 149.988kr

**Leðursófasett** 3+1+1

Gildir til 14. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.






# Klofnar eða hverfur Framsóknarflokkurinn?

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



**KRISTINN SNÆLAND**
BÍLSTJÓRI

Aðdragandi þess að Alþýðuflokkurinn nánast hvarf í lok Viðreisnar var sennilega sá hvernig Gylfi Þ. Gíslason sveigði flokkinn frá vinstri til hægri undir hæl Sjálfstæðisflokksins. Sem dæmi þá mun Gylfi hafa talað um hæfilegt atvinnuleysi sem hagstjórnartæki.

Verkföll voru svo tíð að mikla undrun vakti meðal sósíaldemókrata í Svíþjóð, sem skildu ekki hvernig slíkt gerðist með þjóð þar sem sósíaldemókratar sætu í stjórn. Þessu svaraði Gylfi afdráttarlaust og að því er virtist án þess að skammast sín á þessa leið í sænska sjónvarpinu í byrjun júní 1971: Þetta er bara þannig að í stað þess að fara í sumarfrí fer íslenskur verkalýður í verkfall. Að lokinni þessari skýringu ráðherrans hlógu viðstaddir og öfunduðu íslendinga af ánægjulegum verkföllum. Þessi ráðherra missti völdin í kosningum sem fram fóru skömmu síðar og nú er Alþýðuflokkurinn horfinn.

Eftir að Halldór Ásgrímsson tók við forystu í Framsóknarflokknum hefur hann stöðugt sveigt stefnu hans lengra til hægri, svo gróflega að flokkurinn er nú hægra megin við hinn hægfara flokk Sjálfstæðisflokkinn og hefur Halldór lagt niður kjörorð eins og Fólkið í fyrirrúmi enda virðast hann og hirð hans starfa fremur eftir kjörorðinu fjármagn og einkaframtak í fyrirrúmi.

Í könnunum um stuðning almennings við ýmis mál kemur í ljós að stefna Halldórs og hirðarinnar, eða ætti jafnvel að segja aðeins stefna Halldórs og vitringanna, á sjaldnast stuðning meirihluta framsóknarmanna. Óánægja framsóknarmanna með forystu Halldórs og vitringanna kemur fram í margskonar skoðanalegum núningi innan flokksins. Sá núningur er að aukast enda fara hraksmánarleg vinnubrögð Halldórs og hirðar hans vaxandi. Halldór hefur lengi ekki þolað nema jábræður og þó svokallaður dauðalisti sé ekki hans verk er uggur í mörgum góðum framsóknarmönnum að Halldór hafi velþóknun á höfundum slíks lista, sé hann þá til.

> **Óánægja framsóknarmanna með forystu Halldórs og vitringanna kemur fram í margskonar skoðanalegum núningi innan flokksins. Sá núningur er að aukast enda fara hraksmánarleg vinnubrögð Halldórs og hirðar hans vaxandi.**

Engum dylst hugur um að harkaleg vinnubrögð þingflokks Framsóknar gagnvart Kristni H. Gunnarssyni hafa ekki verið gerð gegn vilja Halldórs heldur með vilja hans og samþykki. Að setja Siv af var harkaleg aðgerð gagnvart jafnrétti í flokknum. Að taka ákvörðun um stuðning við Bandaríkin um árás á Írak án þess að fá til þess samþykki í þingflokknum og án þess að ræða þá ákvörðun í utanríkismálanefnd og án þess að ræða þessa landráðaákvörðun í ríkisstjórn eru dæmi um gróflega vanhæfni Halldórs Ásgrímssonar til að vera leiðtogi Framsóknarflokksins. Fólkið í fyrirrúmi, samvinna og félagshyggja er greinilega það sem Halldór hefur vikið til hliðar.

Hin lokaða klíka sem Halldór hefur safnað um sig er nú að búa sig undir átök á komandi flokksþingi. Framtíð Framsóknarflokksins er nú í húfi. Þeir sem vilja fólkið í fyrirrúmi og aðhyllast samvinnu og félagshyggju verða að safna liði innan flokksins, í flokksfélögunum og kjósa þá sem raunverulega eru framsóknarfólk sem fulltrúa á flokksþingið. Vonandi hafa sem flestir innan Framsóknarflokksins heyrt viðtalið við Steingrím Hermannsson í Silfri Egils á Stöð 2 sl. sunnudag eða viðtalið við hann á Sögu daginn eftir. Þar talaði framsóknarmaður svo að eftir var tekið. Hann talaði annað mál en Halldór og hirð hans. Slíkur forystumaður gæti komið Framsóknarflokknum aftur á réttan kúrs. Slíkan mann er því miður ekki að finna meðal sporgöngumanna Halldórs Ásgrímssonar. Siv, Jónína og Guðni Ágústsson, að ógleymdum Kristni H. Gunnarssyni, eru hugsanleg efni enda vissulega utan hirðar Halldórs. Fyrir framsóknarfólk er rétt að gæta líka að aðför hirðmanna Halldórs að Alfreð Þorsteinssyni.

Sú aðför kemur úr klíku Halldórs og er að mínu mati mikil meðmæli með Alfreð Þorsteinssyni. Af því ætti að vera ljóst að framsóknarfólk, ekki bara á landsvísu heldur líka í Reykjavík verður að bregðast myndarlega við og hafna með öllu valdabrölti Halldórsklíkunnar. Góðir framsóknarmenn, snúum flokknum okkar aftur á veg samvinnu og félagshyggju og setjum fólkið í forgang. ■

# Jarðvinna er yfir 75% kostnaðar

**UMRÆÐAN**
LJÓSLEIÐARAR



**ÞÓR JENS ÞÓRISSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI GAGNASVIÐS SÍMANS

Vel gengur að ljósleiðaravæða Ísland á hagkvæman og skilvirkan hátt. Á tíu árum hefur Síminn lagt ljósleiðara að 40.000 heimilum á höfuðborgarsvæðinu, um helmingi allra heimila á svæðinu. Uppbyggingin á landsbyggðinni hefur einnig gengið vel. Ekkert erlent símafyrirtæki getur tengt stærri hluta markaðarins við ljósleiðara. Samtals eru ljósleiðarar Símans, í stofn- og aðgangsneti, um 4.500 km um land allt og eru umfangsmesta ljósleiðarakerfi landsins.

Jarðvinnan er stærsti kostnaðarliðurinn við ljósleiðaravæðingu heimilanna, yfir 75%. Til hagsbóta fyrir neytendur hefur Síminn dregið verulega úr kostnaði við ljósleiðaravæðinguna með nýtingu skurða sem grafnir eru upp vegna annarra ástæðna. Oftast hefur þetta verið gert í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur. Kostnaðurinn við jarðvinnsluna er greiddur í hlutfall af nýtingu. Síminn hefur greitt hluta jarðvinnunnar og lækkað þar með kostnað annarra sem nýta skurðina.

Síminn hefur lagt áherslu á að nýta þær lagnir sem fyrir eru, enda anna þær vel háhraðasamböndum, interneti, sjónvarpi og útvarpi, svo eitthvað sé nefnt, í ansi mörg ár í viðbót. Tækniþróun undanfarinna ára hefur beinst að því að auka flutningsgetu símalína og jafnframt að þjappa gögnum. Þetta hefur orðið til þess að hægt er að senda sjónvarpsrásir með hefðbundnum símalínum eins og Síminn gerir nú með stafrænt sjónvarp til tíu þéttbýlisstaða á landinu. Sjónvarpsefnið er sent með ljósleiðara í símstöðvar þéttbýlisstaðanna og þaðan með ADSL-tækni til heimilanna með símalínum. Fyrir lok þessa árs munu allt að 92% landsmanna hafa möguleika á að ná stafrænu gagnvirku sjónvarpi um kerfi Símans, með ljósleiðaraheimtaug eða símalínu.

> **Ljóst er að sú aðferð sem Orkuveitan notar við lagningu eigin ljósleiðara verður aldrei jafn hagkvæm og sú samnýting sem Síminn hefur notað með góðum árangri síðasta áratug**

Þessi aðferð er og mun vera notuð af leiðandi fjarskiptafyrirtækjum í Evrópu með góðum árangri. Í nýrri skýrslu, European Broadband Forecast 2004-2010, frá bandaríska ráðgjafafyrirtækinu Forrester Research, er talið að sambærilegar tæknilausnir og Síminn notar muni vera með yfir 80% af háhraðatengingum í Evrópu árið 2010. Einungis er talið að ljósleiðarar muni sinna um 5% tenginganna.

Ljóst er að sú aðferð sem Orkuveitan notar við lagningu eigin ljósleiðara verður aldrei jafn hagkvæm og sú samnýting sem Síminn hefur notað með góðum árangri síðasta áratug auk þess sem núverandi lagnir úreldast ekki í bráð. Þann tíma á að nýta til að leggja ljósleiðara með þeim hagkvæma og markvissa hætti sem notaður hefur verið. Slík ráðdeild sparar neytendum að auki verulegar upphæðir, því þeir borga ávallt framkvæmdirnar þegar upp er staðið.

Það getur heldur aldrei verið hagkvæmt að leggja tvö ljósleiðarakerfi hlið við hlið, þegar neytandinn nýtir aldrei nema annað þeirra. Hverjum mundi detta í hug að leggja tvö hitaveitukerfi hlið við hlið? Það er líka álitamál hvort eðlilegt sé að Orkuveita Reykja-víkur fari út fyrir verksvið sitt og inn á fjarskiptamarkaðinn með þessum hætti. Fyrirtækið hefur einokun á sölu rafmagns og vatns á athafnasvæði sínu og í hæsta máta óeðlilegt að fyrirtækið nýti hagnað sinn á því verndaða sviði til þess að greiða niður framkvæmdir á öðru sviði og óskyldu þar sem hörð samkeppni ríkir.

Samkeppni um hylli viðskiptavina mun ekki snúast um ljósleiðara eða aðrar tæknilegar útfærslur. Það sem skiptir viðskiptavininn máli er að fá örugga, einfalda og hagkvæma þjónustu. Síminn leitar leiða til ná þessum markmiðum viðskiptavinum sínum til hagsbóta. Í því felst að nýta núverandi lagnakerfi eins vel og kostur er, byggja upp á hagkvæman hátt og fjárfesta ekki í nýju lagnakerfi fyrr en nauðsynlegt er. ■

# Gerðu góð kaup!

**Nýlegir bílaleigubílar komnir í sölu - fyrstir koma, fyrstir fá!**

## 2003 árgerð Renault

**Renault Clio 1,2 bsk**
Nýskr. 07.2003, 5 dyra

***Tilboð***
→ **920þ.**
***13.200 á mán*.***
*m.v. 10% innborgun*
***Afsláttur 220 þ.***



**Renault Megane II 1,4 bsk** ★★★★★ EURO NCAP
Nýskr. 07.2003, 5 dyra

***Tilboð***
→ **1.150þ.**
***16.500 á mán*.***
*m.v. 10% innborgun*
***Afsláttur 250 þ.***



**Renault Megane II 1,6 bsk** ★★★★★ EURO NCAP
Nýskr. 07.2003, 5 dyra

***Tilboð***
→ **1.250þ.**
***17.900 á mán*.***
*m.v. 10% innborgun*
***Afsláttur 220 þ.***



RENAULT
www.renault.is

**Allir tilboðsbílar afhentir á nýjum heilsársdekkjum**

Bílasamningur Lýsingar miðað við 10% útborgun og greiðslur í 78 mánuði. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa Bílalands B&L.

**575 1230** www.bilaland.is Opi mán-fös 10-18 og lau 10-16

bílaland B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Almennt er nú ekki mælt með að menn velji B á þessari heimasíðu. En ekkert er án undantekninga.“*

*Einar K. Guðfinnsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, á heimasíðu sinni 10. febrúar.*

*„Enginn hafði átt von á þeirri ósvífni að konur myndu ganga í Freyju svona óforvarendis.“*

*Guðjón Ólafur Jónsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, á Hriflunni 7. febrúar.*

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Úr bakherberginu...*

**Mótsögnin „óánægðir framsóknarmenn“**

Þó svo að öldurnar í Framsóknarflokknum hafi eilítið lægt að undanförnu bera gárurnar á yfirborðinu merki um átökin sem enn eiga sér stað undir niðri. Flokksmenn keppast ýmist við að ausa átrúnaðargoð sín lofi á opinberum vettvangi eða skammast út í þá sem þeim þykir óhlýðnir. **Halldór Lárusson**, varaformaður Framsóknarfélagsins Reykjavík norður, notar tækifærið til að reyna að vinna sér inn nokkur prik hjá formanninum **Halldóri Ásgrímssyni** og útvörðum hans, á Hriflunni, vefsíðu framsóknarfélaganna í Reykjavík. Tilefnið er viðtal sem **Brynhildur Ólafsdóttir**, fréttamaður á Stöð 2, tók við forsætisráðherra um Íraksmálið margumtalaða. Brynhildur tvinnaði í einni spurningu saman tvö orð sem alþjóð veit að eru helber mótsögn og eiga aldrei að standa saman. Þetta eru orðin „óánægja“ og „framsóknarmenn“. Það er ekki skrítið að Halldóri Lárussyni hafi ofboðið.



**Bragðvont mánudagsmeðal**

Mörgum hefur þótt mánudagsmeðal **Guðjóns Ólafs Jónssonar** á Hriflunni heldur bragðvont í þetta skiptið. Hann er að vonum ósáttur við viðbrögð „hattaklíkunnar“, sem hann kallar svo, stjórn Freyjunnar, sem efaðist um ástæður þess að 43 nýjar konur, tengdar bræðrunum **Árna** og **Páli Magnússonum**, gengju í flokkinn og tækju yfir stjórnina. **Una María Óskarsdóttir** fær sérstakar kveðjur frá **Guðjóni Ólafi**. Hann segir hana „rolast“ í „sauðshætti“ sínum og „eigin aulaskap“ enda hafi hún „fátt gert síðustu mánuði annað en að ferðast um landið á Toyota-jeppa og safna nýjum konum í Framsóknarflokkinn“.



**Lof, oflof eða háð**

Skiptar skoðanir eru þó um það hvort skrif **Ara Kaewkong**, varamanns í stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík suður, um „vonarstjörnuna“ **Björn Inga Hrafnsson** hafi verið lof, oflof eða háð. Hann skrifar meðal annars: Það er „hann sem hefur haft besta lagið á því að snúa umræðunni við með hnyttnum tilsvörum, góðum rökum og persónutöfrum. [...] Hann býr yfir mörgum kostum eins og mælsku og heiðarleika [...]. Ég hef auk þess aldrei heyrt nokkurn mann tala illa um hann og virðist hann því vera mjög óumdeildur.“ Tja...

## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR SKRIFAR



# Spunnið með upplýsingar

Stjórnmálaumræðan á Íslandi og Bretlandi virðist haldast nokkuð í hendur um þessar mundir og hafa spunameistarar stjórnmálanna vakið á sér athygli í löndunum tveimur fyrir ólíkar en jafnframt hliðstæðar sakir.

Hér hamast spunameistarar Framsóknarflokksins við að efla ímynd formannsins, Halldórs Ásgrímssonar, í kjölfar opinberrar gagnrýni á hann í tengslum við Íraksmálið. Spunameistarar breska Verkamannaflokksins, með Alaistair Campbell í broddi fylkingar, vinna að því hörðum höndum að efla ímynd flokksins fyrir þingkosningar sem fram fara í Bretlandi í vor.

Spunameistarar beggja landa eiga það hins vegar sameiginlegt að allir keppast þeir við að hafa stjórn á flæði upplýsinga. Í Bretlandi snýst baráttan um að halda sem fastast í þær upplýsingar sem skaðað gætu Verkamannaflokkinn í næstu kosningum en að greiða jafnframt götu þeirra sem vilja grafa upp vafasamar upplýsingar um Íhaldsflokkinn – að því er Íhaldsmenn halda fram.

Á Íslandi snýst baráttan um að halda sem fastast í upplýsingar um aðdraganda ákvörðunar tveggja ráðherra, Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, um pólitískan stuðning við innrásina í Írak.

Ný upplýsingalög voru samþykkt í Bretlandi árið 2000 og tóku gildi um síðustu áramót. Með þeim var Verkamannaflokkurinn að uppfylla eitt stærsta kosningaloforð sitt um opna stjórnunarhætti. Nýju lögin eiga að auðvelda almenningi – og fjölmiðlum – aðgang að upplýsingum í vörslu hins opinbera.

Talsmenn hinna nýju laga í Bretlandi benda á að lögin auki trúverðugleika stjórnvalda með því að koma í veg fyrir pukur og leynd. Með því að veita almenningi sjálfum aðgang að upplýsingum verði erfiðara fyrir yfirvöld að breiða yfir slæma frammistöðu eða að komast upp með að veita misvísandi upplýsingar um það sem fram fer.

Íslenska stjórnarandstaðan hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að gera opinberar upplýsingar er varða Íraksmálið. Rök þeirra eru hin sömu og notuð hafa verið um nýju upplýsingalögin í Bretlandi. Ef stjórnvöld hafa ekkert að fela – hvers vegna er þá þessi feluleikur?






**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON OG INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
Samfylkingarfólk segir að ef karlmaður veljist sem formaður flokksins í næstu kosningum muni kona hreppa varaformannssætið – og öfugt.

# Varaformaður velst af kyni formanns

**Óskrifaðar reglur í Samfylkingunni segja að ef karlmaður verður formaður skal kona gegna varaformannsembætti og öfugt. Allt eins þykir líklegt að varaformaður verði utan þingflokksins og þess heldur einnig utan af landi.**

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin hefur óskrifaðar reglur um kynjaskiptingu í forystuembættum flokksins. Ef Össur Skarphéðinsson verður kjörinn formaður að nýju mun kona verða valin í embætti varaformanns og ef Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nær kjöri mun karlmaður skipa varaformannssætið.

Í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar frá 18. nóvember 2001 kemur fram að stefna eigi að jafnræði milli karla og kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum. Þeirri áskorun var beint til kjördæmisráða og flokksfélaga við skipan á framboðslista vegna þingkosninga að karl og kona taki sæti á víxl. „Sama sjónarmið ríki við skipan í nefndir, stjórnir og ráð,“ segir í ályktuninni. Þegar er sú regla í gildi að aldrei skuli vera minna en 40 prósent af öðru kyni í framkvæmdastjórn flokksins – ekki er þó kveðið þar fast á um að ef formaður er karlmaður skuli kona veljast í varaformannssæti, eða öfugt.

Meðal þeirra sem nefndir hafa verið sem álitlegir kandídatar í varaformannssætið eru þingmennirnir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Kristján Möller og Lúðvík Bergvinsson. Allt eins er þó talið líklegt að varaformaður utan þingflokksins verði valinn. Í þeim flokki hafa verið nefndir sem hugsanlegir arftakar Ingibjargar þau Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Árborg, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, og Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

sda@frettabladid.is

## UMMÆLI Á ALÞINGI



*„Ég er ekkert að kvarta yfir því að það sé álag á mér, ég hef nóg að gera og get gert meira en ég geri.“*

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra á Alþingi 8. febrúar er hann var gagnrýndur fyrir að sjá landbúnaðarnefnd ekki fyrir nægilegum verkefnum.

*„Einhvern tíma var sagt norður í landi að það væri vont að hroðvirkir menn væru jafnframt mjög duglegir því að þá gerðu þeir svo mikið illa.“*



Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, við sama tækifæri.



*„Ég minni á orð núverandi hæstvirts landbúnaðarráðherra sem hann lét falla í tíð fyrirrennara síns, að í landbúnaðarráðuneyti gerðist allt með hraða snigilsins. Ég hélt satt að segja að núverandi hæstvirtur landbúnaðarráðherra teldi ekki lögmál að svo yrði að vera.“*

Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, við sama tækifæri.



*„Í ljósi Íslendingasagna, Snorra-Eddu og samkvæmt öðrum heimildum – ef við rifjum það upp – og að Huginn og Muninn voru hrafnar Óðins, þá kemur mér nokkuð á óvart að háttvirtur þingmaður skuli telja hrafna réttdræpa allt árið um kring.“*

Halldór Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi 7. febrúar í umræðu um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

# 17 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

NÝR OG STÆRRI
JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

4

**Nú er potturinn fjórfaldur!**

**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 17 milljónir króna.**

**Það getur allt gerst.**

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM15118

# ZĔeY · Y `282e _ ĊhSdS







] SXX[T a j 2GBB2yŸÌ 2}¥@2EKB2

## ÈKB

©w¥ 2¹ ¨¥2GKB

F@FKB hWd ÿ2Ċ ÿ gd2F@KJB

eS ` f a e2J2 t ¢~ s>2} s xx} s ¡ ¡ s 2¹ 2zw~ ¨2}¥@2F@FKB22

J@KJB hWd ÿ2Ċ ÿ gd2CB@KJB

U[Tge2¹©s «§s £¥w¦¦s2





KKB hWd ÿ2Ċ ÿ gd2C@DJB

UWk^a `2č¦§w} s ¡ ¡ s 2C>D2~Å§¥{2}¥@2KKB2

CKB hWd ÿ2Ċ ÿ gd2DFB

] SXX[Y^See2 {~{¦§ æ ¥Ā2J«CB>G2u 2}¥@2CKB2
h[ÿ SdTS ] ][2CD«CD2u 2Î¥2©w¡ y{2}¥@2FKB





C@DJB hWd ÿ2Ċ ÿ gd2C@GKB

TdSgÿTa j 2EK2u 2}¥@2C@DJB2

D@FKB hWd ÿ2Ċ ÿ gd2D@KJB

`[eeW `2bs¥ w¦s ¡2t¥w§§{2 wĀ2z ¡Åx2}¥@2D@FKB2

HÚSGAGNAHÖLLIN

# X¥¹ t æ¥2}s¨£2¨ 2zw˷y{¡s

b a d f a 2¦Éx2}˒æ v v ¨¥2¦˒§¦§w¥}¨2z¥¢}}¡¨2u z w¡˜w2¹}˒æ Ã2
x æ ¦§˒2 t ¥Î ¡¡˒2}s}2¢y2¦©s¥§¨¥2

E2¦ æ §s2T2DBB2«2V2JB2«2Z2JB2u 2}¥2GK@KJB2©w¥Ã2¹Ã¨¥2HK@KJB
D2¦ æ §s2T2CHB2«2V2JB2«2Z2JB2u 2}¥2FK@KJB2©w¥Ã2¹Ã¨¥2GK@KJB
22





e w§§{Ā2}w¬£§2¦s s¡2E=D

KK@KJB

©w¥ 2¹ ¨¥2CDK@KHB

EK@KJB hWd ÿ2Č ÿ gd2HK@KJB

d a T g e f S 2z˜s2¦£É¡˒Ì yÃx æ ¦§2z¡¢§¨˒2z¬¡2¢y2
}¥¦¨ t w¥¦s2Z2CIG2«2T2CIG2«2V2FC2u 2}¥2EK@KJB22
X¹ s¡˒w y22x˒w¥2¦§ æ ¥Ã¨ 222



VW] a 2z˜¨¦s ¦§ æ Ãs2Î¥2z¬¡ w˒s Ì¡˒2 wÃ2
}¥É xÉ§¨ ˒2¦}w¡}¨¥2¢y2wx¥2z˜s2¦s s¡
T2CHE2«2V2DK˒GAEK˒G2«2Z2IIAFF2u 2}¥2CK@KJB





CK@KJB

©w¥ 2¹ ¨¥2EF@KJB

eWff[ÿCDK@KJB hWd ÿ2Č ÿ gd2CKK@KJB

Z a g e f a `2¦Éx2}˒æ v v ¨¥2z s¡¦}s |Î}¨2b¨w t˒¢2˒wÃ¥2t ¥Î¡ ¨2wÃs2¦©Ì¥§¨
E2¦ æ §s2T2DCB2«2V2KB2«2Z2FFAJD2u 2D2¦ æ §s2T2CIG2«2V2KB2«2Z2FFAJD2u 2eWff[ÿ2]d2CDK@KJB



**JEAN RENOIR (1994-1979)**
lést þennan dag.

*„Leikstjóri gerir bara eina kvikmynd á ævinni. Hann brýtur hana svo upp í búta og býr hana til aftur.“*

***Joseph Göbbels, áróðursmeistari nasista, bannaði sýningar á kvikmynd Renoirs „Le Grande Illusion“ og taldi hana franskan áróður, en myndin er af mörgum talin hans fyrsta meistaraverk. Mussolini fór svo sömu leið eftir að myndin vann til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Sjálfstæði Litháens viðurkennt*

Snemma í febrúar árið 1991 viðurkenndi Ísland sjálfstæði Litháens. Alþingi ályktaði sem svo að staðfesting ríkisstjórnarinnar frá árinu 1922 á sjálfstæði lýðveldisins Litháens væri í fullu gildi og studdu ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í janúarlok um að verða við ósk lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í Litháen um viðræður um stjórnmálasamband. Ákvörðunin þótti djörf á sviði alþjóðastjórnmála, en til marks um það er að utanríkisráðuneyti Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar ákváðu að láta ákvörðun landsins um að taka upp stjórnmálasamband við Litháen ekki hafa áhrif á utanríkisstefnu þeirra, að sinni.

Síðar á árinu, þann 26. ágúst, stofnaði Ísland svo, fyrst ríkja, formlega til stjórnmálasambands við Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, en ritað var undir yfirlýsingu um sambandið í Höfða í Reykjavík. Við það tilefni sagði Lennart Meri, utanríkisráðherra Eistlands: „Við snúum nú aftur inn í fjölskyldu Evrópuþjóða.“ Í kjölfarið viðurkenndu svo aðrar þjóðir þessi ríki.

Jón Baldvin Hannibalsson, þá utanríkisráðherra þjóðarinnar, var fremstur í flokki stjórnmálamanna á Vesturlöndum við að styðja við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir auknu sjálfstæði frá Sovétríkjunum. Hann heimsótti Eystrasaltslöndin skömmu eftir að sovéski herinn lét þar sverfa til stáls í byrjun árs 1991.



**Í ÁRSBYRJUN 1991** Jón Baldvin leggur blóm á leiði þeirra sem féllu í átökum við Sovéska herinn í Litháen.

## MERKISATBURÐIR

**1818** Chile fær sjálfstæði frá Spáni.

**1912** Kína tekur upp gregorískt dagatal.

**1918** Útgáfa Dags á Akureyri hefst. Fyrstu árin kom hann út tvisvar í mánuði, en var gerður að dagblaði árið 1985.

**1919** Konungsúrskurður um skjaldarmerki Íslands gefinn út.

**1938** Þýskar hersveitir koma til Austurríkis.

**1940** Almenn hegningarlög voru sett og komu í stað laga frá árinu 1869.

**1940** Lög staðfest um friðun Eldeyjar undan Reykjanesi.

**1950** Albert Einstein varar við vetnissprengjunni.

**1967** Keith Richards, Mick Jagger og Marianne Faithfull voru handtekin fyrir eiturlyfjanotkun.

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar og frænku,*

**Svövu Skúladóttur**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,
áður til heimilis að Hátúni 10a, Reykjavík.

**Aðstandendur.**

---

†



*Elskulegur faðir minn, bróðir okkar og afi,*

**Valgeir Gottskálk Magnússon**

andaðist að heimili sínu Hrafnistu, Hafnarfirði, miðvikudaginn 9. febrúar.

**Magnús Skúlason, Guðrún Magnúsdóttir, Hulda Hansen**
**Sigríður Johnsen og barnabörn.**

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Tryggvason**

hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7,
(áður til heimilis að Miklubraut 60)

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. febrúar kl. 15.

**Guðrún Guðmundsdóttir, Þórir Kristmundsson, Björn Tryggvi Guðmundsson, Steinunn Elínborg Guðmundsdóttir, Sveinbjörn Jóhannesson, Kristín Guðmundsdóttir, Gísli Viggósson, Kolbeinn Guðmundsson, Árný Valgerður Ingólfsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

# Afmæli



**Innilegar þakkir til afkomenda minna, frændfólks og vina.**

Gjafir og heillaskeyti í tilefni
90 ára afmælis míns
4. febrúar síðastliðinn.

**Björn Jónsson**
Suðurbraut 2, Hafnarfirði.

---

TÍMAMÓT: HOLTIÐ FERTUGT – HALDIÐ UPP Á TÍMAMÓTIN Í MARS

# Enn með listina í fyrirrúmi

Hótel Holt í Reykjavík á 40 ára afmæli í dag, en það var opnað árið 1965, þá með 36 herbergi og málverk eftir íslenska listamenn í hverju þeirra.

„Það fer nú hægt um afmælið vegna þess hve mikið er að gerast þessa dagana,“ segir Eiríkur Ingi Friðgeirsson, hótelstjóri á Hótel Holti, en um miðja næstu viku byrjar *Food and fun* hátíðin og því mikið um að vera í ferðamannageiranum.

„Í byrjun mars ætlum við hins vegar að halda verulega upp á tímamótin og bjóða hér upp á fræga gamla rétti í nýjum búningi og meira til.“ Eiríkur segir bara einn rétt hafa haldist á matseðlum hótelsins frá upphafi; graflaxinn og á því yrði engin breyting. „Menn komu hingað í gamla daga til að borða ákveðna rétti og grétu í fleiri mánuði þegar þeir voru teknir af seðlinum. Í dag hefur orðið mikil breyting og markaðurinn miklu opnari fyrir nýjungum, en þá fundu menn ákveðið öryggi í því að réttirnir voru alltaf eins. Þá voru menn bara skotheldir og sáttir ef þeir bara pöntuðu sinn rétt.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Á HÓTEL HOLTI** Eiríkur Ingi Friðgeirsson hótelstjóri, Birgir Karl Ólafsson yfirkokkur og Sigmar Örn Ingólfsson veitingastjóri tóku vel á móti ljósmyndara blaðsins, þrátt fyrir annir.

### Listaverkin laða að gesti

Öll herbergi hótelsins voru endurnýjuð árið 1993 og um leið var þeim fækkað í 42. „Það var nú bara út af kröfum okkar gesta. Við þurftum að fjölga stærri herbergjum og svítum,“ segir Eiríkur Ingi. Hann segir sömu áherslu og fyrr lagða á íslenska myndlist á Hótel Holti. Athafnamaðurinn Þorvaldur Guðmundsson og kona hans Ingibjörg Guðmundsdóttir byggðu hótelið, en þau voru ötulir listaverkasafnarar. „Það eru vel yfir 300 verk á hótelinu,“ segir Eiríkur og bætir við að áherslan á myndlistina hafi alla tíð vakið áhuga og athygli gesta, jafnt erlendra sem innlendra. „Við fáum til dæmis heilmikið inn á sumrin af ferðamönnum sem koma eingöngu til að skoða málverkin. Það er greinilega vegna þess að þegar þeir spyrjast fyrir um listasöfn í Reykjavík er Hótel Holt talið með í þeirri upptalningu. Öðruvísi myndu þeir ekki hafa neina vitneskju um að hér innan dyra væri svona mikið safn af málverkum.“

### Eigendaskipti fyrir ári

Hótel Holt hefur alla tíð verið í eigu fjölskyldu Þorvaldar og Ingibjargar. Lengi vel áttu börn þeirra hótelið saman, en fyrir rúmu ári, varð breyting á eignarhaldinu þegar Geirlaug Þorlvaldsdóttir keypti reksturinn af systkinum sínum, Skúla og Katrínu. „Hún á hótelið ein í dag og leigir svo reksturinn okkur Sigmari Ingólfssyni sem var búinn að vinna hér með mér í 10 ár sem þjónn og yfirþjónn,“ segir Eiríkur Ingi, en sjálfur hefur hann um 20 ára starfsreynslu á hótelinu.

Eiríkur segir ýmsa hafa sýnt því áhuga að kaupa hótelið þegar systkinin tvö seldu sinn hlut, þar á meðal erlendar hótelkeðjur, en telur farsælli lendingu hafa verið náð með kaupum Geirlaugar á hótelinu. Hann telur að hætt hefði verið við að hlutir hefðu fengið að drabbast niður með aukinni áherslu á gróða og hagnað hefðu aðrir orðið til að kaupa. Eins hefði líka horfið af hótelinu eitt helsta persónueinkenni þess, listaverkin.

„Hótelið er náttúrlega einna þekktast fyrir listina og okkar fastagestir í gegnum árin eiga sumir sína ákveðnu staði í matsalnum, undir einhverju ákveðnu málverki. Maður fær stundum þannig bókanir og fólk vill þá hafa ákveðna sýn í salnum yfir málverkin.“ ■

## ANDLÁT

**Anna Ástveig Guðmundsdóttir**, dvalarheimilinu Lundi, Hellu, lést laugardaginn 29. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðbjörg R. Bergsveinsdóttir**, Brautarlandi 19, Reykjavík, lést þriðjudaginn 1. febrúar.

**Guðmundur Eysteinn Sigurðsson**, frá Borgarfelli, Norðurgötu 2, Akureyri, lést fimmtudaginn 3. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Halldóra Helgadóttir** lést á Hrafnistu í Reykjavík, mánudaginn 7. febrúar.

**Óli B. Jónsson**, íþróttakennari, lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þriðjudaginn 8. febrúar.

**Alda Kristjánsdóttir**, dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, áður Ægisgötu 4, Akureyri, lést fimmtudaginn 10. febrúar.

**Axel Emil Gunnlaugsson**, frá Ísafirði, lést fimmtudaginn 10. febrúar.

15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is

## JARÐARFARIR

13.00 **Loftur Eiríksson**, bóndi, Steinholti, Gnúpverjahreppi, verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju.

13.30 **Björg Ebenesersdóttir**,frá Harrastöðum, verður jarðsungin frá Kvennabrekkukirkju.

14.00 **Aðalheiður Kristín Jónsdóttir**, Háeyrarvöllum 40, Eyrarbakka, verður jarðsungin frá Eyrarbakkakirkju.

14.00 **Guðmundur Ármann Böðvarsson**, vélstjóri, Vallargötu 14, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju.

14.00 **Ingimar Ingimundarson**, frá Garðstöðum, Garði, Aðalgötu 5, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Kristbjörg Guðmundsdóttir**, Búlandi 8, Djúpavogi, verður jarðsungin frá Djúpavogskirkju.

14.00 **Páll Pálsson**, frá Smiðsgerði, Gilstúni 16, Sauðárkróki, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 **Rakel Steinvör Kristjánsdóttir**, Hléskógum 8, Egilsstöðum, verður jarðsungin frá Egilsstaðakirkju.

14.00 **Verónika Hermannsdóttir**, Svalbarða, Hellissandi, verður jarðsungin frá Ingjaldshólskirkju.

**Blendingsvél**
Framleiðsla á bílum með blendingsvél hefur aukist af umhverfisástæðum. Að bíll sé drifinn af blendingsvél þýðir einfaldlega að hann sé drifinn af fleiri en einni tegund af vél. Algengasta blandan núna er rafmagnsvél og bensínvél sem ætlað er að draga úr mengunaráhrifum á umhverfið.



ÚTSALA
ÁG MOTOR SPORT
Allt á útsölu
Allt að 90% afsláttur
Kraftsíur, kraftpúst
Felgur, dekk
Lexusljós, Angel-eyes
Neonljós, LED perur
ÁG mótorsport • Klettháls 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport

TOYOTA-þjónusta
BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
CABAS Verkstæði
Tjónaskoðun fyrir tryggingafélögin
Réttum og málum allar tegundir bíla
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 - 554 2590 · www.bilasprautun.is

VARAHLUTIR í flestar gerðir bifreiða
Kveikjur
Tölvuheilar
VETRARDEKK notuð og ný dekk og stálfelgur
Vaka
s. 567-6860

ALLT Á EINUM STAÐ
• HEILSÁRSDEKK
• NAGLADEKK
• OLÍS SMURSTÖÐ
• RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• BÓN OG ÞVOTTUR
• BREMSUKLOSSAR
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• PÚSTÞJÓNUSTA
SBD, SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

AB-VARAHLUTIR ehf.
Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla
Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is
Betri vara - Betra verð

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
Hurðir til á lager
Eldvarnar-hurðir
Smíðað eftir máli
Öryggis-hurðir
GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

Bílar & SPORT
Áskriftarsími 588 7888
www.bilarogsport.is

REYNSLUAKSTUR



Nýi Honda CR-V er rennilegri á að líta en fyrirrennarinn.

# Vinsæll bíll í nýrri útfærslu

*Borgarjeppinn Honda CR-V stendur vel undir þeirri nafngift. Þetta er þægilegur bíll sem þjónar vel þörfum venjulegrar fjölskyldu.*

Borgarjeppinn Honda CR-V hefur notið vinsælda frá því hann kom fyrst á markaðinn. Ástæðan er líklega að þetta er afar þægilegur bíll fyrir meðalfjölskyldu sem hefur gaman af að ferðast. Auk þess hefur útlitið á bílnum frá upphafi verið einfalt og stílhreint en sérstakt um leið þannig að bíllinn hefur skorið sig úr á götunum.

**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**

STEINSTEYPUSÖGUN
Kjarnaborun
Sögum fyrir hverju sem er
-Hurðum
-Stigaopum
-Lögnum í gólf
Nefndu það... við reddum því !
Rafmagn á sögunarstað ekki nauðsynlegt, erum með eigin rafstöð
Tökum einnig að okkur verkefni við jarðvinnslu, flutninga og snjómokstur
Verktakaþjónusta Stefáns Einarssonar ehf.
Símar 8937364 -4671647

## Önnur þjónusta

Myndbandaþjónusta. CD-DVD-VHS-fjölföldun, tökur-klippingar-prentun á diska. o.m.f.l. Jenna film s. 896 3785.

Snjómokstur. Mokum bílastæði, innkeyrslur og verslunarhúsnæði. Upplýsingar í s. 822 2660 & 822 2661.

# HEILSA

## Heilsuvörur

**Rafbylgjumælingar**
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

Betri heilsa og frábær líðan. Herbalife. Ásdís, 845 2028.

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

**Fit - Pilates**
Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa flatan kvið. Komdu í prufutíma. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

## Nudd

**Valentínusardagur, dagur elskenda**
Veittu ást, veittu gleði, veittu heilsu.
Góð tilboð!
**Sjúkranuddstofan s. 588 1404.**

Nuddbekkur til sölu, 70 cm breiður, með tösku. S. 863 0180. Nálastungur Íslands ehf.

**Nudd og heilun**
Tek fólk í nudd og heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Nudd getur hjálpað þér með verki í líkamanum! V. 2900 kr. klst. Hamraborg 20A & Hvassaleiti 35. S. 564 6969.

## Snyrting

Nýtt nám
www.didrix.is

Nýtt nám
www.didrix.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Hafsiglingarnámskeið. (Yachtmaster Offshore) og úthafsiglingarnámskeið (Yachtmaster Ocean). 17 febrúar til 28 apríl. Kennsla bara fimmtud. Frá kl. 19 til 23.S. 898 0599 & 588 3092. sigling@mmedia.is. www.siglingaskolinn.net. Siglingaskólinn.

## Kennsla

Kennsla Stæ 103-703. Kenni einnig til samræmda prófsins í stærðfræði á framhaldsskólastígi. Uppl. í s. 865 6117.

**heimili** o.fl.

**SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA**

[ 25-54 ára; Heimilistekjur yfir 400 þús. ]

**LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN** *




*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l..

Lesendur **„Allts“** er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Á opnunni **„heimili og fleira“** fimmtudaginn 28. október voru **12 auglýsingar**. **56%** kvenna á aldrinum 18-49 ára eða **34.555** konur skoðuðu opnuna og gátu veitt hverri auglýsingu athygli eftir áhuga og eins lengi og þær vildu.

Til samanburðar voru **53 auglýsingar** í Innlit Útlit á SkjáEinum þriðjudaginn 26. október. Þær fengu áhorf **37%** sama hóps eða **23.025** konur og höfðu þær að meðaltali 14 sek. til að horfa á hverja auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við **„Allt“** er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. **„Allt“** er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

**Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“**
**Síminn er 550-5000**

**allt**
**- markvissar auglýsingar -**

# TIL SÖLU

**Au Pair í Kaupmannahöfn óskast!**
Íslensk fjölskylda í úthverfi kaupmannahafnar er að leita eftir Au Pair. Þarf að vera barngóð, reglusöm og sjálfstæð.
Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma
004-5394-02010

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Hillusamstæða til sölu á 20 þús. S. 690 1796.

Til sölu fallegur hornsófi frá Exo. Rústrauður með munstruðum stórum púðum. Uppl. í s. 820 0100.

Krakkarúm á 5 þ., hjónarúm 150x220 með 4 skúffum á 5 þ., hamstrabúr á 1 þ. S. 866 1038.

Rúmteppasett King, sófi, stóll, antik stóll, smáborð, golfteppi sem nýtt, til sölu v/breytinga. S. 821 1937 & 896 4069.

Faxtæki með ljósritunarvél og teikniborð. Uppl. í s. 821 1937 & 896 4069.

**Flottur sófi**
Grábrúnn Natuzzi hornsófi til sölu á 150.000 kr., kostar nýr 266.000 kr. Nýlegur í mjög góðu ástandi. Uppl. í síma 863 1000.

Til sölu fallegt koníakslitað leðursófasett ca. 2 1/2 árs gamalt. 3 sæta+1+1. Upplýsingar í s: 894-4613

Búslóð til sölu vegna flutninga. Uppl. hjá Rögnu í s. 865 2623.

Antik leðursófasett til sölu. Uppl. í s. 562 1771 & 862 7996.

Sófasett 3+2, vel með farið. Verð 30 þús. Einnig ísl. antik ruggustóll. Uppl í síma 846 0947.

Furuhjónarúm 2x2m með náttborðum og dýnum, brúnn leðursófi, bókaskápur, skrifborðssamstæða, teikniborð o.fl. til sölu. S. 899 4512.

## Barnavörur



Nýjar vörur frá Diesel og Ticket to heaven eldri vörur á 50% afslætti. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3. Sími 555 6688.

Til sölu nýl. Römer barnabílstóll 9-18 kg. Selst á hálfvirði. S. 891 9867.

## Antík

Til sölu mjög vandað antik sófasett. Þarfnast yfirdekkingar. Tilboð óskast. Uppl. í s. 698 8080 & 565 8800.

## Heimilistæki

Til sölu tveggja ára AEG eldavél, veggháfur og eldra hornsófasett, allt í góðu lagi, selst mjög, mjög ódýrt. Uppl. í síma 692 0483 eftir kl. 14.

## Gefins

2 yndislegar læður 1 árs og 2ja ára fást gefins á gott heimili. Uppl í s. 554 0456 & 693 0933.

## Dýrahald



Hún Gríma týndist í Grafavogi. Vinsamlega hafið samband í síma 5677920 eða 6930501



Whippet-hvolpur til sölu, frábærir heimilishundar af mjóhundakyni. Nánari uppl. whippet.is og s. 860 3150.

Til sölu yndislegir amerískir Cocker Spaniel hvolpar án ættbókar. Verð 110 þús. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 894 0255.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

Kattasýning Kynjakatta verður 12. og 13. mars. Síðasti skráningardagur er 14. febrúar. Upplýsingar á www.kynjakettir.is

Til sölu eins árs Chihuahua kk. hundur á 50 þús. með búri, mat og öllu. Ættbókafærður. Uppl. í síma 555 1039.

Óska eftir krúttlegum kettling kvk. Uppl. gefur Garðar Þór í síma 866 8467 e. kl. 18.

Til sölu ástargaukur í búri og nagrís í búri. Uppl. í s. 663 7912.

## Ýmislegt

Ýmislegt úr búslóð til sölu vegna flutninga. Upplýsingar í síma 694 5911.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir ferðamenn

**Frönsk sveitasæla**
Stórglæsilegt hús í hjarta Frakklands til leigu fyrir stóra fjölskyldu eða hópa í Búrgúndí. Stutt í frábær vínsvæði og besta útsölumarkað með merkjavöru í Frakklandi. Golfvöllur, tennisvöllur, vatnasport o.fl. í næsta nágrenni. Getum útvegað frábæran kokk á viðráðanlegu verði. Nánari upplýsingar: myllaniburgundy.tk eða s. 554 4035.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.




**Lax og silungur**
Yfir 40 Lax og silungsveiðiár í Öllum verðflokkum. Frekari upplýsingar Lax-á ehf. S. 557 6100 veidileyfi@lax-a.is www.lax-a.is

## Hestamennska

Sölusýning á hrossum í Hestheimum Rangárvallarsýslu nk. sun. 13. feb. kl. 14. Reiðnámskeið, kennarar Hallgrímur Birkisson, Ísleifur Jónasson og Páll Bragi Hólmarsson. Uppl. í s. 487 6666.

Hesthús óskast til kaups, helst í Gusti. Uppl. í s. 862 7996 & 562 1770.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu gott 137 fm full innréttað skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi við Skipholt. Móttaka, 5-6 herbergi, lítil kaffistofa, bílastæði og möguleiki á minna plássi (70 fm.) Guðlaugur s. 896 0747.

Herb. laust á sv. 109. 15fm. Sérinngangur, baðh., símat. loftnet. 18 þús. S. 690 3937.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2ja herb., góð íbúð við Hraunbæinn. Langtímaleiga og reglusemi skilyrði. S. 892 4243.

Stúdíóíbúð, 33 fm. til leigu fyrir reyklaust og reglusamt fólk í vesturbæ Kópavogs. S. 847 1244 (símsv.).

Lítið stúdíó-herbergi með eldhúsi og baði, sérinngangur. Á svæði 101. Uppl. í s. 692 8093 Svanhvít.

Til leigu glæsil. herbergi, 15 og 30 fm, að Funahöfða 17a. Þvottah., bað og eldunaraðst. Í herb. er dyras., íssk., fatask., sjónv. og símtengi. S. 862 7950 & 896 6900 e. kl. 16.

Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. s. 5671596-6947196 e.mail.gumsig@terra.es

Herb. á sv. 105, búið húsgögnum. allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2, Sýn. S. 895 2138.

**Vinnustofa/íbúð**
Bjart og rúmgott 70 fm húsnæði til leigu í miðbænum. Hentar vel sem vinnustofa og/eða íbúð. Laust fljótlega. Uppl. í s. 899 2208.

2ja herb. kjallara íb. í Fossvogi í nýlegu einbýlishúsi á rólegum stað, rétt hjá borgarspítala, laus strax. Uppl. í s. 553 1721.

75 fm kjallaraíbúð í Mosfellsbæ. Sérinngangur. Verð 65 þús. á mán. með hita og rafmagn. Uppl. í s. 557 2806, 862 1523 & 849 7532.

## Húsnæði óskast

Hjón með 1 barn utan af landi óska eftir 4ra herbergja íbúð helst í Sala- eða Lindarhverfi frá og með 1. mars. Greiðslugeta ca. 100 þús. á mán. Uppl. í s. 896 5373, 896 1114 eða á hslord@simnet.is

Fyrirt. vantar 3ja til 4ra herb. íbúð í Rvk. fyrir frk.stj. Öruggar greiðslur. S. 696 9696.

Starfsmaður varnarliðsins óskar eftir einbýlishúsi eða raðhúsi til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Ábyrgist öruggar greiðslur og góða umgengni. Ricky Parks s. 861 5208 & 697 3229.

Er tæplega 45 ára kona og vantar 2ja herb. íbúð sem fyrst á verðb. 50-60 þús. í Rvk. Get borgað 2 mán. fyrirf. S. 865 7482.

Óska eftir 2ja-3ja herb. íbúð á svæði 200, 210, 220. Greiðslug. 60-70 þús á mán. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 846 0622.

5 manna fjölskylda óskar eftir húsnæði, helst í Hfj. Uppl. í s. 659 3260 & 869 5611.

Hjálp!! Hjón með barn og hund óska eftir 2ja-3ja herb. íb. á höfuðborgarsvæðinu frá 01.04. Kv. Gísli og Rannveig s. 699 8019.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður m. heitum potti til leigu í nágr. Flúða. Uppl. í s. 486 6683, 898 6683 Guðbjörg.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu herbergi fyrir nudd, heilun eða skylda starfsemi. Upplýsingar í sima 690 6004. www.hugveislan.is

Atvinnueign.is Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is s:568-6600

Óska eftir bílskúr eða litlu iðnaðarhúsi til leigu. Uppl.í s 8617723

Flugskýli til leigu á Reykjavíkurflugvelli. Uppl. í s. 892 1630.

**101 Miðbær**
Skrifstofa eða vinnustofa til leigu. 70 fm bjart og gott húsnæði, næg bílastæði, Laust fljótlega. Uppl. í s. 899 2208.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Sími 899 5863.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna - kvöldsölustarf !**
Mán - fös kl. 17:00 - 22:00
Góð laun + bónus og góð aðstaða.
**Getur hentað 18 ára - 70 ára +**
**Nánari upplýsingar: bm@bm.is**
**Sími 822 5052.**

**Tekju- og árangursetning !**
**25% - 50% sölulaun.**
" Frjáls vinnutími "

Kynning
Bros á allra vörum!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir hafi samband við Gunnhildi Stefánsdóttur hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 867 5723.

**Rafvirkjar.**
Ísloft blikk og stálsmiðja ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa.
Umsækjandi þarf að geta starfað sjálfstætt og eru gerðar miklar kröfu til fagmensku, áræðanleika, þjónustulund og góða framkomu gagnvart viðskiptaaðilum fyrirtækisins. Starfsmaðurinn þarf að vera viljugur að tileinka sér þau vinnubrögð sem fyrirtækið gerir kröfur til. Innan Íslofts er starfandi rafmagsdeild sem sér um stjórnkerfi fyrir loftræsi- og hitakerfi og er verkefnastaða fyrirtækisins góð.
**Umsóknir óskast sendar á E-mail, isloft@isloft.is**
**Ísloft Blikk og Stálsmiðja ehf.**
**Bíldshöfða 12**
**110 Reykjavík, S. 587-6666**

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

Vox restaurant á Nordica hotel óskar eftir þjónum, viðkomandi þarf að hafa reynslu af a la carte og haldgóða þekkingu á léttvínum. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt feril skrá á ingo@icehotels.is. Öllum umsóknum verður svarað.

KFC

**Kentucky Fried Chicken.**
Óskum eftir duglegu starfsfólki í vaktavinnu í afgreiðslu og eldhús. Góð laun í boði. Uppl. á staðnum milli 13 og 17 alla daga.
**Kentucky Faxafeni.**

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Góðir tekjumöguleikar Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Sími. 565 3760 & 892 9660

**American Style**
Í Kópavogi óskar eftir hressum starfsmanni í grillið. Um er að ræða framtíðarstarf í reglulegri vaktarvinnu. Leitum að einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, er 18 ára eða eldri og er áreiðanleg/ur. Uppl. veittar alla daga í s. 892 0274 milli 09-15 (Herwig). Umsóknareyðiblöð einnig á americanstyle.is

**McDonald's laus störf**
Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og Smáratorg. Líflegur og fjörugur vinnustaður, alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu http://www.mcdonalds.is

Vegna mikilla anna óskar Hár og Smink að ráða til sín metnaðarfulllt starfólk í eftirfarandi stöður, hárgreiðslu og förðun. Uppl. í síma 891 6889 eftir kl. 18.00.

Stelpur, Strákar 18 til 20 ára. Viltu breyta til? Atvinna í Noregi. Fjósamann vantar á kúabú nærri Stavanger. Nánari uppl. í síma 004790543695, Guðmundur.

Hýsing- vöruhótel Skútuvogi 9 óskar eftir duglegu og áreiðanlegu starfsfólki í vörumerkingar. Vinnutími er frá 8-17, nánari uppl. veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum.

Vantar vana einstaklinga í uppsetningu á gifsveggjum, mikil vinna. Uppl. í s. 692 4597.

**Cult Smáralind**
Fataverslunin Cult óskar eftir að ráða starfskraft í fullt starf. Einnig vantar fólk í hlutastarf í Ice in a Bucket í kringlunni. Uppl. veittar á staðnum, ekki í síma.

**Bókhald**
Óskum eftir vönum starfsmanni í bókhald og önnur skrifstofustörf. Æskilegt er að hafa þekkingu á Tok+ og reynslu í bókhaldi. Umsækjendur geta sótt um á www.gardlist.is

Óska eftir duglegu starfsfólki í hreingerningar og önnur þrif. 100% starf er um að ræða, er með sveigjanlegan vinnutíma. Uppl. í s. 898 9930.

Selfoss. starfsmann vantar í kvöldræstingar. Upplýsingar í síma 863 0080 eða á rh@rh.is

Starfsfólk óskast í helgarafleysingar í kvöld ræstingu. Upplýsingar í síma. 863 0080 eða rh@rh.is

Starfsmaður óskast. Vantar góðan starfsmann í bílasmiðju sem staðsett er á svæði 110 Rvk. Nánari upplýsingar veiti Haldór í síma 698 7270.

Vantar starfsfólk í söluturn í Kópavogi. Kvöld-og helgarvinna. Upplýsingar í síma 893 0326 milli kl. 14-16.

Starfsmaður óskast í lagnavinnu, gröfuréttindi æskileg. Uppl. í síma 892 1919.

## Atvinna óskast

"Amma" vill gjarnan aðstoða á heimili nokkra tíma í viku (ekki ungabörn). Er á bíl. S. 557 2162 & 846 3298.

Young German/English speaking academic seeks suitable position: teaching, in tourism etc. Please contact Anja 845 6255.

Vanur sjómaður óskar eftir vinnu. Er með 30 tonna réttindi. Uppl. í s. 849 0235. Einar.

Óska eftir vönum bókara í hálft starf í 6 mánuði. Umsóknir sendist Fréttabl. merkt "BO57" fyrir 17. feb.

Smiður í eldri kantinum óskar eftir innivinnu eða verkefnum. Uppl. í s. 847 9874.

## Viðskiptatækifæri

Sölumaður hugbúnaðar. Óska eftir vönum og ferskum sölumanni til að selja hugbúnað til fyrirtækja, viðkomandi þarf að vera vel tölvufær. Hentar með öðrum verkefnum. Nánari uppl. í s. 861 2938.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Scrapbooking lagersala**
Ísey.is verður með lagerútsölu á scrapbooking vörum í kolaportinu í dag og á morgun. Hægt að gera lygilega góð kaup á Scrapp vörum. Albúm, límmiðar, pappír, lím ásamt fleiri aukahlutum til föndurs.
**Nánari upplýsingar í S. 891 6304.**

## Ýmislegt

Til sölu v/óviðráðanlegra ástæðna er American cocker spaniel tík til sölu, 11/2 árs, svört og hvít, ættbók o.fl. fylgir. Verð 100.000. Sími 845 8253.

## Einkamál

**Paris Hilton**
**Pamela Anderson og Tommy Lee.**
**Loksins á DVD.**
DVD og VHS á 1.990 kr.
www.grensasvideo.is
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

**Makaleit.is**
Fagleg leit. Tryggir árangur. Frí innskráning.

Ég er 55 ára kk. reglus. Ég óska eftir að kynnast konu með náin kynni í huga. Þær sem hafa áhuga hringi í s. 820 3247.



HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300

SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655

Salómon Jónsson
Lögg. fasteignasali
Vilhjálmur H. Haraldsson
Lögg. fasteignasali

## OPIÐ HÚS • Laugardaginn 12. feb.



**Drafnarstígur 5**
**15.00-16.00**



**Hamraborg 22**
**14.00-15.00**

Hér er um að ræða mjög sérstakt og fallegt lítið hús með góða sál. Brekkuholt, sem er einn af sárafáum svokölluðu steinbæjum sem eftir eru í Reykjavík en nokkuð var byggt af þeim um og fyrir þar seinustu aldamót. Húsið er skráð byggt 1889 og er á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Nokkuð er búið að endurnýja eignina. Um 1980 var byggt við húsið og var það þá klætt með nýju bárujárni að utan og settar nýjar hurðir og gluggar. Húsið er 2ja herbergja og er 65fm í heild sem skiptist í forstofu, baðherbergi, gott herbergi, rúmgott eldhús og stóra stofu. Húsið stendur á eignarlóð sem er 262fm. **Verð 15,3**

Góð 45,4fm 2ja herberja íbúð á 3 hæð (efstu) í ásamt ca. 8 fm geymslu á jarðhæð og stæði í bílageymslu. Opin og björt íbúð með nýlegu parketi og góðu útsýni. Stutt er í alla þjónustu svo sem verslun, apótek, heilsugæslu, banka, skóla og leikskóla.
**Verð 10,4**

**Allar nánari upplýsingar veita**
**Ólafur Haukur Haraldsson Sími 693-4868 eða**
**Hilmar Þór Hafsteinsson Sími 662-6648**
**Verið velkominn**


ÚTBOÐ

# Útboð

Veiðifélag Víðidalsár óskar eftir tilboðum í leigu á rétti til stangaveiða á félagsvæðinu þ.e.s. Víðidalsá, Fitjá og Hópinu ásamt Veiðihúsinu Tjarnarbrekku, frá og með sumrinu 2006.

Útboðsgögn fást hjá Ragnari Gunnlaugssyni, Melavegi 18, 530 Hvammstanga, sími 451-2560, sem einnig gefur nánari upplýsingar.
**Tilboð þurfa að hafa borist ofanrituðum fyrir kl. 13:00, laugardaginn 5. mars.**

Tilboðin verða opnuð kl. 14:00 sama dag að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Áskilinn er allur réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

**Veiðifélag Víðidalsár.**


HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

**ÁTT ÞÚ 300 FM EINBÝLISHÚS EÐA STÆRRA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU?**

Fimm manna fjölskylda sem er að flytja til landsins eftir langa dvöl erlendis **óskar eftir einbýlishúsi** sem er **300 fm eða stærra**. Mikilvægt er að eignin sé staðsett í barnvænu hverfi þar sem stutt er í skóla og leiksvæði. Góður afhendingartími.

FJÖLSKYLDAN ER Á LANDINU NÆSTU DAGA OG ÓSKAR EFTIR AÐ FÁ AÐ SKOÐA EIGNINA ÞÍNA EF HÚN FELLUR UNDIR ÞESSA LÝSINGU.

**Nánari upplýsingar veitir *Hrafnhildur Bridde*, löggiltur fasteignasali í s: 821-4400**



Hrafnhildur, *sölufulltrúi*
S. 821-440


NÁMSKEIÐ

# Stangaveiðimenn ath.

Nýtt námskeið í fluguköstum hefst sunnudaginn 13. feb. í TBR húsinu Gnoðavegi 1, kl. 20.

Kennt verður 13., 20., 27. feb. og 6. og 13. mars. Við leggjum til stangir, skráning á staðnum gegn greiðslu (ekki kort) mætið tímanlega. Munið eftir inniskóm.

**K.K.R., S.V.F.R og S.V.H.**


**MIKIL SALA**
**VILTU LÁTA META ÞÍNA EIGN?**

Vegna mikilla breytinga undanfarið á fasteignamarkaði hafa flestar eignir hækkað mikið í verði á skömmum tíma.

Ef þú ert að hugsa um að selja, hafðu þá samband við mig og ég met eignina þína ásamt löggiltum fasteignasala. FRÍTT og skuldbindingalaust.

Hringdu núna í síma 822 - 3702

Gunnar Valsson
GSM: 822-3702,
Sími 520-9550
e-mail: gv@remax.is



Guðmundur Þórðarson
löggiltur fasteignasali

RE/MAX MJÓDD







pósthúsið

Sú breyting hefur átt sér stað að **Pósthúsið** hefur nú tekið við dreifingu Fréttablaðsins og Dv. Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

## Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

**Á virkum dögum:**

**101-17** Bárugata, Stýrima.stí.
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-32** Bauganes, Fáfnisnes, Skeljanes
**101-33** Bauganes, Baugatangi, Skildinganes
**101-35** Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-37** Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
**101-45** Blómvallag., Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-47** Laugavegur
**101-54** Bjargarstígur, Spítalastígur, Týsgata, Óðinsgata
**101-59** Öldugata
**103-01** Efstaleiti, Miðleiti, Ofanleiti
**103-05** Kringlan
**104-02** Brúnavegur, Dyngjuvegur, Kleifarvegur, Kleppsvegur, Vesturbrún
**104-03** Laugarásve., Sunnuvegur
**104-06** Hjallavegur, Hólsvegur
**104-07** Langholtsve.
**104-08** Langholtsve.
**104-22** Eikjuvogur, Gnoðarvogur, Karfavogur, Nökkvavogur
**104-25** Drekavogur, Efstasund
**105-04** Háteigsvegur
**105-07** Flókagata
**105-24** Miðtún, Samtún
**105-31** Bugðulækur, Kirkjusandur, Laugalækur
**107-06** Grenimelur
**107-07** Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
**107-09** Grímshagi, Lynghagi, Starhagi
**107-12** Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
**107-17** Kaplaskj.ve., Nesvegur
**108-19** Sogavegur
**111-15** Depluhólar, Erluhólar, Fýlshólar, Haukshólar, Vesturhólar
**113-02** Maríubaugur
**113-08** Gvendargeisli
**170-06** Barðaströnd, Vesturströnd
**170-07** Hofgarðar, Sefgarðar, Sævargarðar
**200-02** Kópavogsbr., Þinghólsbraut
**200-11** Hraunbraut, Kársnesbraut
**200-52** Austurgerði, Hófgerði, Kastalagerði
**210-01** Haukanes, Þrastanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-28** Garðatorg, Heiðarlundur, Hofslundur, Kirkjulundur
**210-31** Brekkubyggð
**210-33** Ásbúð
**221-18** Blómvellir, Burknavellir
**221-20** Blikaás, Lóuás, Spóaás
**230-26** Bergvegur, Kirkjuvegur, Vesturbraut, Vesturgata
**240-04** Baðsvellir, Glæsivellir, Selsvellir, Skipastígur, Árnastígur, Ásvellir
**240-05** Blómsturve., Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarve., Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
**240-06** Arnarhraun, Borgarhraun, Leynisbraut, Leynisbrún, Staðarhraun

**Um helgar:**

**101-20** Framnesve.
**101-35** Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-38** Sólvallagata
**101-45** Blómvallag., Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-48** Freyjugata
**104-03** Laugarásve., Sunnuvegur
**104-04** Laugarásve.
**104-07** Langholtsve.
**104-08** Langholtsve.
**105-04** Háteigsvegur
**105-18** Barmahlíð, Miklabraut
**105-24** Miðtún, Samtún
**105-31** Bugðulækur, Kirkjusandur, Laugalækur
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**107-04** Einimelur, Hofsvallagata, Melhagi
**107-15** Granaskjól, Nesvegur
**111-15** Depluhólar, Erluhólar, Fýlshólar, Haukshólar, Vesturhólar
**111-26** Vesturberg
**112-17** Suðurhús, Sveighús, Vesturhús
**200-02** Kópavogsbr., Þinghólsbraut
**200-36** Skálaheiði, Álfaheiði
**200-47** Brekkuhvarf, Dimmuhvarf, Grundarhvarf, Melahvarf
**200-54** Álfhólsvegur
**210-22** Holtsbúð
**210-29** Hrísmóar, Kjarrmóar
**210-33** Ásbúð
**210-42** Goðatún, Hörgatún
**220-01** Flókagata, Herjólfsgata, Klettagata, Langeyrarve., Skerseyrarve.
**220-03** Austurgata, Fjarðargata, Reykjavíkurv., Strandgata
**220-04** Austurgata, Hverfisgata, Mjósund, Mánastígur, Sunnuvegur, Tjarnarbraut, Álfaskeið
**220-05** Austurgata, Gunnarssund, Hraunstígur, Hverfisgata, Urðarstígur
**220-09** Arnarhraun, Erluhraun, Tjarnarbraut, Álfaskeið, Þrastahraun
**220-17** Hjallabraut, Víðivangur
**220-19** Miðvangur
**220-30** Hvammabr., Klausturhva., Kvíholt, Staðarhva., Túnhvammur
**220-32** Hamarsbraut, Hellubraut, Hlíðarbraut, Holtsgata, Hringbraut, Suðurgata
**225-07** Brekkuskógar, Bæjarbrekka, Lambhagi, Miðskógar, Ásbrekka
**230-13** Hafnargata, Hringbraut, Suðurgata
**230-14** Austurgata, Framnesve., Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesve.
**230-16** Brekkubraut, Mánagata, Sólvallagata, Vatnsnesve., Ásabraut
**230-18** Eyjavellir, Freyjuvellir, Heimavellir, Norðurvellir, Óðinsvellir
**230-24** Baldursgata, Hafnargata, Heiðarvegur, Suðurgata
**240-05** Blómsturvell., Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarvel., Iðavellir, Litluvellir, Sólvellir
**240-06** Arnarhraun, Borgarhraun, Leynisbraut, Leynisbrún, Staðarhraun
**250-02** Garðbraut, Rafnkelsst.ve.
**250-03** Garðbraut, Gaukstaðave., Gerðavegur, Sunnubraut
**250-05** Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur, Nýjaland-, Kríuland, Skagabraut
**600-11** Grundargerði, Kambagerði, Kleifargerði, Klettagerði, Kvistagerði, Skálagerði, Spónsgerði, Stóragerði, Vallargerði

**Um helgar:**

**540-11**

NORÐLENSKA

## Húsavík

# ATVINNA!!!

**Ertu vanur / vön að vinna með hníf ?**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk á skurðarlínu.**
**Einnig eru laus almenn störf í kjötvinnslu.**
**Um framtíðarstörf getur verið að ræða.**

Atvinnuumsóknir er að finna á heimasíðu Norðlenska, www.nordlenska.is og á skrifstofu Norðlenska á Húsavík.

Upplýsingar gefa Simmi í síma 840-8888 frá kl. 08:00-16:00 Inga Stína í síma 840-8899 frá kl. 08:00-13:00

PÓSTURINN
allur pakkinn

## Íslandspóstur leitar að dugmiklum starfsmanni

Íslandspóstur hf. óskar eftir að ráða hraustan starfsmann í bréfadeild póstmiðstöðvar. Starfið felst m.a. í því að meðhöndla og flytja sendingar á flutningabíla ásamt öðrum tilfallandi störfum. Um er að ræða vaktavinnu.

Umsóknum er hægt að skila í póstmiðstöð, merkt:
Íslandspóstur, Póstmiðstöð / bréfadeild, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík

Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Póstsins á www.postur.is

FUNDIR

FÉLAG ELDRI BORGARA
FEB

# Aðalfundur

**Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, verður haldinn í Ásgarði Glæsibæ laugardaginn 19. febrúar 2005 kl. 13.00.**

**Dagskrá:**
**Venjuleg aðalfundarstörf**
**Önnur mál.**

Ársreikningur félagsins liggur frammi á skrifstofu FEB frá 17. febrúar. Munið að taka félagsskírteinið með á fundinn.

**Stjórnin**

IGS
GROUND SERVICES



*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum Flugleiða hf. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.*

*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) - laus störf:*

## Sumarstörf hjá Flugþjónustunni 2005

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk til afleysingastarfa á tímabilinu apríl-september. Um er að ræða störf í öllum deildum fyrirtækisins, þ.e. farþegaþjónustu, flugeldhúsi, fraktmiðstöð, hlaðdeild, hleðslueftirliti, ræstingu og veitingadeild. Í sumum tilfellum er um að ræða hlutastörf og öðrum deildaskiptar ráðningar í 100% störf. Einnig verða eingöngu kvöldvaktir í boði í ákveðnum deildum.
Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir 1 mánuð í senn. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að sækja undirbúningsnámskeið, og í sumum tilfellum standast próf, áður en til ráðningar kemur.

**Boðið verður upp á sætaferðir frá fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Vogum og Grindavík.**

Nánari upplýsingar um aldurtakmark og hæfniskröfur:

**Farþegaþjónusta**
Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt, góð tungumálakunnátta, góð tölvukunnátta og mikil þjónustulund.

**Flugeldhús**
Lágmarksaldur 18 ár, almenn ökuréttindi.

**Hleðsluþjónusta**
Lágmarksaldur 20 ár, almenn ökuréttindi, meirapróf æskilegt, enskukunnátta.

**Fraktmiðstöð**
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, tölvukunnátta, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

**Hlaðdeild**
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

**Hleðslueftirlit**
Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt, góð tungumálakunnátta, góð tölvukunnátta, reynsla af störfum í hlaðdeild eða farþegaþjónustu æskileg og nauðsynlegt að umsækjendur séu töluglöggir.

**Ræsting**
Lágmarksaldur 18 ár, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

**Veitingadeild**
Lágmarksaldur 20 ár, góð tungumálakunnátta og mikil þjónustulund.

**Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf, 2. hæð í Frakmiðstöð IGS, bygging 11, 235 Keflavíkurflugvelli. Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, www.igs.is**

TILKYNNINGAR

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
**AUGLÝSIR**

## ORLOFSHÚS – PÁSKAR 2005

Umsóknir um dvöl í orlofhúsum félagsins stendur til **20. febrúar** n.k.

Hægt er að sækja um á orlofsvef RSÍ á netfangi okkar : *www.rafis.is*

Hafið samband við skrifstofuna í síma 580 5200 ef senda á umsóknareyðublöð í pósti til félagsmanna.

**Orlofsnefnd.**

EFLING
STÉTTARFÉLAG
Stendur með þér!

## Efling-stéttarfélag auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar stjórnar félagsins.

Tillögur skulu vera um átta stjórnarmenn samkvæmt 10. gr. laga félagsins.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 14. febrúar 2005.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi mánudaginn 21. febrúar nk.

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags**

## SVIPMYND



**Þórshöfn: Þorp á Langanesi, nánar tiltekið við Lónafjörð sem gengur inn úr Þistilfirði.**

**Elsta húsið í hreppnum:** Sauðanes sem er í eigu Þjóðminjasafnsins.

**Íbúafjöldi:** 414, fjölgaði um 44 á síðasta ári.

**Upphafið:** Fyrstu húsin voru reist á Þórshöfn um 1880, það voru vörugeymsluhús.

**Landfræðilegir kostir:** Hafnarskilyrði eru hin ákjósanlegustu því hlé er fyrir norðaustanáttinni sem er aðalhafáttin.

**Stærsti atvinnurekandinn:** Hraðfrystistöð Þórshafnar sem meðal annars gerir út tvö stór togskip; Júpíter og Þorstein.

**Gott að vita:** Hafnarkráin heitir Eyrin.

**Heimilislegt:** Hótel Jórvík.

## Vissir þú ...

...að þyngsta kona í heimi er hin bandaríska Rosalie Bradford sem náði hámarksþyng sinni, 544 kílóum, í janúar árið 1987?

...að yngsti heimsmeistari í listskautahlaupi er Tara Lipinski frá Bandaríkjunum sem vann einstaklingstitil 22. mars 1997 aðeins 14 ára og 286 daga?

...að David Huxley frá Ástralíu dró 187 tonna Boeing 747 þotu 91 metra á einni mínútu og 27,7 sekúndum 15. október árið 1997?

...að Sanjeev Baby á Indlandi lék á gítar í 24 tíma og þrjátíu mínútur 14. til 15. ágúst árið 2000?

...að bjartasta stjarna stjörnuþokunnar er LBV1806-20, stjarna sem er 45.000 ljósár frá jörðu?

...að lengsta elding sem skráð hefur verið var árið 1956 í Bandaríkjunum en sú elding náði lárétt yfir 149 kílómetra svæði innan skýs?

...að það spendýr sem lifir í mestri hæð er eyrnastóri músahérinn en hann hefur sést í 6.130 metra hæð í fjalllendi Asíu?

...að eitraðasti sporðdreki í heimi er þykkhala sporðdrekin túnisíski en hann er talinn bera ábyrgð á áttatíu prósentum stungna og níutíu prósentum dauðsfalla af völdum sporðdrekastungna í Afríku?

...að stærsta kalkúnabú í heimi er í eigu Bernard Matthews en búið er í Norður-Pickenham í Bretlandi og skilar einni milljón kalkúna á ári?

...að hæsta hlutfalla hermanna er í Norður-Kóreu en 5,05 prósent eða 2.138.000 Norður-Kóreubúar munu vera í hernum?

...að Tyrkir borðuðu mest brauð allra þjóða árið 2000 eða 199,6 kíló á mann?

...að Rungbuk-hofið á milli Tingri og Shigatse í Tíbet í Kína er 5.100 metrar á hæð og aðeins fjörutíu kílómetra frá Everest-fjalli?

...að stærsta bjórflaska í heimi var afhjúpuð í Sheperd Neame-bruggverksmiðjunni í Bretlandi 27. janúar árið 1993 en hún var 2,54 metra há og 2,17 metrar að þvermáli?

...að heimsins stærsta harmonikka sem hægt er að leika á er 2,53 metrar á hæð, 1,9 metra breið og 85 sentímetra djúp og vegur um tvö hundruð kíló?





FÁÐU ÞAÐ ÖRUGGLEGA
ÞAÐ KOSTAR MINNA EN ÞÚ HELDUR
20% afsláttur af Safex smokkum á Shellstöðvunum

KOLAPORTIÐ
Það er ekkert mál að selja í Kolaportinu



1 Þú pantar sölubás
2 Þú greiðir básinn
3 Þú velur básinn
4 Þú selur
Pantaðu bás núna í síma 562 5030
OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

VILTU AÐ FYRIRTÆKIÐ ÞITT FÁI MEIRI ATHYGLI?
Núna er tilboð á þjónustuauglýsingum
» Hafið samband í síma 515 7500
FRÉTTABLAÐIÐ



kennsla.is kynnir:
Ný námskeið með Þorvaldi Þorsteinssyni

MÁ ÉG LÍKA?
4ra tíma upplifun sem opnar þér nýja sýn á sjálfa(n) þig og möguleika þína í lífinu.
Vinsælasta námskeið kennsla.is frá upphafi!

SKAPANDI SKRIF
Fyrir þá sem langar að skrifa en vita ekki hvernig best er að byrja og ekki síður hina sem eru komnir af stað en vantar hvatningu og leiðsögn.

Skráning er hafin á kennsla.is!
Takmarkaður fjöldi þátttakenda

FERMING 2005
DRENGJAFÖTIN KOMIN



GOTT VERÐ
jakkaföt 15.990
skyrta 3.990
bindi 2.990
skór 6.990

MIKIÐ ÚRVAL
jakkaföt: svört einlit, teinótt, moleskin, flauel
skyrtur: hvítar, rauðar, teinóttar, köflóttar
ath. saumastofuþjónusta

galleri sautján
laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017 - www.ntc.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.868 **-0,18%**

**Fjöldi viðskipta:** 303
**Velta:** 2.660

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | 1,76% | **Samherji** | -1,33% |
| **Marel** | 1,66% | **HB Grandi** | -1,27% |
| **Straumur** | 1,49% | **Flugleiðir** | -1,05% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,10 -0,71% ... Atorka 6,35 -0,78% ... Bakkavör 27,70 – ... Burðarás 13,75 – ... Flugleiðir 14,20 -1,05% ... Íslandsbanki 12,40 – ... KB banki 528,00 -0,56% ... Kögun 47,40 -0,21% ... Landsbankinn 14,65 +0,69% ... Marel 55,00 +1,66% ... Medcare 6,27 -0,48% ... Og fjarskipti 3,89 +0,26% ... Samherji 11,10 -1,33% ... Straumur 10,25 +1,49% ... Össur 86,50 +1,76

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Tímamótalán til Norðuráls

### Íslenskir bankar mörkuðu nýja stefnu með forystu í stóru láni til Norðuráls. Fjölmörg tilboð bárust frá erlendum bönkum.

KB banki og Landsbankinn munu hafa forystu um 23 milljarða sambankalán til Norðuráls. Lánasamningurinn markar tímamót þar sem íslenskir bankar hafa ekki fyrr leitt stór lán til erlendra stórfyrirtækja.

Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Norðuráls, segir samninginn til marks um styrk íslensku bankanna. „Við viljum gjarnan beina viðskiptum okkar til innlendra aðila og í þessu tilviki hentaði boð íslensku bankanna best þörfum okkar.“

Lánið sem er tekið til endurfjármögnunar vegna stækkunar Norðuráls er veitt í samvinnu við alþjóðleg fyrirtæki. Bankastjórar KB banka og Landsbankans segja lánið til marks um styrk bankanna og traust á alþjóðlegum markaði. Það sé rökrétt framhald af þjónustu íslenskra banka við erlenda aðila að þeir þjónusti erlenda fjárfesta í stóriðju hér á landi. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**ÍSLENSK FORYSTA** Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason bankastjórar Landsbankans, Daniel J. Krofcheck aðstoðarforstjóri Century Aluminium, Ragnar Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Norðuráls, Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri KB banka og Bjarki Diego, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs KB banka, kynntu 23 milljarða sambankalán til Norðuráls.



**FORSTJÓRAR SEMJA** Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, við undirritun.

# Samherji með Eimskip

Samherji hefur samið við Eimskip um alla flutninga og þjónustu tengda þeim. Samherji hafði áður flutt vörur sínar með Samskipum.

Að sögn Baldurs Guðnasonar, forstjóra Eimskips, verður Samherji einn stærsti og mikilvægasti viðskiptavinur félagsins. „Þetta er stórt og öflugt fyrirtæki með umsvif víða um heim og þessi samningur nær til allra þeirra flutninga,“ segir Baldur.

Hann segir að samningurinn styrki stöðu Eimskips á heimamarkaði sínum, sem er Norður-Atlantshafið. Kaup Eimskips á skipafélögum í Noregi og Færeyjum er til marks um stefnu félagsins um að auka umsvif sín í flutningi sjávarafurða á þessu svæði. - þk



**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

# Samið við Nýherja

Akureyrarbær hefur samið við Nýherja um kaup á SAP fjárhags- og mannauðskerfi að undangengnu útboði í umsjón Ríkiskaupa.

Akureyrarbær er fyrsta sveitarfélagið sem innleiðir SAP-hugbúnaðarlausnir en markmið Nýherja er að önnur sveitarfélög, innlend og erlend, muni nýta sér lausnirnar sem þróaðar verða í samstarfi við Akureyrarbæ.

Alls bárust fimm gild tilboð, þar af tvö sem uppfylltu kröfur Akureyrarbæjar. Tilboð Nýherja var talið hagkvæmast en það hljóðaði upp á tæpar 50 milljónir króna. - kk

## LEIÐRÉTTING

Mistök voru í töflu sem birtist í fyrradag um spár greiningardeilda bankanna um afkomu Össurar í fyrra. Spár KB banka og Íslandsbanka víxluðust. Spá KB banka var að félagið hefði hagnast um 15,02 milljónir Bandaríkjadala. Spá Íslandsbanka var 15,7 milljónir. Raunveruleg niðurstaða var 15,2 milljóna dala hagnaður. ■









# Rithöfundur Íslands? Varla

Um fimm atriði í grein Hallgríms Helgasonar frá fjórða febrúar. Kári Stefánsson skrifar.

Það sveif notalegur andi yfir grein Hallgríms og var hún um flest ólík áramótaúttektinni sem var ástæða þess að ég drap niður penna í fyrra skiptið. En það voru þó nokkur atriði sem benda til að hann hafi annað hvort misskilið mig eða ekki nennt að lesa greinina mína og lái honum hver sem vill. Ég kemst samt ekki hjá því að gera nokkrar athugasemdir:

1. Hallgrímur segir að ég hafi ráðlagt honum að tjá sig ekki um þjóðmál og halda sig við skáldskap. Enn fremur heldur hann því fram að ég hafi sagt að rithöfundar ættu erfitt með að greina milli ímyndunar og veruleika. Hvort tveggja er rangt. Í fyrsta lagi talaði ég ekki um rithöfunda almennt. Ég talaði um Hallgrím, sem er að mínu mati góður og skemmtilegur rithöfundur, en hann er ekki rithöfundar og enn síður allir rithöfundar. Ég sagði einungis að Hallgrími væri greinilega lagnara að tjá sig um veruleika sem hann býr til sjálfur en þann sem við hin lifum í. Ég er sammála Hallgrími að það er synd hvað íslenskir rithöfundar tjá sig lítið um þjóðmál og miklu minna en þeir gerðu á árum áður. Þar er skarð fyrir skildi. Það þýðir hins vegar ekki að mér finnist það í lagi þegar rithöfundur tjáir sig um þjóðmál að skrif hans markist af gífuryrðum, staðlausum aðdróttunum og smekkleysi. Það var töluvert af þessu í áramótaúttekt Hallgríms en miklu minna í svarinu við greininni minni.

2. Hann segist aldrei hafa haldið því fram að utanríkisráðherra væri geðveikur. Hann hafi að vísu sagt að hann væri geðveikur en það hafi merkt eitthvað allt annað sem ég skilji ekki vegna þess að ég hafi verið svo lengi erlendis. Og ég eigi að leita hjálpar barna minna til að ráða í þessa nútímalegu notkun orðsins. Ég gerði eins og skáldið lagði til og spurði hóp ungmenna hvernig mér bæri að skilja orðið geðveikur. Þau sögðu mér að þegar orðið væri notað í samhengi eins og geðveikt spennandi eða geðveikt flott væri það áherslúorð en þegar menn segðu geðveikur leiðtogi eða geðveikur Davíð væri oftast um gamaldagsmerkingu að ræða og alltaf þegar orðið væri notað í gagnrýnni umfjöllun. Það er því ljóst að Hallgrímur sagði að Davíð væri geðveikur og hann sér eftir því. En hafið ekki áhyggjur, hann kemst yfir það. Hann gerir það að vísu ekki með því að stinga hausnum í sandinn og vísa til misnunandi túlkana orðs. Það lítur ekki vel út þegar það er skoðað í samhengi þess að nokkrum málsgreinum síðar heldur hann því fram að hálfrar aldar gamalt ákvæði stjórnarskrárinnar sé bara orð á pappír og ekkert rúm fyrir túlkun.

> **Það er barnalegt þegar Hallgrímur uppnefnir Davíð og kallar hann offorsætisráðherra vegna þess að honum finnst hann hafi sýnt offors á köflum.**

3. Hallgrímur gefur í skyn að ég leggist gegn því að fólk komi skoðunum sínum á framfæri og er þá að vísa til þess að ég hafi ekki verið hrifinn af því að kaupa auglýsingu í NYT til að tjá andstöðu gegn stríðinu í Írak. Ég tjáði sjálfur andstöðu mína gegn stríðinu í greininni sem hann var að svara og það gleður mig þegar aðrir gera hið sama. Mér finnst hins vegar hugmyndin um auglýsingu í NYT vond vegna þess að auglýsingar í því ágæta blaði til að tjá pólitískar skoðanir hafa heldur slæmt orð á sér.

4. Hann segist vera mér sammála um að utanríkisráðherra hafi verið óbilgjarn og smekklaus í málflutningi sínum á síðasta ári. Þetta sagði ég einfaldlega ekki. Ég sagði að hann hefði flutt fjölmiðlamálið af smekkleysi og óbilgirni. Að öðru leyti fannst mér Davíð að vanda smekkvís í málflutningi sínum á síðasta ári þótt það hafi hvorki verið hans besta ár í pólitík né á sviði líkamlegrar heilsu.

5. Það er barnalegt þegar Hallgrímur uppnefnir Davíð og kallar hann offorsætisráðherra vegna þess að honum finnst hann hafi sýnt offors á köflum. Þetta hefði þótt sniðugt í tíuárabekk. Þetta er svona svipað því að ég kallaði Hallgrím drithöfund í staðinn fyrir rithöfund eða jafnvel drithöfund Íslands vegna þess að mér finnst að hann hafi tilhneigingu til að kasta heimalöguðum skít þegar hann skrifar um þjóðmál. Varla sniðugt.

Eins og ég sagði í athugasemdum mínum við áramótagreinina þá ætlaði ég í leikhúsið að sjá *Þetta er allt að koma* eftir Hallgrím Helgason. Ég stóð við það og skemmti mér vel. Ég er viss um að ég kom út af leikritinu betri maður. Fyrir það er ég þakklátur. ■



**KÁRI STEFÁNSSON** „Ég talaði um Hallgrím, sem er að mínu mati góður og skemmtilegur rithöfundur, en hann er ekki rithöfundar og enn síður allir rithöfundar."

**HALLGRÍMUR HELGASON** Svaraði um síðustu helgi gagnrýni Kára á áramótaannál sem birtist í Fréttablaðinu.

**ÁHRIFAVALDURINN** **HERBERT GUÐMUNDSSON BREYTTIST VIÐ AÐ HEYRA PLEASE, PLEASE ME**

## Bítlarnir smituðu mig

Það liggur ljóst fyrir að Bítlarnir eru stærstu áhrifavaldarnir þegar kemur að þætti tónlistar í mínu lífi. Reyndar hafði Cliff Richard aðeins velgt mér undir uggum áður, en þá var ég blautur á bak við eyrun. Bíómyndir með Cliff voru sýndar í Tónabíói og dömurnar héldu ekki vatni yfir hinum sykursæta og flotta Cliff, sem þá var ekki vitað að væri samkynhneigður. Man að mamma saumaði á mig kóngabláar terlínbuxur, eins og Cliff klæddist í Summer Holiday og ég var þvílíkt stoltur af þeim, enda sparibuxurnar mínar á þeim tíma.
Ég var svo staddur í gömlu sundlaugunum í Laugardal þegar ég heyrði fyrsta Bítlalagið; þá tólf ára gamall. Það var lagið Please, Please Me. Frá því stafaði tær og kraftmikil orka sem hreyfði við mér svo um munaði, en á þeirri stundu vissi ég að tónlistina yrði ég að leggja fyrir mig; þetta var svo skemmtilegt.
Á þessum tíma sagði fullorðna fólkið að frekar vildi það sjá unga fólkið með gítar en byssu í hönd, en þarna fór hippatíminn í hönd og fyrsta kynslóðin sem sýndi smá uppreisn gagnvart fullorðna fólkinu með því að safna hári og klæða sig öðruvísi, en áður höfðu börn staðið og setið eins og foreldrarnir sögðu. Ég byrjaði svo í skólahljómsveit í Laugarnesinu aðeins tólf ára gamall, því ekki var aftur snúið. Þetta var frábær tími og ég varð aldrei samur. Bítlarnir höfðu smitað mig.



**HERBERT GUÐMUNDSSON** Hann er undir miklum áhrifum frá Bítlunum og Cliff Richard.



**GEORGE, JOHN, RINGO OG PAUL** Gerðu 12 ára Herbert að tónlistarmanni.



**SPILAÐ Á SELLÓ** Þeir félagar hafa spilað saman á selló síðan 1993.

# Loksins sjálfstæðir

## Margir muna eflaust eftir finnsku hljómsveitinni Apocalyptica sem sló í gegn þegar hún lék lög Metallica í sellóútgáfu. Freyr Bjarnason ræddi við Eicca Toppinen forsprakka sveitarinnar.

Finnska hljómsveitin Apocalyptica sló í gegn árið 1996 þegar hún gaf út plötuna Plays Metallica by Four Cellos. Þar hristi hún upp í mörgum af frægustu lögum Metallica, þar á meðal Enter Sandman og Master of Puppets, með því að spila þau eingöngu á selló án þess að raddir kæmu við sögu.

Hinir fjölmörgu aðdáendur Metallica lögðu við hlustir og eru margir þeirra á meðal traustustu aðdáenda Apocalyptica enn þann dag í dag. Ekki er heldur ólíklegt að finnska sellósveitin hafi kveikt þá hugmynd Metallica að gefa út plötu með sinfóníuhljómsveit, sem varð raunin þremur árum síðar þegar S&M kom út.

**Tvær milljónir seldar**

Þetta fljúgandi start Apocalyptica í tónlistarbransanum kom sveitinni á kortið og hefur hún ekki þurft af hafa miklar áhyggjur síðan. Hljómsveitin hefur selt tvær milljónir platna og hefur haldið tónleika í yfir tuttugu löndum. Meðal annars hefur hún hitað tvisvar upp fyrir goðin sín í Metallica. Auk þess að spila lög eftir þá merku sveit hefur Apocalyptica gert sínar útgáfur af lögum eftir aðrar rokksveitir á borð við Sepultura, Faith No More og Pantera. Einnig hefur hún unnið með trommuleikara Slayer, Dave Lombardo, bæði á annarri plötu sveitarinnar, Inquisition Symphony, og þeirri fimmtu sem nýverið kom út og heitir einfaldlega Apocalyptica.

> **„Við erum orðnir að sjálfstæðri hljómsveit; engin Metallica-lög lengur og ekkert of mikið hugsað um sellóleik.**

**Kynntust í tónlistarskóla**

Þeir Eicca Toppinen, aðallagahöfundur sveitarinnar, Paavo Lötjönen og Perttu Kivilaakso kynntust í hinum virta Sibelius-tónlistarskóla í Helsinki og byrjuðu að spila saman árið 1993. Eicca segir þá félaga hafa verið blauta á bak við eyrun er þeir gáfu út sína fyrstu plötu þremur árum síðar. Stefnan hafi síður en svo verið sett á heimsfrægð. „Við ætluðum aldrei að gera plötu og spiluðum bara ánægjunnar vegna. Síðan kom náungi frá litlu plötufyrirtæki í Finnandi og spurði hvort við vildum búa til plötu. Við hefðum orðið ánægðir ef við hefðum selt þúsund eintök en núna höfum við selt 900 þúsund eintök af henni. Það er erfitt að búast við svona hlutum," segir Eicca rámri röddu, hálfkvefaður.

„Á fyrstu plötunni vorum við klassískir sellóleikarar nýbyrjaðir að spila rokktónlist," segir hann. „Við höfðum enga reynslu af því að vera rokkhljómsveit en núna höfum við verið á ferðinni í átta ár og spilað á yfir 500 tónleikum. Á nýju plötunni finnst mér við loksins vera orðnir að alvöru rokkhljómsveit, bæði hvað varðar tónlistina og hljóminn. Ég tel að þessi plata sé vel samkeppnishæf við aðrar rokkplötur sem eru að koma út," segir hann.

Þannig eru öll lög plötunnar eftir liðsmenn Apocalyptica, þar af átta af ellefu eftir Eicca, sem smám saman hefur verið að færa sig upp á skaftið í lagasmíðum.

**Engin Metallica lengur**

Nýja platan var unnin öðruvísi en áður. Þeir félagar tóku hana upp sjálfir í stofunni hjá Eicca og tóku upp demó í fyrsta sinn til að átta sig betur á lögunum. Einnig er söngurinn meira áberandi en áður. „Aðalatriðið var að finna lög sem hefðu sína eigin ímynd og stemningu sem passaði á plötuna. Mér finnst hún sameina það besta frá plötunum Cult og Reflections. Þess vegna vildum við kalla plötuna Apocalyptica, því okkur finnst við núna vera Apocalyptica. Við erum orðnir að sjálfstæðri hljómsveit; engin Metallica-lög lengur og ekkert of mikið hugsað um sellóleik."

Aðspurður hvort Apocalyptica hafi aldrei átt að verða þungarokkshljómsveit segir Eicca að á tímabili hafi þeir félagar íhugað það. „Við vorum að hugsa um það um miðbik ferilsins, fyrir svona fjórum til fimm árum. En þegar við bættum trommuleikara í hljómsveitina fannst okkur það ekki nauðsynlegt því við getum náð svipuðum hljóm úr gítar og við náum úr sellóunum."

**Undir áhrifum frá finnskri náttúru**

Að sögn Eicco semja liðsmenn Apocalyptica lög um sitt eigið líf og nota tónlistina sem síu á sína eigin reynslu. „Venjulega er ég ekkert að hugsa um eitthvað sérstakt efni. Ég sem tónlistina fyrst og síðan fer það eftir henni hvernig titilinn verður og textinn. Það getur verið erfitt að finna nöfn á lögin því það besta við ósungna tónlist er að hún gefur hlustandanum svo mikið rými til að ímynda sér um hvað lagið fjallar. Annars er ég undir mestum áhrifum frá finnskri náttúru og samskiptum við mismunandi fólk í lagasmíðum mínum."

**Spiluðu á Íslandi**

Engir tónleikar með Apocalyptica eru fyrirhugaðir hér á landi á næstunni en Eicca hefur engu að síður mikinn áhuga á að koma. „Við spiluðum í partíi hjá Icelandair fyrir 6 til 8 árum. Það var frábært að heimsækja landið ykkar og ég hefði mjög gaman að því að koma þangað aftur. En það verður mikið að gera á þessu ári og við stefnum á 100 til 120 tónleika."

Það er því nóg fram undan hjá þessari óvenjulegu hljómsveit sem spekúlantar hafa átt erfitt með að staðsetja á tónlistarmælikvarðanum. Helst mætti þó líkja sveitinni við þungarokkssveitir níunda áratugarins þar sem sellóin hafa tekið við af vælandi gíturunum. ■



# Ferðalag um

## Frábær bók fyrir fróðleiksþyrsta og forvitna krakka!

Öll börn eru forvitin um lönd og þjóðir. Í þessum atlas eru kort af öllum heiminum þar sem upplýsingar um landslag og mannlíf eru settar fram með skýrum og skemmtilegum hætti. Hér er á ferðinni glæný bók sem er full af ótrúlega spennandi fróðleik og frábærum myndum!




128 bls.
Verð aðeins
**2.690 kr.**

Einstæðar myndir og mannlífslýsingar




Staðsetningarkort

Skemmtilega myndskreytt kort – landslag, mannlíf og helstu dýrategundir

Gátur, þrautir og verkefni




Hvernig er jörðin að innan?

Spurningar og svör á hverri opnu

# heim og huga




## Bók fyrir alla fjölskylduna!

Í líflegum texta og áhrifaríkum myndum er hér fjallað um 175 lykilhugmyndir sem hafa breytt heiminum frá árdögum til okkar daga. *Hugmyndir sem breyttu heiminum* er bók sem hristir rækilega upp í hugmyndum okkar um heiminn og breytir sýn okkar á lífið og tilveruna.

**Ný hugmynd á hverri opnu!**

**400 bls.**
**- hátt í 1000 myndir**
**verð aðeins**
**4.990 kr.**

**Kaflar bókarinnar:**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Hugur veiðimannsins | 30.000–10.000 f.Kr. |
| 2 | Upp úr leðjunni | 10.000–1000 f.Kr. |
| 3 | Svo mælti Zaraþústra | 1000 f.Kr. |
| 4 | Trúarhugmyndir | 0–1400 e.Kr. |
| 5 | Aftur til framtíðar | 1400–1800 |
| 6 | Framfarablekkingin | 1800–1900 |
| 7 | Öld óvissunnar | 1900–2000 |




Áhugaverðar tilvitnanir

Bent á frekara lesefni

Gerð er grein fyrir uppruna, samhengi, einkennum og afleiðingu hverrar hugmyndar á skýran og myndrænan hátt




Vísanir í tengt efni í bókinni



Spennandi fróðleiksmolar

Edda

# Vatnajökulsþjóðgarður verður til

**Unnið er að umfangsmestu náttúruverndaraðgerð Íslands; stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Áhrifin verða víðtæk og auðga bæði byggð og atvinnulíf. Hugmyndum um virkjun Jökulsár á Fjöllum er ýtt til hliðar. Umhverfisráðherra stefnir á að Vatnajökulsþjóðgarður verði til haustið 2006.**

Með einu pennastriki er hægt að fjölga ferðamönnum hingað til lands um 32 þúsund á ári og hækka gjaldeyristekjur um fjóra milljarða króna. Með sama pennastriki er hægt að mynda heildstætt svæði sem yrði einstakt í öllum heiminum og fá það skráð á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Þetta pennastrik verður hins vegar ekki dregið í sviphendingu. Undirbúningur stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs hefur staðið í nokkur ár og á enn eftir að taka tíma.

Verkefnið er það umfangsmesta sem ráðist hefur verið í hérlendis á sviði náttúruverndar. 15.400 ferkílómetrar lands eru undir, rúmur sjöundi hluti alls Íslands. Verja á sex hundruð milljónum króna til uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðamenn í þjóðgarðinum og er áætlaður rekstrarkostnaður um 130 milljónir á ári. Alcoa og Landsvirkjun hafa lýst sig reiðubúin að taka þátt í uppbyggingar- og rekstrarkostnaði. Enn hefur ekki verið reiknað út hvað vegaframkvæmdir innan garðs muni kosta.

**Þjóðgarðar eru fyrir fólk**

„Ég stefni að því að leggja fram frumvarp um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs haustið 2006. Þessar hugmyndir eru mun metnaðarfyllri en þær sem áður hafa verið til umfjöllunar, bæði hvað varðar stærð og fjölbreytileika,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra. Hún tekur við keflinu af Siv Friðleifsdóttur, sem skipaði nefnd í október 2002 sem gera átti tillögu um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Tveimur árum áður hafði ríkisstjórnin samþykkt að stefna að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Sigríður Anna segir verkefnið mjög flókið. Til dæmis þurfi að ræða við forsvarsmenn allra nærliggjandi sveitarfélaga, sem og landeigendur, en nokkur hluti þess lands sem áætlað er að tilheyri þjóðgarðinum er í einkaeigu. Það auðveldi hins vegar málið að ekkert mæli gegn slíku eignarhaldi. Einstaklingar geta sumsé átt land innan þjóðgarðs.

„Það er misskilningur að ekkert megi aðhafast innan þjóðgarðs, að hefðbundinn búskapur geti ekki þrifist þar og að umferð fólks sé mjög takmörkuð. Gildið er tvíþætt og bara nafnið þjóðgarður felur í sér að hann er ætlaður fólki. Og þó að verið sé að vernda svæði er líka verið að veita að því aðgang,“ segir Sigríður Anna.



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON** „Kárahnjúkavirkjun er ör á þessu svæði en við það verður að búa úr því sem komið er.“

**Vatnajökulsþjóðgarður einstakur**

Ómar Ragnarsson sjónvarpsmaður hefur heimsótt marga þjóðgarða í heiminum og er áfram um að Vatnajökulsþjóðgarður verði að veruleika. Hann telur hann verða fremstan í sinni röð og ástæðan er einföld. „Það er ekki stærðin. Ástæðan er sú að Vatnajökull, frá strönd og upp á jökul á báða bóga, á bara engan keppinaut. Það er ekkert svona fyrirbæri til í heiminum,“ segir Ómar, sem sat í vinnuhópi á vegum Landverndar sem fjallaði um Vatnajökulsþjóðgarð á ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri haustið 2000. „Þá var ekki byrjað að virkja við Kárahnjúka og við höfum það svæði allt inni í okkar tillögum. En svo hófust framkvæmdirnar og um leið minnkuðu möguleikarnir.“ Sumir vilja meina að hægt sé að hafa virkjanir innan þjóðgarða en Ómar segir það af og frá. „Það er ekki hægt. Virkjun er iðnfyrirbæri og getur aldrei verið innan þjóðgarðs, allra síst virkjun sem er ekki endurnýjanleg.“

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur er sama sinnis. „Kárahnjúkavirkjun er ör á þessu svæði en við það verður að búa úr því sem komið er.“

**Hjörleifur kom málinu af stað**

Árið 1993 lagði Hjörleifur til á Náttúruverndarþingi að Vatnajökull yrði friðlýstur. Sex árum síðar lagði hann fram hugmyndir á Alþingi um að gera stóru hálendisjöklana fjóra; Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og Mýrdalsjökul, að þjóðgörðum. Á þeim grundvelli samþykkti þingið þingsályktunartillögu um Vatnajökulsþjóðgarð og Hjörleifi líst vel á. „Jarðfræðileg fjölbreytni þessa svæðis er einstök. Þarna er stærsti jökull Evrópu og safn af nánast öllum eldfjallagerðum sem þekktar eru í heiminum,“ segir Hjörleifur. Hann er þó enn þeirrar skoðunar að friðlýsa beri hina jöklana þrjá og helst stofna um þá þjóðgarða.

Samband Hjörleifs og Vatnajökuls er náið og hann þekkir vel til aðstæðna. „Ég hef verið tengdur þessu svæði nánast alla mína tíð og á níunda áratugnum ferðaðist ég skipulega umhverfis jökulinn og upp á hann. Ég notaði öll sumarleyfi mín á löngum tíma til að kynnast þessu landi og fékk mikla tilfinningu fyrir því. Það er auðvitað betra að hafa náin kynni af svæðum sem maður er að skipta sér af.“



**ÓMAR RAGNARSSON** „Vatnajökull, frá strönd og upp á jökul á báða bóga, á bara engan keppinaut. Það er ekkert svona fyrirbæri til í heiminum.“




**VATNAJÖKULSÞJÓÐGARUR**
Fyrirliggjandi tillögur gera ráð fyrir að græna svæðið, auk Vatnajökuls sjálfs, falli undir fyrirhugaðan þjóðgarð. Þær útlínur sem hér eru dregnar eru grófar og er einungis ætlað að gefa lesendum hugmynd um líklegt umfang þjóðgarðsins.

## Nefnd ráðherra

Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, var formaður nefndarinnar sem falið var að gera tillögur um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls. Aðrir nefndarmenn voru Arnbjörg Sveinsdóttir Sjálfstæðisflokki, Magnús Stefánsson Framsóknarflokki, Steingrímur J. Sigfússon Vinstri grænum og Össur Skarphéðinsson Samfylkingunni.

VERTU MEÐ FRÁ BYRJUN – VIÐ ERUM KOMIN Í LOFTIÐ

DAGSKRÁ LAUGARDAGINN 12. FEBRÚAR

Kl. 10, 12, 15, 17, 18.30
FRÉTTIR

Kl. 9
BÍLAÞÁTTUR
Í umsjón Leós M. Jónssonar.

Kl. 10-12
LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.

Kl. 12-13
FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI
HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar.

Kl. 13-15
SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall.

Kl. 15-17
TÓNLISTARÞÁTTUR DR. GUNNA

Kl. 17-18
BIRTA
Hversdagslífið og listin (e)

Kl. 18-18:30
BROT ÚR ÞÆTTINUM ALLT & SUMT
HALLGRÍMUR THORSTEINSSON
OG HELGA VALA HELGADÓTTIR
Dægurmálaþáttur (e)

Kl. 18:30-20
FRÉTTIR STÖÐVAR 2

Kl. 19-9
19:00 Bílaþáttur (e) | 19:55 Laugardagsmorgunn (e)
21:45 Hádegisútvarpið (e) | 22:30 Sögur af fólki (e)
00:25 Tónlistarþáttur Dr. Gunna (e) | 02:15 Birta (e)
03:10 Allt og sumt (e)

Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
HLUSTAÐU Á VISIR.IS





SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR „Það hefur mikið aðdráttarafl að gera þetta svæði að þjóðgarði og snertir ímynd Íslands.“

## Um þjóðgarða

Friðlýstar náttúruminjar skiptast í fimm flokka og eru þjóðgarðar efstir á blaði. Aðrir flokkar eru friðlönd, náttúruvætti á landi, friðlýstar lífverur, vistkerfi og fleira, og fólkvangar. Landsvæði verður aðeins þjóðgarður ef landslag eða lífríki þess er sérstætt eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.
Fjórir þjóðgarðar eru á Íslandi. Þingvellir voru lýstir þjóðgarður 1930, Skaftafell 1967, Jökulsárgljúfur 1973 og Snæfellsjökull 2001.
Nýr Vatnajökulsþjóðgarður verður um 15.400 ferkílómetrar að stærð, jafnstór furstadæminu Kúvæt.

### Styrkir samkeppnisstöðu Íslands

Talsverður hluti þess lands sem heyra mun til nýs Vatnajökulsþjóðgarðs er þegar friðlýstur með einhverjum hætti. Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum verða hluti hins nýja stóra þjóðgarðs og nokkur önnur svæði eru ýmist friðlönd eða náttúruvætti. Má þar nefna Herðubreiðarlindir og Öskju.

Þrátt fyrir það eru taldar ríkar ástæður til að stofna sérstakan þjóðgarð um þetta svæði og helgast þær af nokkrum þáttum. Allt skipulag er einfaldara ef landsvæðið er ein heild, þjóðgarðslýsingin tryggir sérstaka verndarstefnu og ímyndarlegt gildi er ótvírætt.

„Það hefur mikið aðdráttarafl að gera þetta svæði að þjóðgarði og snertir ímynd Íslands,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir. „Þegar við kynnum okkur fyrir öðrum þjóðum leggjum við áherslu á hreinleika landsins og náttúruna og þetta er í raun hluti af samkeppnisstöðu okkar gagnvart öðrum.“

Hún og Hjörleifur Guttormsson leggja svo bæði áherslu á efnahagslegan þátt málsins og vitna til mats fyrirtækisins Rannsókna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar þar sem fram kemur að nýr Vatnajökulsþjóðgarður gæti þýtt sjö prósenta fjölgun ferðamanna til landsins og viðbótargjaldeyristekjur upp á fjóra milljarða króna. Það munar jú um minna.

### Jökulsá á Fjöllum ekki virkjuð

Almenn sátt virðist ríkja í samfélaginu um áform stjórnvalda um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd hafa lýst sig fylgjandi, ekki síst þar sem þjóðgarðurinn kemur í veg fyrir virkjun Jökulsár á Fjöllum, en lengi hefur verið haft á orði að þar liggi heppilegur virkjunarkostur ónýttur.

Sigríður Anna segir virkjunaráform í Jökulsá á Fjöllum lögð til hliðar. „Með þessu er virkjunaráformum algjörlega ýtt til hliðar og ekki verður hreyft við vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og þar með Dettifossi, vatnasvæði Kreppu og Svartár.“

Íbúar þeirra fjölmörgu sveitarfélaga sem liggja að eða innan þjóðgarðs hafa ríka ástæðu til að fagna enda yfirlýst markmið að vinna að framgangi málsins í samráði við þá og aðra hagsmunaaðila. Þá sjá forsvarsmenn fyrirtækja í ferðaþjónustu fram á bjarta tíð.

Vatnajökulsþjóðgarður mun ekki einasta njóta athygli sem stærsti þjóðgarður Evrópu og einn sá merkasti. Hann er talinn tækur inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna þar sem helstu náttúruperlur og sögulegar menjar veraldar er að finna. Um það segir Sigríður Anna: „Það er mat sérfræðinga að Vatnajökulsþjóðgarður sé tær inn á heimsminjaskrána og ég mun svo sannarlega skoða það mál og vinna að því.“ Og umhverfisráðherrann efast ekki eitt augnablik um dásemdir landsins. „Náttúran þarna er einstök og það er sama frá hvaða sjónarhóli er horft, þetta er stórkostlegt svæði.“

bjorn@frettabladid.is



FRÁ YELLOWSTONE Tíu stærstu verndarsvæði í heimi.

Um 1.600 þjóðgarðar eru í heiminum

## Yellowstone er elsti þjóðgarður heims

Þjóðgarðurinn Yellowstone í norðvestanverðum Bandaríkjunum er elsti þjóðgarður heims, stofnaður 1. mars 1872. Um leið er hann sá þjóðgarður sem er hvað þekktastur í heiminum og leggja milljónir manna leið sína í garðinn á ári hverju.
Yellowstone þekur tæpa 9 þúsund ferkílómetra og er landslag, gróður og dýralíf afar fjölbreytt. Þar er fjöldi hvera sem margir hverjir gjósa reglulega. Miklar ár liðast um hann og þar eru mörg há fjöll. Skóglendi er einnig mikið. Elgir, grábirnir og sléttuúlfar eru meðal dýra sem lifa í þjóðgarðinum. Innan Yellowstone eru vegir sem samtals eru um 800 kílómetra langir og 1.600 kílómetrar af göngustígum.

| | |
|---|---|
| 1. Grænland | 970.000 |
| 2. Arabíueyðimörkin í Sádi-Arabíu | 640.000 |
| 3. Þjóðgarðurinn við Kóralrifið mikla í Ástralíu | 345.000 |
| 4. Kóralvistkerfið á Norðvestur-Hawaii, Bandaríkjunum | 340.000 |
| 5. Amazon-þjóðgarðurinn í Kólumbíu | 320.000 |
| 6. Qiang Tang þjóðgarðurinn í Kína | 250.000 |
| 7. Macquarie-eyja í Ástralíu | 160.000 |
| 8. Churchill-höfði í Kanada | 140.000 |
| 9. Verndarsvæðið fyrir villt dýr í norðurhluta Sádi-Arabíu, | 100.000 |
| 10. Alto Orinoco-Casiquiare lífhvolfið í Venesúela og Bólivíu | 84.000 |

Allar stærðir eru í ferkílómetrum




Styrkir úr Pokasjóði

Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 11. mars n.k. Umsóknum skal skilað á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.

Allur hagnaður af sölu plastpoka merktum Pokasjóði rennur til uppbyggjandi málefna, en Pokasjóður, sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar, veitir styrki til umhverfis- menningar-, íþrótta- og mannúðarmála.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

Að Pokasjóði standa allar helstu verslanir á Íslandi.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 11. MARS

Þeim sem ekki geta nýtt sér Netið er bent á að umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í Húsi verslunarinnar, 6. hæð.

POKASJÓÐUR

pokasjodur.is MERKI UM UPPBYGGINGU

# Er kallaður Fargjaldur

Ferðalög eru ástríða **Ingjalds Hannibalssonar** háskólakennara. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við þennan mikla heimshornaflakkara sem hefur komið til um 120 landa.



**INGJALDUR HANNIBALSSON OG LANDAKORTIÐ GÓÐA** Rauðu punktarnir eru þau lönd sem ég hef komið til, svörtu þau sem eru næst á dagskrá.

Þegar komið er inn á skrifstofu Ingjalds Hannibalssonar, kennara í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, blasir við stórt landakort með rauðum doppum í tugavís, og örfáum svörtum. „Þetta eru löndin sem ég hef komið til," segir hann og bendir á rauðu doppurnar, sem þekja nánast allt landakortið. „Svörtu punktarnir tákna löndin sem eru næst á dagskrá," bætir hann við og segir það vera meðal annars stanñlöndin, svo sem Afganistan, Túrkemenistan, Kasakstan, Tadsjikistan. Hann langi líka til þess að fara til Suðurskautslandsins og þá í gegnum Argentínu. Hann stendur upp og bendir á leiðina þangað á kortinu. „Ég er reyndar ekki með neina tölu yfir það hversu mörg löndin eru sem ég hef komið til, en ættu að slaga upp í 120," segir hann og horfir á kortið eins og hann sé að reyna telja þau. „Þetta byrjaði allt þegar ég fermdist, en þá fór ég til Færeyja, Noregs, Danmerkur og Skotlands." Síðan þá hafa löndin orðið örlítið meira framandi, svo vægt sé til orða tekið.

### Mikið lagt á sig

Ingjaldur, eða „Fargjaldur" eins og margir innan háskólans kalla hann stundum, er nýkominn heim úr enn einu ferðalaginu, en það var rannsóknarferð þar sem hann að eigin sögn blandaði saman sínum þremur helstu áhugamálum, rekstri og stjórnun, mismunandi menningu og rekstri háskóla. „Ég fór fyrst til Kaliforníu og var við Stanford-háskóla, og í kjölfarið tóku við Ameríski skólinn í Kaíró, Kenyetta-háskólinn í Kenía, háskólar í Nýja Suður-Wales, Tókýó, Peking og Bangkok." Þessari miklu rannsóknarferð lauk í Kaupmannahöfn, en á dagskránni er heimsókn til eins í viðbót, háskólann í Nýju-Delí.

Fyrir þann sem ekki þekkir til mætti ætla að skóli eins og Stanford ætti fátt sameiginlegt með skólanum í Kenía. Ingjaldur segir að þó að skólarnir hafi verið jafn ólíkir og þeir voru margir hafi alls staðar sami háskóla- og fróðleiksandinn svifið yfir vötnum. „Háskólinn í Stanford er einn af ríkustu skólum í heimi og hefur allt; glæsilegar byggingar, frábæra rannsóknaraðstöðu og stórt bókasafn," segir Ingjaldur en bætir því við að honum hafi þótt það frábært að fá tækifæri til þess að dveljast við Kenyetta-skólann í Kenía. „Kenía er mjög fátækt land, þar sem stjórnvöld hafa verið spillt, atvinnuleysi mikið og efnahagsástandið í sama farvegi og það var fyrir nokkrum áratugum." Ingjaldur segir að þrátt fyrir alla þessa erfiðleika leggi íbúarnir sig alla fram til þess að geta viðhaldið menntunarstiginu í landinu. „Bókasafnið var reyndar ekki upp á marga fiska, og þeir voru nýbúnir að koma sér upp internettengingu," segir Ingjaldur en bætir því við að háskólaandinn hafi verið óskertur. Hann segist hafa skoðað fjárframlög ríksins og þær tölur beri því glöggt vitni hversu mikið íbúarnir leggi sig fram. „Í Kenía er landsframleiðslan undir hundrað þúsund krónum á hvern íbúa, en ríkið borgar engu að síður hundrað þúsund krónur með hverjum nemanda." Ingjaldur segir að hér á Íslandi sé landsframleiðslan á hvern íbúa rúmar tvær milljónir og ríkið borgi að meðaltali sex hundrað þúsund með hverjum nemanda í háskólanámi. „Háskóli fyrir land eins og Kenía skiptir mjög miklu máli, sem ein meginstoð sjálfstæðis og að landið geti þróast áfram."

### Gróði í stað mannréttinda?

Ingjaldur hefur haft tök á því að kynna sér aðstæður og menningu mismunandi landa. „Þegar lagt er upp í ferðalag til framandi lands er nauðsynlegt að vita hvað megi og hvað ekki," segir hann og bætir við að á sínum ferðalögum reyni hann fyrst og fremst að virða menningu hvers lands. „Þá verður ferðamaðurinn líka alltaf að hafa það hugfast að það er hann sem er gesturinn," segir hann og þar að auki sé oft gott að hugsa um eigin heimaslóðir. „Það er margt skrýtið hér á landi, sem útlendingar rekur oft í rogastans yfir," segir hann og hlær.

Ingjaldur hefur mjög sterkar skoðanir á hlutverki alþjóðasamfélagsins og segist oft ekki alveg skilja forgangsröðina hjá því. Hann vill þó ekki fullyrða að það stjórnist af gróðasjónarmiðum, í stað mannúðarsjónarmiða, eins og kannski oft mætti ætla. Það eigi þó að vera hlutverk alþjóðasamfélagsins að vernda þá sem er verið að misþyrma. „Vestræn ríki stóðu sig afar illa þegar þjóðarmorðin í Súdan hófust. Það á að grípa inn í þegar milljónir manna eru fluttir í burtu og drepnir," segir hann og telur jafnframt að ekki sé hægt að þröngva vestrænu lýðræði upp á ríki sem hvorki hafi byggt upp heilbrigðis – né menntunarkerfi. Grundvöllur lýðræðis sé að þessi tvö kerfi séu byggð upp og þjóðin hafi nóg að bíta og brenna. „Lýðræðið skiptir litlu máli fyrir svangan, ómenntaðan og veikan mann."

### Heimsborgari?

Ingjaldur er búinn að heimsækja allar heimsálfurnar fyrir utan Suðurskautslandið. Hann reynir að lesa sér eins mikið til og hægt er um þau lönd sem hann ætlar að fara til og gætir þess að sem fæst komi honum óvart. „Ég lenti reyndar í því einu sinni, þegar ég ætlaði að taka mynd á markaði á markaði í Libreville í Gabon, að fólkið kom aðvífandi til mín og tjáði mér að því væri ekki vel við myndatökur af markaðinum," segir Ingjaldur, sem vonast til þess að ferðalögin hafi slegið enn frekar á hans eigin fordóma, þó að auðvitað geti enginn verið fordómalaus. „Ég er kannski laus við sleggjudómana."

Hann vill þó ekki gera of mikið úr þessum ferðalögum og reynir hæversklega að koma sér undan því að vera kallaður heimsborgari. „Í mínum huga er heimurinn lítill og það myndi ekki vefjast fyrir mér að vera kominn til Ástralíu eftir tvo daga, ef svo bæri undir. Þannig standa málin eiginlega, að það eru fá lönd sem ég á eftir að koma til í fyrsta skipti, svo það má kannski segja að ég sé orðinn heimsborgari," segir hann brosandi.

### New York höfuðborg heimsins

Ingjaldur segist eiga erfitt með að gera upp á milli landa, hvert land hafi sína sérstöðu. „New York er engu að síður höfuðborg heimsins og allar aðrar borgir sem ég hef komið til líta út fyrir að vera þorp við hliðina á henni." Hann segist líka eiga ákaflega vota minningu frá Bangladess. „Þegar ég kom inn í borgina var allt á floti og dyravörðurinn bar mig á bakinu inn á hótel. Þegar ég ætlaði að fara í göngutúr niður í bæinn náði vatnið upp á kálfa. Í kringum mig var fólk að selja vörur á borðum sem rétt stóðu upp úr vatninu." Hann segir að þetta hafi honum þótt ákaflega óþægilegt og hann hafi tekið fyrstu flugvél burtu.

Þá hafi hann líka lent í því að vera fastur í fimm þúsund metra hæð í Tíbet. „Við festumst í drullu, á jeppaferðalagi frá Katmandu til Lhasa. Vorum þar í tíu tíma og þrír af samferðalöngum mínum urðu lífshættulega veikir vegna hins þunna loftslags. Þetta var alveg skelfilegt."

Þá kom Íran honum skemmtilega á óvart. „Það voru flestir á því að þetta væri hættulegt land og báru það fyrir sér að Írönum væri ílla við útlendinga. Ég hlustaði ekkert á þetta og fór af stað." Hann segist hafa lesið sér til um klæðaburð karlmanna, og komist að því í gegnum bækur að karlmenn væru í síðerma skyrtum og síðum buxum." Þegar ég kom þangað voru margir karlmennirnir í stutterma skyrtum," segir hann og hlær, segir enn fremur að ótti vina hans hafi algjörlega óþarfur. „Þegar ég var á gangi í mörgum af görðunum sem þarna eru buðu íbúarnir mér te og jafnvel mat. Þeir voru mjög vingjarnlegir," segir Ingjaldur og bendir á í léttum dúr að þetta myndu væntanlega fáir Íslendingar eiga til að gera.

Ingjaldur er hvergi nærri hættur að ferðast, enn séu lönd eftir sem hann eigi eftir að heimsækja. „Þetta er eiginlega orðin ástríða, að ferðast og kynna sér menningu annarra þjóða," segir hann og lítur snöggt á landakortið góða, fullur tilhlökkunar að bæta við enn einum rauðum punkti á það. ■

## Á 73 lönd eftir

Á jörðinni búa um 6 miljarðar manna sem skiptast í 271 þjóð innan 193 sjálfstæðra ríkja. Ingjaldur hefur komið til um 120 landa, eða sextíu prósent allra þeirra ríkja sem til eru. Þess má til gamans geta að samkvæmt Heimsmetabók Guinnes tók það John Bougen og James Irving 167 daga að heimsækja 191 ríki af þessum 193 ríkjum.




Aðalvinningur verður dregin úr öllum innsendum SMS skeytum.199 kr/skeytið


**FRÁ BORGINNI MINNI** **RÓBERT GUNNARSSON HANDBOLTAMAÐUR BÝR Í ÁRHÚSUM**

## Litla borgin með stóra hjartað

Ég er nú búinn að búa hérna í Árhúsum ansi lengi, en hef verið svolítið umkringdur Íslendingum, fyrst spilaði ég með Þorvarði Tjörva og nú spilar Sturla Ásgeirsson með mér, svo að ég tala íslensku á hverjum degi. Það er kannski þess vegna sem það hefur gengið svona illa að læra málið. Borgin er á Jótlandi, eiginlega alveg fyrir miðju lengst hægra megin, alveg við hafið og á þessu svæði búa um þrjú hundruð þúsund manns. Þetta er ákaflega skemmtileg borg, full af lífi, þó mér finnist alltaf vera meira að gerast í Reykjavík, kannski af því þar þekkir maður hverja einustu þúfu. Ég er reyndar að flytjast á brott, til Þýskalands og er því alltaf að komast meir og meir að því hversu vel ég kann við mig hérna. Hérna er stórt listasafn og reglulega kemur hingað fjöldinn allur af tónlistarmönnum, þannig að ég get ekki kvartað undan tilbreytingarleysi. Það er allt krökkt af Íslendingum hérna, og þeir verja töluverðum tíma saman. Við erum til dæmis fjórir strákar sem erum með klúbb, sem heitir Brunch Boy Club, en þá velur einn aðilinn veitingastað sem við síðan förum á og borðum. Í Árhúsum er líka vel hægt að versla, og hér er stórt verslunarhverfi. Svo er hér líka allt morandi í veitingastöðum, kaffihúsum og börum. Mitt uppháldskaffihús heitir Sigfrid, en þar er án nokkurs vafa hægt að fá besta kaffið á þessum slóðum. Svo á ég mér tvo eftirlætis veitingastaði. Annar þeirra heitir Marco Polo, og er alveg þrælódýr, þar er hægt að fá vel útilátna máltíð á fimmtán hundruð krónur, og ef vín er fengið með, þá fer þetta ekki mikið yfir tvö þúsund krónur.



Horft yfir borgina sem oft hefur verið nefnd litla borgin með stóra hjartað.

Hinn er Kiff Kiff, sem er norður – afrískur staður, pínkulítill og þar kemur maður með vínið sjálfur. Ef við mætum fjórir eða fleiri, getum við pantað dæmigerðan rétt þaðan.



**GEORGE CLOONEY**
Er talinn vera eitt af táknum fyrir nýja kynslóð, svokallaðra hetero metro

Var metró sexúal-maðurinn ekki til?

# Hetero metro eða Uber – Sexual

Nú þurfa þeir sem töldu sig hafa misst af einhverri mestu tískubyltingu og hugafarsbreytingu meðal karla ekki að gráta það lengur. Metró sexúal-maðurinn, sem tröllreið hér öllu, var sennilega aldrei til, og ef svo var, er hann um það bil að deyja drottni sínum. Hugtakið metró sexúal var reyndar fyrst opinbert í riti fyrir rúmum tíu árum síðan, en varð síðan *tískuorð* í kjölfar rannsóknar einhvers vinsælasta tískufrömuður Bandaríkjanna, Marian Salzman árið 2003. Þar taldi hún að karlmenn yrðu í auknum mæli tengdari sínum tilfinningum, yrðu snyrtilegri, myndu jafnvel fara í handsnyrtingu, líkamsrækt og yrði annt um húðina sína. David Beckham varð táknmynd þessa hóps, sem gat verið fullkomlega hreinskilinn um þessar nýju „kvenlegu“ hliðar sínar.



**DAVID BECKHAM**
Var talinn vera eitt helsta tákn metró sexúal-kynslóðarinnar, en reyndist vera hetero metro eða uber-sexual.

En margt vatn hefur runnið til sjávar síðan, og nú hefur Salzman snúið bakinu við þessu hugtaki, sem hún telur hafa farið offari, og leitt til þess að markaðurinn taldi í auknum mæli að hægt væri að breyta körlum í hálfgerðar konur. Það hafi ekki verið ætlunin með þessari skilgreiningu. „Karlmenn vilja vera kynþokkafullir og líta vel út, svo þeir komist í kynni við þá kvenmenn sem þeir þrá,“ segir hún og telur að í stað þess að nota orðið metró-sexúal sem sé orðið merkingarlaust fyrirbæri, séu karlmenn í dag, ýmist hetero metro, eða uber sexual. „Þetta eru hugtök sem eru nú notuð yfir leikara eins og George Clooney og Brad Pitt.“ Þess má til gamans geta að Lake Michigan Superior-háskólinn í Bandaríkjunum hefur einnig lýst því yfir, að metro-sexúal hugtakið sé eitt mest misnotaðasta orðið og ofnotaðasta orð dagsins í dag. Þá hefur skólinn einnig úrskurðað það sem merkingarlaust orð. ■



**MARIAN SALZMAN**
Var sú sem gerði metró-sexúal að tískuorði, en hefur nú úrskurðað það merkingarlaust.

**ÓMISSANDI** HANDBOLTAKAPPINN VIGNIR SVAVARSSON OG KÖRFUBOLTAKONAN HELENA SVERRISDÓTTIR VÖLDU ÞRJÁ ÓMISSANDI HLUTI

## Clay Ferry skíðaúlpa



**VIGNIR SVAVARSSON**, landsliðsmaður í handbolta, vinnur í fatabúðinni Dogma á Laugaveginum. Handboltinn á einnig hug hans allan og deildin fer að byrja af fullum krafti eftir tæpa tveggja mánaða pásu. Vignir æfir með Haukum.

**Geislaspilarinn í bílnum** er algjörlega nauðsynlegur aðallega vegna skorts á almennilegum útvarpsstöðvum. Mér finnst fínt að hlusta á góða tónlist á leiðinni á æfingu. Ég hlusta eiginlega á allt milli himins og jarðar, fer bara eftir því hvernig skapi ég er í.



**Clay Ferry skíðaúlpan mín**. Hún er ómissandi þessa dagana sökum kulda. Þetta er svona skíðaúlpa í anda níunda áratugarins. Þetta er hrikalega fín úlpa, ég er ánægður með hana. Tvímælalaust uppáhaldsúlpan mín.



**Kaffi á morgnana**. Mér finnst voða gott að koma við á Prikinu eða á Te og kaffi og fá mér einn bolla. Ég get ekki gert nokkurn skapaðan hlut áður en ég drekk morgunkaffið. Ég nota kaffið til þess að opna daginn, reyndar drekk ég kaffi allan daginn en það er nauðsynlegast á morgnana.



## Nike körfuboltaskór



**HELENA SVERRISDÓTTIR** æfir körfubolta með meistaraflokki Hauka og er ein sú efnilegasta í greininni í dag. Hún stundar nám í Flensborg í Hafnarfirði. Á sunnudaginn er mikilvægur leikur hjá þeim stelpunum í Haukum því þá keppa þær á móti Grindavík í úrslitaleik bikarkeppninnar. Helena valdi þrjá ómissandi hluti.

**Körfuboltaskórnir.** Það eru ekki beinlínis einhverjir sérstakir skór sem ég vil taka fram heldur körfuboltaskór yfir höfuð. Þeir eru náttúrulega nauðsynlegir fyrir körfuboltann og ég á reyndar ansi marga og er frekar mikil skófrík. Nike er uppáhaldsmerkið mitt.



**Boltinn minn.** Körfubolti yfir höfuð er ómissandi fyrir mig og boltinn er hluti af því. Ég er búin að æfa í tólf ár eða síðan ég var fimm ára þannig að körfuboltinn er stór hluti af lífi mínu. Ég hef alltaf æft með Haukum.



**Nike buxurnar mínar.** Þær eru rosa þægilegar, þykkar og fínar. Ég er eiginlega alltaf í þeim og aðallega heima. Ég sef líka oft í þeim. Þetta eru eiginlega svona þægilegar heimabuxur sem er nauðsynlegt að eiga.




ÚTSÖLUMARKAÐURINN GLÆSIBÆ

Opnum í dag skómarkaðinn sem allir hafa beðið eftir

Ótrúlegt úrval af vinsælum herra-, dömu- og barnaskóm:

Frábær verð eða frá kr. 995,-

Mikið úrval af töskum, eitt verð kr. 995,-

Opið sem hér segir:
Í dag, laugardag frá 10:00-18:00
Sunnudag frá 13:00-17:00
Alla virka daga frá 10:00 –18:00

Komdu og gerðu góð kaup!

Skómarkaðurinn Glæsibæ
S: 693-0997

skór.is
Valmiki

Sumar Plús 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!



Netverðdæmi

Costa del Sol
Verð frá 47.066 kr.*
á Santa Clara í 7 nætur.
57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krít
Verð frá 49.400 kr.*
á Skala í 7 nætur.
60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal
Verð frá 39.500 kr.*
á Elimar í 7 nætur.
54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca
Verð frá 38.730 kr.*
47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm
Verð frá 34.230 kr.*
á Halley í 7 nætur.
46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókunarafsláttur og flugvallarskattar.

EUROCARD MasterCard VISA

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# sport

sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

... forráðamönnum handknattleiksdeildar ÍBV sem ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Félagið hefur haldið úti gífurlega öflugu handboltastarfi undanfarin ár þrátt fyrir að eiga lítið bakland í íslenskum leikmönnum. Dýrir útlendingar hafa verið fluttir inn til að hægt sé að stilla upp almennilegu liði og verið fjármagnaðir með gríðarlegu ötulu starfi ótal sjálfboðaliða sem hafa meðal annars bakað kleinur og haldið böll til að láta enda ná saman. Það er unnið hugsjónastarf fyrir handboltann í Eyjum og fyrir það ættu handknattleiksáhugamenn að vera þakklátir.



# Lið ÍBV kostar tugi milljóna

**Formaður handknattleiksdeildar ÍBV leynir því ekki að hann haldi úti atvinnumannaliðum. Fjárhagsáætlun deildarinnar gerir ráð fyrir bikarúrslitaleik og árangri. Tap kvennaliðsins gegn Gróttu/KR í bikarnum var því mikið áfall fyrir ÍBV.**

**HANDBOLTI** Það vakti gríðarlega athygli í vikunni þegar hið unga og óreynda kvennalið Gróttu/KR sló út atvinnumannalið ÍBV í undanúrslitum SS-bikarsins í Vestmannaeyjum. Úrslitin eru mikið áfall fyrir handknattleiksdeildina því rekstur deildarinnar er afar dýr enda margir erlendir leikmenn sem leika með karla- og kvennaliði félagsins. Það gera þeir ekki án greiðslu.

Hlynur Sigmarsson og félagar í handknattleiksdeild ÍBV eru stórhuga í rekstrinum og þeir gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins að kvennaliðið komist í bikarúrslit. Með þeim áfanga tekst þeim að halda rekstrinum í jafnvægi. Það segir sig því sjálft að það er kjaftshögg fyrir deildina að komast ekki í úrslit í ár.

### Þrjár milljónir í húfi

„Þessi úrslit hafa mikil áhrif á reksturinn enda teflum við djarft og gerum ráð fyrir því að komast í bikarúrslitaleik. Við verðum af tæpum þrem milljónum króna þar sem við komumst ekki í Höllina og það er áfall," sagði Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, en hann eygir enn von um að bjarga tímabilinu þar sem karlaliðið er einnig í undanúrslitum en þeir leika gegn ÍR í dag. Sigur í dag bjargar því miklu fyrir deildina.

Hlynur segir þessi úrslit samt ekki hafa áhrif á rekstur deildarinnar það sem eftir lifir vetrar. Enginn útlendingur verður sendur heim og Alfreð Finnsson verður ekki rekinn sem þjálfari kvennaliðsins. Hlutirnir verða aftur á móti endurskoðaðir í sumar.

Stefna ÍBV að flytja inn fjölda útlendinga á hverju ári til þess að leika handbolta er ekki öllum að skapi og hafa margir gengið svo langt að segja að ÍBV kaupi sér titla með þessari stefnu sem sé ósanngjörn gagnvart öðrum liðum. Hlynur segir að þetta sé eina leiðin til þess að halda starfinu gangandi.

„Þú færð ekki fólk til þess að vinna í kringum þetta ef þú ætlar að stilla upp miðlungsliði sem verður um miðja deild. Því spilum við til að vinna og fólk vill frekar vinna fyrir sigurlið en taplið," sagði Hlynur en hann játar fúslega að deildin sé að velta tugum milljóna á ári hverju og liðin hans eru heldur ekki ódýr.



**GÓÐAR EN DÝRAR** Birgit Engl og Sylvia Strass eru meðal þeirra atvinnumanna sem hafa leikið með ÍBV á síðustu árum. Þær héldu báðar til Þýskalands eftir gjöfult tímabil hjá ÍBV í fyrra. Fréttablaðið/Ómar

### Á við gott fótboltalið

„Rekstur deildarinnar er á við gott fótboltalið enda erum við að velta tugum milljóna á ári. Liðin okkar eru ekki heldur ódýr en þau kosta tugi milljóna króna." Til að fólk átti sig betur á umfangi deildarinnar þá má launakostnaður úrvalsdeildarliðs í körfubolta á Íslandi ekki vera meiri en sex milljónir króna á ári.

Á fastalandinu hefur verið talað um að handknattleiksdeild ÍBV sé dyggilega styrkt af útgerðunum í Vestmannaeyjum og því sé ekkert mál að reka deildina. ÍBV hafi betri aðgang að fjármagni en önnur félög. Það segir Hlynur að sé alrangt.

### Baka kleinur

„Við löbbum ekki inn í útgerðirnar og förum út með milljónir. Hlutirnir virka ekki þannig. Þetta hefst aftur á móti með mikilli vinnu duglegs fólks sem er tilbúið að leggja mikið á sig. Við stöndum fyrir alls konar uppákomum eins og böllum, sýningum og öðru. Svo bökum við líka kleinur og allt skilar þetta peningi í kassann," sagði Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV.

**henry@frettabladid.is**

**ÚTLENDINGAR HJÁ ÍBV**

| | |
|---|---|
| **Karlalið** | |
| Andrija Adzic | skytta |
| **Tita Kalandadze** | **skytta** |
| Robert Bognar | skytta |
| **Kvennalið** | |
| Anastasia Patsiou | hornamaður |
| **Darinka Stefanovic** | **línumaður** |
| Florentina Grecu | markvörður |
| **Zsofia Pasztor** | **skytta** |
| Ana Perez | skytta |
| **Tatjana Zukovska** | **skytta** |

Sigurður Bjarnason spáir í spilin fyrir leikina tvo í undanúrslitum SS-bikarsins:

# ÍBV og HK fara í úrslitaleikinn

**HANDBOLTI** Fyrri undanúrslitaviðureignin í dag fer fram í Austurbergi, þar sem heimamenn í ÍR taka á móti Eyjamönnum, og hefst leikurinn klukkan 13.30.



**SIGURÐUR BJARNASON** Spáir HK og ÍBV sæti í bikarúrslitum í handboltanum.

„Þetta verður örugglega mjög skemmtilegur leikur. ÍBV er með mjög sterkt lið sem hefur leikið vel undanfarið, eins og sást á sigri á Val á dögunum. ÍR-ingar eru auðvitað til alls líklegir, en ég held að Eyjamenn séu með sjálfstraustið í lagi til að klára þennan leik. Þeir eru með ljómandi skemmtilega unga stráka úr Eyjum sem eru að leika vel og svo eru þeir með sterka útlendinga. Það vegur þungt fyrir ÍR-liðið að vera á heimavelli en ég held samt að ÍBV sé á það mikilli siglingu þessa dagana að liðið taki þetta," sagði Sigurður.

Í hinni undanúrslitaviðureigninni mætast Grótta/KR og HK á Seltjarnarnesi, en flautað verður til leiks klukkan 16.15. Sigurður gerir ráð fyrir að gestirnir séu mun sigurstranglegri.

„HK-liðið er geysisterkt og þar sem Grótta/KR hefur verið að dala nokkuð undanfarið sé ég liðið einfaldlega ekki ná að leggja HK. Ég spái HK-mönnum áfram þar. Þeir eru með frábæra útlendinga og sterka liðsheild," segir Sigurður Bjarnason, fyrrum landsliðsmaður í handknattleik.

Ef spá Sigurðar gengur eftir verða það því ÍBV og HK sem mætast í bikarúrslitaleiknum í Laugardalshöll laugardaginn 26. febrúar næstkomandi.

**-bb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

9 10 11 **12** 13 14 15

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.30 **ÍR** og **ÍBV** mætast í Austurbergi í undanúrslitum SS-bikars karla í handbolta.
- 13.30 **Stjarnan** og **ÍBV** mætast í Ásgarði í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 13.30 **FH** og **Haukar** mætast í Kaplakrika í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.00 **Drangur** og **ÍA** mætast í Vík í 1. deild karla í körfubolta.
- 14.00 **Víkingur** og **Grótta/KR** mætast í Víkinni í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.00 **Stjarnan** og **Breiðablik** mætast á Stjörnuvelli í Faxaflóamóti kvenna í fótbolta.
- 15.00 **Höttur** og **Ármann/Þróttur** mætast á Egilsstöðum í 1. deild karla í körfubolta.
- 16.15 **Valur** og **Fram** mætast í Valsheimilinu í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **Grótta/KR** og **HK** mætast á Seltjarnarnesi í undanúrslitum SS-bikars karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 10.35 **NBA-boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Cleveland Cavaliers** og **Denver Nuggets** í NBA-deildinni í körfubolta.
- 12.05 **Upphitun** á Skjá einum.
- 12.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Everton** og **Chelsea** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 12.50 **Meistaramót Íslands í glímu** á RÚV.
- 13.05 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 13.05 **NBA – bestu leikirnir** á Sýn. Sýnt frá leik **Los Angeles Lakers** og **Philadelphia 76ers** í NBA-deildinni í körfubolta árið 1980.
- 13.30 **Bikarkeppnin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **ÍR** og **ÍBV** í undanúrslitum SS-bikars karla í handbolta.
- 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 14.45 **Landsleikur í fótbolta** á Sýn. Útsending frá vináttulandsleik **Englands** og **Hollands** í fótbolta.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Birmingham** og **Liverpool** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 15.05 **Opna breska meistaramótið í golfi 2004** á RÚV.
- 16.05 **Bikarkeppnin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Gróttu/KR** og **HK** í undanúrslitum SS-bikars karla í handbolta.
- 16.25 **Sterkasti maður heims 2004** á Sýn.
- 16.55 **Inside the US PGA Tour 2005** á Sýn. Sýnt frá bandarísku PGA-mótaröðinni í golfi.
- 17.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Bolton** og **Middlesbrough** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 17.20 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Tottenham** og **West Brom** í enska bikarnum í fótbolta.
- 19.25 **World Supercross** á Sýn.
- 20.20 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Valencia** og **Deportivo** í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 23.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Jermains Taylor** og **William Joppy** í desember 2004.




Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is






## STUÐ MILLI STRÍÐA : Hann tók í höndina á mér

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM DAGLEG SAMSKIPTI SÍN VIÐ FRÆGA FÓLKIÐ.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Starf mitt hér á Fréttablaðinu er oftast mjög lifandi og skemmtilegt. Það gefur manni tækifæri á hverjum degi til að hitta og spjalla við fólk sem maður myndi annars ekki komast í tæri við, þ.e. fræga fólkið.

Á mínum blaðamannsferli hef ég tekið viðtöl við hvert mikilmennið á fætur öðru. Einna minnisstæðast var þegar ég skundaði upp á Þingvelli blíðviðrisdag einn í fyrrasumar og tók viðtöl bæði við Davíð Oddsson og George Robertson, lávarð og þáverandi framkvæmdastjóra NATO. Var ég ánægður með að ná einhverjum „commentum“ frá þeim félögum enda búinn að leggja á mig langt og strangt ferðalag til að hafa uppi á þeim.

Nokkrum árum áður, er ég vann á öðru dagblaði, tók ég aftur á móti mitt fyrsta „stjörnuviðtal“ þegar ég hringdi í Guðna Ágústsson í leit að viðbrögðum við einhverju sem ég man ekki lengur hvað var. Einhverra hluta vegna ímyndaði ég mér Guðna sitjandi í mestu makindum í aftursætinu á limósínu er hann lét gullkorn sín flakka. Ég skrifaði upp það sem ég náði og sauð saman frétt úr því.

Síðan þá hef ég talað við marga þekkta einstaklinga úr skemmtanabransanum, bæði innlenda sem erlenda, og bara haft gaman af enda hefur þetta oft verið fólk sem er eða hefur eitt sinn verið í uppáhaldi hér á bæ. Í fyrradag talaði ég til dæmis við meistara Megas og síðar sama dag heyrði ég í Sölva Blöndal, sem hefur samið mörg frábær lög fyrir Quarashi. Í gær hitti ég síðan Ragnhildi Gísladóttur og Jakob Frímann, sem bæði hafa gert stórskemmtilega hluti með Stuðmönnum.

Forseti Íslands tók líka í höndina á mér í gær. Ég held að ég sé nokkrum sentimetrum hærri en hann og handtak hans var lausara en ég bjóst við. Hann virkaði samt á mig sem fínn náungi. Held ég eigi bara eftir að taka viðtal við hann. Þá verður sko toppnum náð og ég get lagt blaðamannapennann sáttur á hilluna.

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott






**SKÍTAMÓRALL** Hljómsveitin Skítamórall hefur verið í hljóðveri frá því í haust. Ný plata er væntanleg í vor.

# Fyrsta plata Skítamórals í sex ár

Hljómsveitin Skítamórall hefur verið að undirbúa nýja plötu sem væntanlega mun koma út í vor. Sveitin hefur verið í hljóðveri með jöfnu millibili frá því í haust og hefur sú vinna gengið vel. Nýtt lag er síðan væntanlegt í útvarpsspilun eftir tvær til þrjár vikur.

„Við ákváðum að leyfa jólasleninu að renna af okkur en erum komnir til baka núna á fullt blast,“ segir Gunnar Ólason, gítarleikari og söngvari sveitarinnar. „Við erum búnir að vera jafnt og þétt í stúdíói og stefnum að því að platan komi út í vor. Þetta hefur gengið mjög vel og það sem er komið inn lofar alla vega góðu,“ segir hann.

**Tími kominn á nýja plötu**

Nýja platan, sem hefur ekki enn fengið nafn, verður fyrsta breiðskífa Skítamórals í sex ár en í millitíðinni gáfu þeir félagar út safnplötu þar sem tvö ný lög var að finna. Gunnar játar að tími hafi verið kominn á nýja plötu. „Menn eru búnir að vera að sanka að sér efni síðan 1999 þannig að það ætti nú eitthvað að vera til í handraðanum.“ Sigurjón Brink, gítarleikari og söngvari The Flavors, mun einnig eiga nokkur lög á plötunni auk þess sem verið er að skoða lög frá fleiri höfundum þessa dagana. „Við ætlum að ná góðri, heilsteyptri plötu sem mun að öllum líkindum líða bara vel í gegn,“ segir hann.

**Blendnar tilfinningar**

Þeir Skítamóralspiltar eru orðnir fjórir því Einar Ágúst Víðisson, sem hefur verið helsti söngvari sveitarinnar, er hættur. Vegna persónulegra vandamála þurfti hann að draga sig í hlé og vinna úr sínum málum. „Þetta eru blendnar tilfinningar en við höfum nú verið fjórir saman frá árinu 1989 og vitum svo sem alveg hvernig það er,“ segir Gunnar um brotthvarf Einars Ágústs, sem kemur hvergi við sögu á nýju plötunni. „Það er allt gott að frétta af honum. Hann dró sig í hlé frá bandinu í haust og er ekki með í dag. Svo verður bara að koma í ljós hvað framtíðin ber í skauti sér.“ Gunnar mun því sjá alfarið um sönginn í fjarveru Einars.

**„Kemestría“ sem virkar**

Það verður nóg að gera hjá Skítamóral á næstunni því fyrir utan gerð nýrrar plötu hefur sveitin verið bókuð á böll fram yfir páska. Aðspurður um ástæðuna fyrir þessum miklu vinsældum ár eftir ár segir Gunnar að Skítamórall virðist hafa einhverja „kemestríu“ sem sé að virka. „Við reynum líka að hamra járnið meðan það er heitt. Við erum meðvitaðir um hvað við erum að gera og reynum að skila þessu sem best frá okkur,“ segir hann. Stundum hefur verið talað um að einhver kergja hafi verið innan Skítamórals í gegnum árin og þess vegna hafi hún ekki náð að starfa samfleytt í öll þessi ár. „Það er ekkert til í því. Þetta er bara samstaða og eining, allir í góðum fíling. Það er bara drífandi í þessu bandi,“ segir Gunnar ákveðinn.

Fyrsta ball Skítamórals síðan á Brodway á annan í jólum verður haldið í Hvíta húsinu á Selfossi, heimabæ strákanna, í kvöld. Þetta verður jafnframt fyrsti dansleikurinn þar í bæ síðan um áramótin.

freyr@frettabladid.is

## Einar er farinn

Einar Ágúst Víðisson, sem nú er hættur í Skítamóral, byrjaði í sveitinni árið 1997 eftir að Karl Þór Þorvaldsson tók pokann sinn. Einar fór strax að láta að sér kveða sem söngvari og gítarleikari.

Árið 1998 kom út platan Nákvæmlega, sem náði gullsölu enda hafði hún að geyma marga slagara, þar á meðal hið vinsæla Farin eftir Einar Bárðarson. Árið eftir kom út platan Skítamórall og þar átti Einar meðal annars lögin Hey þú og Fljúgum áfram, sem bæði slógu í gegn. Árið 2000 söng Einar Ágúst í Eurovision ásamt Telmu Ágústsdóttur og náðu þau 12. sæti.

Eftir að Skítamórall hætti skömmu síðar söng Einar meðal annars með Greifunum, sigraði í keppninni Landslagið og stofnaði síðan hljómsveitina Englar. Árið 2002 kom Skítamórall aftur saman og hefur verið starfandi allar götur síðan, en nú er enginn Einar Ágúst með í för.



**EINAR ÁGÚST** Einar Ágúst Víðisson í góðum gír með Skítamóral áður en hann hætti í sveitinni.










# Grænir dagar

Græni liturinn kemur eins og ferskur vindur inn í vor- og sumartískuna. Það eru merkilega margir grænir tónar í móð núna, allt frá ljósgrágrænum upp í skærgrænan. Þetta er breið litasinfónía sem lýsir upp veturinn á meðan við bíðum eftir sól í haga. Brúnn er sérlega fallegur með grænum og svo er svart og grænt alltaf svolítið rokkað saman. Þær djörfu blanda grænum við bleikan og bæta jafnvel metallitum saman við. Þó vel megi nota grænan sem grunnlit er oft fallegra að nota hann með öðrum litum. Grænt belti lífgar upp á heildarmyndina og grænar sokkabuxur setja punktinn yfir i-ið en mikið er um græna fylgihluti. Núna er mest „flatterandi“ að vera annaðhvort með risastórar töskur eða pínulitlar. Þessar töskur mega vel vera grænar eða með aggressívu mynstri þar sem græni liturinn kemur við sögu. Örsmáar töskur úr grænum pallíettum eða rúskinni eru æðislegar þegar skvett er úr klaufunum að næturlagi um helgar. Þá þarf bara að vera pláss fyrir húslykil, gloss, debetkort og síma. Græni liturinn er ekki bara flottur í fötum og fylgihlutum. Hann slær í gegn í snyrtivörum. Þunnt lag af grænum augnskugga dregur fram brúna litinn í augunum og gerir blá augu meira seiðandi. Til að fullkomna sköpunarverkið má bæta grænum maskara við. Það er ofurskvísulegt. Til að fylgja tískunni alla leið kemur ekkert annað til greina en að fara til Grænlands í sumarleyfinu og borða bara grænmeti og grænt te. Gleymdu þó orðatiltækinu að grasið sé alltaf grænna hinum megin við girðinguna. Það er löngu dottið úr tísku.








LAGERÚTSALA




T-bolir 300 / Síðerma T-bolir 500 / Flíspeysur frá 500
Kuldagallar (Small) 1.000 / Samfestingar (Small) 1.000
Pólóbolir 700 /Skyrtur 1.000 / Jakkar frá 2.000
Svuntur fyrir mötuneyti 500 / Töskur / Húfur / Handklæði
Barna pólóbolir 500 / Barna joggingbuxur

*Opið 9-17 virka daga og laugardaga 11-17*

*Erum í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu*

Tanni er auglýsingavöru fyrirtæki
Við bjóðum fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum meðal annars:
T-boli, póló boli, háskólapeysur, flíspeysur, penna, reiknivélar, klukkur...
*allt með þínu merki.*

tanni auglýsingavörur www.tanni.is




Kúrekastígvél með mynstri og krumpuð um ökklann, 15.500 kr.

Fiðrildamynstrið er alveg að gera sig. GS skór 17.990 kr.

Allar alvöru rokkpæjur þurfa að eiga ein svona stígvél. GS skór, 21.990 kr.

Lillablá kúrekastígvél frá Bianco úr rúskinni og leðri, 15.200 kr.

Hvítu saumarnir gera heilmikið fyrir þessi einföldu kúrekastígvél. Steinar Waage 12.990 kr.

Bleik kúrekastígvél með kögri frá Bertie, 15.500 kr.

## Kúrekastígvélin lifa

Það eru eflaust margir að spá hver staða kúrekastígvélanna sé? Hvort fjárfesta eigi í einum slíkum eða hvort þessi tíska sé að detta út? Sannleikurinn er sá að kúrekastígvélin eru í mikilli sókn og þessi tíska nær hámarki þegar það fer að vora. Það er til dæmis mjög smekklegt að vera í kúrekastígvélum við víð pils í þjóðernisstíl og þau klikka ekki við gallabuxur eða gallapils. Þau koma líka eins og himnasending við öll síðu og víðu pilsin sem verða svo móðins í sumar. Kúrekastígvélin eru eins misjöfn og þau eru mörg. Það nýjasta í þessari tísku eru kúrekastígvél í mótorhjólastíl. Þar eru pönkaraáhrifin ríkjandi og margir gætu haldið að svoleiðis kúrekastígvél ættu bara heima í veröld Sniglanna. Svo er ekki. Mörg kúrekastígvél státa einnig af flottum mynstrum eins og fiðrildum og öðrum ævintýralegum myndum og stungum. Þá gildir sú regla, því meira því betra. Þó kúrekastígvélin séu mikil tískuvara núna skal þó varast að taka kúrekastílinn inn eins og hann leggur sig.



## Buffalo-skór mesta tískuslysið

**Nafn:** Jómbi.

**Starf:** Stílisti hjá Zöru.

**Uppáhaldshönnuðir?** Alexander McQueen, Hedi Slimane og Dolce & Gabbana.

**Uppáhaldslitirnir?** Mér finnst allir litir fallegir.

**Hvernig flíkur heilla þig mest?** Ég er veikastur fyrir bolum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Síðast keypti ég mér gallabuxur frá Bluestar, sem er undirmerki frá Levi's, og pólóbol í Zöru.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið?** Ég er að hugsa um að sanka að mér fleiri pólóbolum og mjög flottum ljósum gallabuxum úr léttu gallaefni.

**Uppáhaldsverslun?** Verður maður ekki að segja Zara?

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Það er svo misjafnt. Stundum eyði ég engu og stundum miklu meira.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Í augnablikinu get ég ekki verið án úlpunnar minnar.

**Uppáhaldsflík?** Gömlu fermingarfötin hans afa.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Buffalo-skór, þá var ég ungur og vitlaus.

# Möndludraumur

Hugsaðu vel um kroppinn á nýja árinu og njóttu þess að dekra við hann. Það er alls ekki vitlaust að hafa fastan dekurdag í hverri viku. Nýja möndlulínan frá L'occitane er himnesk þegar kemur að dekri. Hún fyllir vitin af svo ljúffengri angan að mann langar helst til að drekka sturtusápuna og smyrja húðskrúbbinu ofan á brauð. Byrjaðu á því að fara í bað eða sturtu og þvoðu líkamann hátt og lágt upp úr sturtuolíunni. Svo skaltu bera á þig húðskrúbb og nudda vel á lærin, magann og rassinn. Þegar þú kemur upp úr baðinu er viðeigandi að bera á sig möndluhúðmjólkina, leggjast upp í rúm og hugleiða um stund. Möndluvörurnar styrkja húðina og mýkja yfirborðið ásamt því að auka teygjanleika hennar. Þær henta því bæði þunguðum konum sem öðrum.




**Kynningarfundur um gönguferðir erlendis**

Verður haldinn sunnudaginn **13. febrúar** frá kl. 14.00-17.00 í Tjarnarsal Ráðhússins.

**Myndasýning og ferðalýsingar:**
Frá kl. 14.00-15.30
**Slóvakía** í "hefðbundnum" og "léttum" takti
**Dolomitafjöll og Toscana** í "hefðbundnum", "léttum" og "takti sælkerans"
Frá kl. 15.30-17.00
**Mallorca** í "hefðbundnum", "blómstrandi" og "spænskum" takti
**Pyreneafjöll** í "hefðbundnum" takti
**Krít** í "hefðbundnum" og "léttum" takti
**Thuringen** í "léttum" takti

GÖNGU-HRÓLFUR

ÚRVAL-ÚTSÝN




**!** **Kl. 16.00**

*Klukkan* ***16*** *í dag sýnir Kvikmyndasafn Íslands nokkrar stórmerkilegar kvikmyndir sem teknar voru á Íslandi á árunum milli stríða. Þar á meðal eru* ***Hafnarfjarðarmyndir Bíó-Petersens*** *frá 1919 og Íslandsmyndir frá 1926 eftir þýska leikstjórann* ***Hubert Schonger*** *auk Íslandsmyndar* ***Danans Leo Hansen*** *frá 1929.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Drekadans niður Laugaveginn

Mikið er um dýrðir meðal Kínverja um allan heim þegar nýtt tunglár gengur í garð í dag. Hér á landi ætlar Kínversk-íslenska menningarfélagið og Félag Kínverja á Íslandi að efna til drekadans niður Laugaveginn í dag í tilefni kínverska nýársins.

Með í göngunni verður fimmtán metra langur dreki, litríkur mjög, sem eltir perlu. Einnig verða slagverksleikarar með í för. Drekadansinum stjórnar Unnur Guðjónsdóttir ballettmeistari en Lárus Halldór Grímsson stjórnar slagverkinu.

Lagt verður af stað frá Hlemmi klukkan 14 og gengið sem leið liggur niður Laugaveg og Bankastræti, vestur Austurstræti og beygt inn í Pósthússtræti og um Austurvöll að Ráðhúsinu. Foreldrar eru hvattir til að taka börn sín með í drekadansinn. Fólk er einnig hvatt til þess að hafa með sér hvaðeina sem framkallað getur sem mestan gauragang. Drekinn þolir vel að sem hæst láti í kringum hann.



**UNNUR GUÐJÓNSDÓTTIR MEÐ DREKANN MIKLA**

Að dansinum loknum verður sýning í sal Ráðhússins á Wushu og Kung fu bardagalist. Þátttakendur verða frá Heilsudrekanum en stjórnandi sýningarinnar verður Guan Dongqing.

## EKKI MISSA AF…

… slagverkshópnum **Benda**, sem heldur tónleika í Borgarleikhúsinu í dag í tónleikasyrpunni **15.15**. Gestir Bendu að þessu sinni verða þeir **Jóel Pálsson** og **David Bobroff** sem blása fersk-um vindum í kontrabassaklarinett og kontrabassabásúnu.



… **Háskólakórnum** og **Vox Academica** sem flytja hið rómaða tónverk **African Sanctus** á tvennum tónleikum í Neskirkju í dag. Stjórnandi er **Hákon Leifsson** en **Sigrún Hjálmtýsdóttir** syngur einsöng. Fyrri tónleikarnir hefjast klukkan 15 en þeir síðari klukkan 18.



# Eivör syngur í Salnum

Eivör Pálsdóttir kemur fram í Salnum í Kópavogi annað kvöld ásamt KaSa-hópnum, sem áður hét Kammermúsíkhópur Salarins. Þar flytur hún eigin lög í nýjum útsetningum eftir Hilmar Örn Hilmarsson, Árna Harðarson, Pétur Grétarsson og Kjartan Valdimarsson.

„Þetta eru bara einföld lög í útsetningum fyrir KaSa-hópinn, en þeir sem útsetja lögin eru mjög ólíkir þannig að þetta verða mjög fjölbreytilegir tónleikar," segir Eivör.

Eivör hefur haft í nógu að snúast undanfarið, því hún er nýkomin frá Danmörku þar sem hún hefur verið að taka upp plötu með Stórsveit danska ríkisútvarpsins, Danmarks Radio Big Band.

„Þetta er ekki endilega djass," segir Eivör, þrátt fyrir að stórsveit spili með henni. „Þetta er frekar einhvers konar þjóðlagastíll, mín tónlist en með svona stórsveitarhljómi."

Á þessari plötu, sem væntanleg er í verslanir í mars, verða ný og gömul lög í bland, rétt eins og á tónleikunum í Salnum. Sum lögin á plötunni heyrast líka á tónleikunum á morgun, en í býsna ólíkri útsetningu.

Nú í vikunni var Eivör kosin Færeyingur ársins og segir það hafa komið sér mjög á óvart.

„En ég er mjög stolt af því, þetta er frábært og mikill heiður fyrir mig," segir Eivör, sem kann greinilega að meta viðurkenningu landa sinna.

KaSa-hópinn skipa að þessu sinni þær Áshildur Haraldsdóttir á flautu, Sif M. Tulinius á fiðlu, Bryndís Björgvinsdóttir á selló, Helga Þórarinsdóttir á víólu og Nína Margrét Grímsdóttir á píanó.

KaSa-hópurinn flytur einnig á þessum tónleikum píanókvintett eftir Jón Ásgeirsson. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EIVÖR PÁLSDÓTTIR** Syngur eigin lög í nýjum útsetningum fyrir KaSa-hópinn á spennandi tónleikum í Salnum í Kópavogi annað kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

9 10 11 **12** 13 14 15

**Laugardagur**

### ■ KVIKMYNDIR

☐ 16.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði, nokkrar **Íslandsmyndir** sem teknar voru á millistríðsárunum.

### ■ TÓNLEIKAR

☐ 15.00 **Hanoi Jane** og **Þórir** koma fram í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

☐ 15.00 **Háskólakórinn** og **Vox Academica** flytja **African Sanctus** í Neskirkju. Stjórnandi er **Hákon Leifsson**, einsöngvari er **Sigrún Hjálmtýsdóttir**.


**TOSCA**

2. sýn. 13. feb. kl. 19 – **örfá sæti laus** • 3. sýn 18.feb. kl 20 – **uppselt**
4. sýn. 20. feb. kl. 19 – **örfá sæti laus** • 5. sýn. 25. feb. kl. 20 – **nokkur sæti laus**
6. sýn. 27. feb. kl. 19 – **nokkur sæti laus** • 7. sýn. 4. mars kl. 20
8. sýn. 6. mars kl. 19 • 9. sýn.12. mars kl. 19.
**Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst**

**Vivaldi – Trúarleg verk og óperur**
Hádegistónleikar þriðjudaginn 15.febrúar kl. 12.15 – Marta Hrafnsdóttir, alt Sigurðar Halldórsson, selló og Kurt Kopecky, semball flytja verk eftir Vivaldi.

**Miðasala á netinu: www. opera.is**

www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Landsbankinn

Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.






**Tenórinn**

Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20

**Sýningum fer fækkandi**

IÐNÓ — Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

**Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:**

**Ástandið**

**Sögur kvenna frá hernámsárunum**
Fumsýning 13. febrúar kl.14.00
Miðvikudaga kl.14.00
Sunnudaga kl.14.00

**Vetrarhátíð - Grímuball**
Bardukha og Andrea Jónsdóttir
laugardaginn **19. febrúar**.






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**ÖXIN OG JÖRÐIN**
**ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
9. sýn. í kvöld lau. 12/2 **örfá sæti laus**, 10. sýn. fim. 17/2 **nokkur sæti laus**, 11. sýn. fös. 25/2, lau. 5/3. **Sýningum fer fækkandi.**

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - *Thorbjörn Egner*
Sun. 13/2 kl. 14:00 **uppselt**, **aukasýning lau. 19/2 kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 20/2 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 27/2 kl. 14:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Sun. 13/2 **uppselt**, lau. 19/2 **uppselt**, lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
3. sýn. fös. 18/2 **örfá sæti laus**, 4. sýn. sun. 20/2 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 24/2 **örfá sæti laus**, 6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 19/2 **nokkur sæti laus**, lau. 26/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Sun. 20/2 **örfá sæti laus**, fim. 24/2. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT**
Fi 17/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 18/2 kl 20
Lau 19/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 25/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20,
Su 13/3 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
***Sýningar halda áfram eftir páska.***

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Su 13/2 kl 14,
Su 20/2 kl 14
Su 27/2 kl 14
Su 6/3 kl 14 - **Aukasýning** ***Síðustu sýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ***

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Aðalæfing mi 16/2 kl 20 - kr. 1.000
Forsýning fi 17/2 kl 13 - kr. 1.000
Frumsýning fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT**,
Su 13/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20 - **UPPSELT**,
***Sýningum lýkur í febrúar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 6/3 kl 20
***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 13/2 kl 20, Su 20/2 kl 20,
Su 27/2 kl 20, Fi 3/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Í kvöld kl 20, Fö 18/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20,
Mi 2/3 kl 20
***ATH: Bönnuð yngri en 12 ára***

**15:15 TÓNLEIKAR**
*Benda - Nýtt efni*
Í dag kl 15:15

**VESTURFARARNIR - NÁMSKEIÐ**
**Í samstarfi við Mími - símenntun**
Mi 16/2 - Helga Ögmundardóttir
Mi 23/2 - Böðvar Guðmundsson
Innifalið: Boð á Híbýli vindanna

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar**

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**



**SPÍTALASKIPIÐ**
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
Lau. 12. feb. kl. 20 - örfá sæti laus -
Aukasýningar
Fim. 17. feb. kl. 20 - örfá sæti laus -
Fös. 18. feb. kl. 20
Lau. 19. feb. kl. 20 - lokasýning
Miðaverð 1000 kr.
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS



**LANDIÐ VIFRA**
Leiksýning byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárns
Sun. 13. feb. kl. 14. laus sæti
Mið. 16. feb. kl. 10. uppselt
Lau. 19. feb. kl. 14. uppselt
Þri. 22. feb. kl. 14. uppselt
Sun. 6. mars kl. 14. laus sæti
**Miðaverð kr. 1.200**
Miðasala s. 562 5060 - www.moguleikhusid.is

# Ættarmót fyrir hálfri öld

Sýning Sigurðar Örlygssonar, sem hann opnar í Galleríi Sævars Karls í dag, er eins konar afmælissýning. Fyrir aldarþriðjungi hélt hann sína fyrstu málverkasýningu.

Sýninguna nefnir hann Ættarmót fyrir hálfri öld, enda er myndefnið fólk sem hann man eftir þegar hann var átta eða níu ára stráklingur að alast upp í Laugardalnum í Reykjavík.

Hann treystir þó ekki eingöngu á minnið, því hann lagðist í heilmikla heimildavinnu vegna sýningarinnar og gróf upp ljósmyndir af ættingjum sínum, sem allir eru skyldir honum í þriðja lið. Í einu verkanna getur að líta sjötíu portrettmyndir af ættingjum Sigurðar sem hann hefur fest á striga.

Sigurður hefur síðustu 10 ár fengist við æskuminningarnar í listsköpun sinni. „Ég er að mála upp ævi mína," segir hann.

Gömlu frumefnin eru einnig sterkur þáttur í verkum hans – eldur, vatn, loft og jörð. Hann segist vera hrifinn af Leonardo da Vinci.

Jasskvintettinn UHU! mætir á opnunina í Galleríi Sævars Karls og sér til þess að sveiflan ráði ríkjum. Liðsmenn UHU! eru einlægir aðdáendur Miles Davis. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SIGURÐUR ÖRLYGSSON** Hann opnar í dag sýningu í Galleríi Sævars Karls.

- 15.15 Slagverkshópurinn **Benda** heldur tónleika í 15:15 tónleikasyrpunni í Borgarleikhúsinu. Gestir Bendu verða þeir **Jóel Pálsson** og **David Bobroff**.
- 18.00 **Háskólakórinn** og **Vox Academica** flytja **African Sanctus** í Neskirkju. Stjórnandi er **Hákon Leifsson**, einsöngvari er **Sigrún Hjálmtýsdóttir**.

## LISTOPNANIR

- 14.00 Listamaðurinn **Sigurður Örlygsson** opnar málverkasýningu sína, "Ættarmót fyrir hálfri öld", í Galleríi Sævars Karls.
- 15.00 Sendiherra Rússneska sambandsríkisins á Íslandi, **Alexander Rannikh**, opnar í félagsheimili MÍR, Vatnsstíg 10, sýningu á **sovéskum veggspjöldum og ljósmyndum** frá stríðsárunum 1941-1945,
- 18.00 **Undir linditrénu** nefnist sýning með nýjum verkum eftir **Steingrím Eyfjörð** sem opnuð verður í Banananas við Laugaveg 80.
- Hin árlega ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands, **Mynd ársins 2004**, verður opnuð í tíunda sinn í Gerðarsafni. Á neðri hæð safnsins verður jafnframt opnuð ljósmyndasýning **Ragnars Axelssonar**.
- **Bára K. Kristinsdóttir** ljósmyndari opnar sýninguna "Heitir reitir" í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, sem er til húsa á sjöttu hæð í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15.

## SKEMMTANIR

- 22.00 Gleðihljómsveitin **Sérsveitin** spilar í Vélsmiðjunni, Akureyri.
- **Jet Black Joe** spilar í Sjallanum á Akureyri.
- Hljómsveitin **Fimm á Richter** heldur uppi fjörinu á Classic Rock, Ármúla 5.
- **Lúdó og Stefán** rokka og tjútta eins og þeim er einum lagið á Kringlukránni.
- Dansleikur með hljómsveitinni **Þúsöld** í Klúbbnum við Gullinbrú.
- **Þröstur 3000** verður með nýjustu og ferskustu dansmúsikina á Sólon.
- **Spilafíklarnir** leika í kjallaranum á Celtic Cross en hljómsveitin **Tveir snafsar** leika á efri hæðinni.
- **Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.
- **Addi M.** spilar og syngur á Catalinu.
- **Hermann Ingi** jr skemmtir gestum Búálfsins í Hólagarði.

## FYRIRLESTRAR

- 15.00 **Jón Proppé**, gagnrýnandi og heimspekingur, flytur fyrirlestur um peninga og siðmenningu í Ketilhúsinu á Akureyri.

## FUNDIR

- 12.00 **Hilmar Malmquist** náttúrufræðingur og **Þorsteinn Hilmarsson** upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar halda stutt framsöguerindi um kortið "Ísland örum skorið" á sjötta laugardagsfundi Reykjavíkurakademíunnar.
- 13.00 **Félag um átjándu aldar fræði** heldur málþing í sal Þjóðarbókhlöðu á 2. hæð um **hallæri og hörmungar** á átjándu öld.

## SAMKOMUR

- 20.30 Myndlistarakademía Íslands afhendir tilgerðarlausum íslenskum myndlistarmanni **Ullarvettlingana**, hina árlegu myndlistarviðurkenningu sina, á Næsta bar, Ingólfsstræti 1a.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




























## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Matt LeBlanc** segist hafa hafnað mörgum kvikmyndatilboðum vegna þess að honum finnst kvikmyndaleikur of áhættusamur. LeBlanc leikur um þessar mundir í þáttunum vinsælu Joey og líkar vel við sjónvarpslífernið. „Ég skoða kvikmyndatilboð en það er svo erfitt að taka þeim. Það eru allt aðrar aðstæður í kvikmyndum. Þú veist til dæmis ekki hvort leikstjórinn sé góður nema hann sé verulega frægur," sagði hann. „Þú ert líka alltaf að taka upp í útlöndum. Mig langar að geta horft á sjónvarpið og farið að sofa í mínu eigin rúmi."



TÓNLIST

# 800 Íslendingar í Royal Albert Hall

Alls verða 800 miðar í boði fyrir Íslendinga á tónleika Stuðmanna í tónleikahöllinni Royal Albert Hall í London þann 24. mars næstkomandi, á skírdag.

Höllin, sem er ein sú frægasta í heiminum, rúmar um 3.000 manns í sæti og verður því vænn hluti hennar skipaður íslenskum aðdáendum sveitarinnar. Eru tónleikarnir hluti af heimstónlistarseríu þar sem hljómsveitum hvaðanæva af úr heiminum er boðið að koma fram í Royal Albert Hall.

„Þessir tónleikar eru rökrétt framhald af þjóðflutningunum til Kaupmannahafnar fyrir ári síðan þegar við spiluðum fyrir framan 2.000 manns," segir Jakob Frímann Magnússon Stuðmaður um tónleikana. „Annars vitum við lítið um þennan Albert Hall, en grunar að hann sé forfaðir Sigurðar Hall." Tónleikarnir í Kaupmannahöfn vöktu mikla lukku og vonast Stuðmenn til að endurtaka leikinn í London, enda um frábært tækifæri að ræða.

Að sögn Jakobs munu Stuðmenn flytja eldri lög sem lítið hafa heyrst á tónleikum þeirra að undanförnu auk þess sem nýir slagarar fá að fljóta með. Sungið verður á íslensku þrátt fyrir að tónleikastaðurinn sé enskur og margir áheyrendur verði þaðan.

Tveir Stuðmenn hafa áður komið fram í Royal Albert Hall. Eyþór Gunnarsson, sem er nýkominn í sveitina, spilaði þar í tvígang með Randy Crawford og Egill Ólafsson lék þar í leikritinu Vesalingunum.

Miðasala á tónleikana hefst hjá Icelandair á þriðjudag og er reiknað með því að eftirspurnin verði mikil, enda fá sæti í boði. Degi eftir tónleikana gefst Lundúnabúum tækifæri til að sjá tvær kvikmyndir Stuðmanna, Með allt á hreinu og Í takt við tímann, í kvikmyndahúsi í Notting Hill Gate.

freyr@frettabladid.is



**SKÁL!** Stuðmenn halda tónleika í Royal Albert Hall í næsta mánuði. Hér skála þeir á Hótel Borg í gær í tilefni fararinnar. Stuðmanninn Egil Ólafsson vantar á myndina en hann var erlendis.













## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Courtney Love** hefur hlotið þriggja ára skilorðsbundinn dóm fyrir að ráðast á konu með flösku. Atvikið átti sér stað í Beverly Hills á heimili fyrrverandi kærasta Love. Hún kom að konu sofandi á sófanum í íbúð hans, henti flösku í hana og elti hana með vasaljós að vopni. Love hefur áður fengið 18 mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir eiturlyfjanotkun.



**Kevin Federline** hefur í fyrsta skipti lýst yfir ást sinni á **Britney Spears** opinberlega og segist ekki hafa getað beðið eftir að giftast henni. Sögusagnir undanfarna daga hafa þó verið í þá áttina að hjónabandið sé í molum. „Foreldrar okkar sögðu okkur að bíða með það að giftast en við vissum að þetta væri rétt. Ég gæti talað endalaust um hvað ég elska hana mikið og hún er líka stolt af mér," sagði Federline.



**Robbie Williams** segist eiga laginu sínu Angels alla velgengnina að þakka. Ballaðan var valin besta lag síðasta aldarfjórðungs á Brit-verðlaununum þó svo að það hafi aldrei náð hærra en í fjórða sæti vinsældalistans og hafi verið skrifað á aðeins tuttugu mínútum. „Angels er það sem gerir mig að manninum sem ég er í dag," segir Robbie. Í kosningunni skaut Angels lögum eins og Love Will Tear Us Apart eftir Joy Division, Wuthering Heights með Kate Bush og Queen-laginu We Are the Champions ref fyrir rass.



FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN KRINGLAN

WHITE NOISE
Yfirnáttúrulegur spennutryllir af bestu gerð sem vakið hefur gríðarleg viðbrögð og slegið rækilega í gegn í USA og víðar. VARÚÐ: YKKUR Á EFTIR AÐ BREGÐA.
Sýnd kl. 6, 8.30, og 10.40 B.i. 16

HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV
★★★½ - kvikmyndir.com
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
MILLION DOLLAR BABY
Sýnd kl. 6.30, 8.30 og 10 B.i. 14

WALT DISNEY KYNNIR splunkunýtt ævintýri um Bangsímon sem þú átt eftir að "fríla" í botn!
Bangsímon og Frílinn
kl. 12, 2, 4, 5 & 6.30 m. ísl. tali kl. 4.30 m. ensku tali
L.S. A SER. OF UNFORTUNATE EVEN. kl. 12 & 2.15 THE INCREDIBLES kl. 12 & 2.15 ísl. tal
HÁDEGISBÍÓ 400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 12 um helgar í Sambíóunum Kringlunni

REGNBOGINN CLOSER Frumsýnd 17. febrúar.
FLIGHT OF THE PHOENIX
"Mögnuð spennumynd um baráttu upp á líf og dauða."
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára
Golden Globe verðlaun Annette Bening sem besta leikkona
BEING JULIA
Annette Bening & Jeremy Irons
Stórskemmtileg mynd þar sem Annette Bening fer á kostum
1 Tilnefning til Óskarsverðlauna Annette Bening sem besta leikkona
Sýnd kl. 3, 5.40, 8 og 10.20
5 Tilnefningar til Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og handrit
★★★★ Þ.Þ FBL
SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd" S.V. MBL ★★★★★
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára
the SEA INSIDE
★★★ - MMJ kvikmyndir.com ★★★★ - Ó.H.T. Rás 2
Sýnd kl. 3 og 8
★★★ NMJ Kvikmyndir.com
★★★★ SV Mbl
FINDING NEVERLAND
Sýnd kl. 5.40 & 10.30 B.i. 14 ára

SÍMI 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL.
★★★ - kvikmyndir.is
Meet the Fockers
Kl. 1.30, 3.40, 5.50, 8 og 10.15
LEONARDO DICAPRIO
★★★★ - HJ, MBL. ★★★★ - Ó.Ö.H. DV
★★★★ - Baldur, Popptíví
★★★1/2 - Kvikmyndir.is
★★★ - Ó.H.T. Rás 2
AVIATOR
11 tilnefningar til Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og leikari.
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10
Astrid Lindgrens Sjóræningjar á SALTKRÁKU 3
SÝND kl. 2 & 4 ÍSL.TAL - ATH! VERÐ 500 KR.
BÚI & SÍMON
kl. 2 ÍSL. TAL - ATH! VERÐ 400 KR.
TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 2 – AÐEINS 400 KR.

BÆKUR

# Arthur Miller látinn

Leikritaskáldið Arthur Miller er látið, 89 ára að aldri. Miller, sem var af mörgum talinn merkasta eftirlifandi leikritaskáld Bandaríkjanna, lést úr hjartaáfalli á heimili sínu í Roxbury.

Á meðal frægustu verka hans var Sölumaður deyr, sem hefur notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina. Fékk Miller hin virtu Pulitzer-verðlaun fyrir verkið árið 1949, þegar hann var aðeins 33 ára gamall. Hann lenti enn meira í sviðsljósinu þegar hann kvæntist leikkonunni Marilyn Monroe árið 1956 en þau skildu fimm árum síðar. Í viðtali árið 1992 sagði Miller að Monroe hefði verið haldin sjálfseyðingarhvöt og hann hefði eytt öllum tíma sínum í að reyna að hjálpa henni. Bar það engan árangur. ■



**MILLER OG MONROE** Arthur Miller og Marilyn Monroe voru gift í fimm ár.

HESTAR & MENN
TILBOÐ
Frábærir kuldagallar
Mjög vandaðir kuldagallar frá Top Reiter nú á sértilboði
Verð áður kr. 19.900. Nú á kr. 15.900
www.hestarogmenn.is
þar finnur þú enn fleiri tilboð.
TILBOÐSVERÐ SAGA COLLECTION Skóbuxur
Vandaðar skóbuxur m/ rennlás.
Barnastærðir kr. 6.900
Fullorðinsstærðir kr. 7.900
Flíshanskar
Verð frá aðeins kr. 195
OPIÐ ALLA HELGINA LAU. 10-16 OG SUN. 12-15
Lynghálsi 4 • 110 R. S: 567 3300 • www.hestarogmenn.is

SPLUNKUNÝTT ÆVINTÝRI BANGSÍMONS SEM ÞÚ ÁTT EFTIR AÐ "FRÍLA" Í BOTN!
Walt Disney PICTURES KYNNIR
Bangsímon og Frílinn
Í DAG OG Á MORGUN
SAMBÍÓIN
AKUREYRI Með íslensku tali kl. 2 - 4 - 6
ÁLFABAKKA Með íslensku tali kl. 2 - 3.45 og 6.20
KRINGLUNNI Með ísl. tali kl. 12 - 2 - 4 - 5 - 6.30 m/ensku tali kl. 4.30
KEFLAVÍK Með íslensku tali kl. 2 - 4 - 6

2GB
• • Verðvernd og frítt á frídögum!
V12
• • Hraði 3 Mb/s
• • Verðvernd "þú greiðir aldrei meira en fyrir 2GB"
• • Frítt á frídögum.*
• • Frír beinir**
3Mb/s ADSL V12
Aðeins 3.699 kr. á mánuði ALLT innifalið!
Alltaf bestu pakkarnir! Allt innifalið og engin aukagjöld!
Hafðu hraðann á... Allir sem fara í verslanir BT og fá sér tengingu fá 2 miða á dávaldinn Sailesh.
BTNET fleiri bitar • meiri hraði
Komdu við í næstu BT verslun eða hringdu í 588-1234 og pantaðu þér tengingu. * Viðskiptavinir fá 500Mb af erlendu niðurhali frítt um helgar. ** Gegn 12 mánaða áskrift á kreditkort.

## STÖÐ 2 BÍÓ



**SHANGHAI NOON:** Jackie Chan leikur aðalhlutverkið á móti Owen Wilson.

**6.00** Life Without Dick (BB) **8.00** Sugar and Spice **10.00** Shanghai Noon **12.00** Spy Kids **14.00** Sugar and Spice **16.00** Shanghai Noon **18.00** Spy Kids **20.00** Life Without Dick (BB) **22.00** Phone Booth (SBB) **0.00** Do Not Disturb (SBB) **2.00** The Untouchables (SBB) **4.00** Phone Booth (SBB)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bravó **22.15** Korter

## OMEGA

**18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Miðnæturhróp

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**COLIN LEIKUR Í PHONE BOOTH Á BÍÓRÁSINNI KL. 22.00 OG 04.00 Í KVÖLD.**

## *Komst ekki í Boyzone*

Hjartaknúsarinn Colin James Farrell fæddist 31. maí árið 1976 í Dyflinni á Írlandi. Móðir hans, Rita, neyddi hann til að sækja danstíma þegar bróðir hans, Emmon Farrell yngri, byrjaði í danstímum. Emmon kom Colin einnig í leiklistina, en hann sótti leiklistarskóla og mældi með honum fyrir Colin. Colin lærði leiklist í Gaiety-leiklistarskólanum í Dyflinni en hætti í honum áður en hann lauk námi og fór til Ástralíu að leika sér með vinum sínum. Þá var hann sautján ára. Nokkrum mánuðum seinna fór hann í áheyrnarprufu fyrir BBC-þáttaröðina Ballykissangel árið 1996 og fékk hlutverkið. Hann lét á sér bera í því hlutverk í heimalandinu auk þess að fá hlutverk í þáttaröðinni Falling for a Dancer árið 1998 og í fyrstu kvikmynd Tims Roth, The War Zone árið 1999. Colin færði sig til London og lék þar talsvert á sviði áður en leikarinn Kevin Spacey tók eftir honum í leikritinu In a Little World of Our Own og mælti með honum við Joel Schumacher sem þá var að leita að fólki í kvikmyndina Tigerland árið 2000. Colin negldi hlutverkið og fékk verðlaun sem besti leikarinn frá gagnrýnendum í Boston. Eftir Tigerland hefur Colin fengið í hlutverk í stórmyndum og hefur svo sannarlega fest sig í sessi sem leikari og algjör kvennabósi um leið. Colin greyið hefur þjáðst af krónísku svefnleysi síðan hann var aðeins tólf ára en það hefur ekki náð að spilla ferli hans. Það munaði þó minnstu að Colin hefði farið aðra leið í lífinu því hann fór í áheyrnarprufu fyrir írsku strákasveitina Boyzone en fékk ekki inn þar.



**Þrjár bestu myndir Farrells:** **Minority Report** – 2002. **Phone Booth** – 2002. **The Recruit** – 2003.








**19.40** *Spjall*

**LAUGARDAGSKVÖLD með Gísla Marteini. Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum í spjall og ljúf tónlist er spiluð.**



**21.20** *Bíó*

**DREAMCATCHER. Fjórir vinir sem fara saman í veiðiferð til Maine en á skellur hrikalegur stormur og þeir eru ekki einir.**



**12.40** *Enski boltinn*

**EVERTON – CHELSEA. Eiður og félagar í Chelsea eru efstir í deildinni en verða að vinna í dag til að halda góðu forskoti.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bú! **8.13** Brandur lögga **8.23** Bubbi byggir **8.37** Bitti nú **9.02** Ævintýri H.C Andersens **9.28** Gæludýr úr geimnum **9.55** Stundin okkar **10.25** Siggi og Gunnar **10.30** Krakkar á ferð og flugi **11.00** Viltu læra íslensku? **11.20** Kastljósið **11.45** Óp

**12.15** Yfir Ermarsund **12.50** Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá leik ÍR og ÍBV í undanúrslitum karla. **14.45** Opna breska í golfi **15.40** Handboltakvöld **16.00** Bikarkeppnin í handbolta. Bein útsending frá leik Gróttu/KR og HK í undanúrslitum karla. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40 Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

**20.30 Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**21.00 Allt í háaloft** (The Air Up There) Bandarísk gamanmynd frá 1994. Körfuboltaþjálfarinn Jimmy Dolan hyggur á frama í faginu en til þess þarf hann að uppgötva stórstjörnu. Hann fer til Afríku og ætlar að næla sér í höfðingjasoninn Saleh en það er ekki hlaupið að því. Leikstjóri er Paul Michael Glaser og meðal leikenda eru Kevin Bacon, Charles Gitonga Maina, Yolanda Vazquez og Winston Ntshona.

**22.50 BAFTA-verðlaunin** Sýnt verður frá afhendingu bresku kvikmyndaverðlaunanna, BAFTA, sem fram fer fyrr um kvöldið. Valdís Óskarsdóttir er tilnefnd til verðlaunanna fyrir klippingu myndarinnar Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Kynnir er Ólafur H. Torfason.

**0.50** Sálarfóður **2.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Busy World of Richard Scar, Í Erlilborg, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Véla Villi, Beyblade, Jungle Book 2)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Idol Stjörnuleit (e) **15.15** Idol Stjörnuleit (e) **15.50** Whoopi (10:22) (e) **16.15** Sjálfstætt fólk (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes (e)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.54 Lottó**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.15 Whose Line is it Anyway** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

**19.40 Just Looking** (Hormónaflæði) Kvikmynd um unglingspilt sem er sendur til sumardvalar hjá skyldmennum í Brooklyn á sjötta áratugnum. Lenny er eins og flestir 15 ára jafnaldrar hans. Kynlíf er ofarlega í huga hans og strákurinn er að drepast úr forvitni. Lenny hefur sett sér það takmark að verða vitni að alvöruástarleik! Aðalhlutverk: Ryan Merriman, Peter Onorati, Joey Franquinha. Leikstjóri: Jason Alexander. 1999. Leyfð öllum aldurshópum.

**21.20 Dreamcatcher** (Draumagildran) Hér segir frá fjórum góðvinum sem upplifðu ótrúlega hluti í æsku. Þeir eru nú fullorðnir og eru staddir í veiðiferð í Maine. Það skelllur á hrikalegur stormur en félagarnir uppgötva fljótt að þeir eru ekki einir á ferð úti í náttúrunni. Öfl að handan eru komin til jarðar og óvíst hvort vinirnir snúa aftur til baka. Byggt á metsölubók eftir Stephen King. Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Thomas Jane, Jason Lee, Damian Lewis. Leikstjóri: Lawrence Kasdan. 2003. Bönnuð börnum.

**23.35** Cuba (Bönnuð börnum) **1.35** Jungle Fever (Stranglega bönnuð börnum) **3.40** Zoolander **5.05** Fréttir Stöðvar 2 **5.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**12.05** Upphitun (e) **12.40** Everton – Chelsea **14.40** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Birmingham – Liverpool **17.10** Bolton – Middlesbrough

**19.00 Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.

**20.00 Grínklukkutíminn – Girlfriends** Marcus verður hrifinn af Joan og henni finnst nóg komið og reynir að slíta sambandinu.

**20.20 Ladies Man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.

**20.40 The Drew Carey Show** Bandarískir gamanþættir Drew Carey. Drew og Lewis taka á móti barni heimilislausrar konu. Hún rænir þá. Drew kaupir sér byssu.

**21.00 Mulholland Falls** Sakamálamynd sem gerist um miðja síðustu öld. Sérglæpadeild innan lögreglunnar rannsakar morð á ungri konu sem virðist hafa átt í sambandi við mikils metna menn. Með aðalhlutverk fara Nick Nolte, Melanie Griffith og Michael Madsen.

**23.10** Dead Like Me – lokaþáttur (e) **23.40** Jack & Bobby (e) **0.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **1.55** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN
Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT
**13.30** Cross-country Skiing: World Cup Reit im Winkl Germany **15.15** Ski Jumping: World Cup Torino Italy **17.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **18.00** All Sports: Casa Italia **18.15** Football: Open Indoor de Tours France **20.30** Tennis: WTA Tournament Paris **21.30** Rally: World Championship Sweden **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.45** Fight Sport: Fight Club

### BBC PRIME
**12.00** Doctors **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Step Inside **15.10** Andy Pandy **15.15** The Story Makers **15.55** The Really Wild Show **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** The Generation Game **18.40** Casualty **19.30** Parkinson **20.10** The British Academy Film Awards **22.10** A Little Later **22.30** Linda Green **23.30** Top of the Pops **0.00** Supernatural Science **1.00** Pride and Prejudice: From Page to Screen **1.30** Who the Dickens Is Mrs Gaskell?

### NATIONAL GEOGRAPHIC
**12.00** Rome – The Model Empire **16.30** Treasures of the Titanic **17.00** Vampire from the Abyss **18.00** Pests from Hell **19.00** Air Crash Investigation **20.00** The Real Ned Kelly

### ANIMAL PLANET
**12.00** Miami Animal Police **13.00** Animal Precinct **14.00** Animal Cops Detroit **18.00** King of the Jungle **19.00** Animal Precinct **20.00** Animal Cops Detroit **21.00** Miami Animal Police **23.00** Menacing Waters **0.00** Sharks of the Deep Blue **1.00** Klondike and Snow

### DISCOVERY
**12.00** Dangerman **13.00** Queen Mary 2 **14.00** Extreme Engineering **15.00** Dream Machines **15.30** Ultimate Cars **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** The Real Antony and Cleopatra **18.30** Most Evil Men in History **19.00** Ultimates **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** World Biker Build-Off **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Murder Trail **1.00** Rides

### MTV
**15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** MTV Icon **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Dirty Sanchez

### VH1
**19.30** Jukebox **20.00** Viewer's Choice Top 10 **21.00** Jukebox **21.30** Jukebox **22.00** Viva la Disco

### E! ENTERTAINMENT
**12.00** The E! True Hollywood Story **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Life is Great with Brooke Burke **16.30** Live from the Red Carpet **19.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Live from the Red Carpet **0.00** Scream Play **1.00** The E! True Hollywood Story

### BBC FOOD
**12.00** Chef at Large **12.30** Nancy Lam **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** The Great Canadian Food Show **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Sophie Grigson's Herbs **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Ken Hom's Travels with a Hot Wok **17.30** Douglas Chew Cooks Asia **18.00** Ken Hom's Travels with a Hot Wok **19.30** Food Source Asia **20.00** Chinese New Year **21.00** Nancy Lam **22.00** Kitchen Invaders **22.30** Ready Steady Cook

### CLUB
**12.15** The Stylists **12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** Paradise Seekers **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.50** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** Paradise Seekers **20.50** Hollywood One on One **21.15** Women Talk **21.40** More Sex Tips for Girls **22.10** What Men Want **22.35** Cheaters

### CARTOON NETWORK
**5.00** Scooby-Doo

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**BAFTA-VERÐLAUNIN** *Sjónvarpið* **kl. 22.50**

***BAFTA-verðlaunin hafa komið mörgum smástirnum á kortið.***

## *Uppskeruhátíð leikara*

Að þessu sinni eiga Íslendingar sinn fulltrúa á BAFTA hátíðinni, Valdísi Óskarsdóttur klippara, sem tilnefnd er fyrir klippingu á myndinni Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Annars er það kvikmyndin The Aviator sem slær öll met, alls með fjórtán tilnefningar. Meðal annarra mynda sem fá margar tilnefningar eru Vera Drake og Finding Neverland, báðar með ellefu tilnefningar hvor og Eternal Sunshine of the Spotless Mind er með sex tilnefningar. Leikarinn Jamie Foxx er tilnefndur til tvennra verðlauna sem og leikkonan Kate Winslet.



**JAMIE FOXX**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Isn't it amazing? We're so bound by customs and rituals. Somebody just has to press my button, this button marked Tradition, and I start responding like a trained monkey. Do I shock you?"**

**Svar: Sita úr kvikmyndinni Fire frá árinu 1996.**

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið. Fréttatengt efni, umsjón Sigurjón M. Egilsson og fl. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Tónlistarþáttur Dr. Gunna **17.03** Birta (e)

**18.00** Brot úr Allt og sumt frá föstudegi. **19.00** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Í uppáhaldi **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Í þjónustu hennar hátignar **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Maður lifandi **21.05** Fimm fjórðu **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Konungleg tónlist

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**10.03** Lífsleikni (Ásdís Olsen) **11.00** Morgunstund með Rósu Ingólfs **11.03** Rósa Ingólfs

**12.25** Smáauglýsingar **13.00** Heil og sæl (endurfl.) **14.00** Menningaþátturinn **16.00** Endurfluttningur frá vikunni sem er að líða

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying



▶ **20.50** *Íþróttir*

**SPÆNSKI BOLTINN. Um helgina er heil umferð á dagskrá á Spáni og margir góðir leikir í boði.**

## SÝN

**10.35** NBA (Cleveland – Denver)

**13.05** NBA – Bestu leikirnir **14.45** Landsleikur í knattspyrnu (England – Holland) **16.25** World's Strongest Man 2004 **16.55** Inside the US PGA Tour 2005 **17.20** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og West Bromwich Albion í 4. umferð bikarkeppninnar.

**19.25** **World Supercross** (Angel Stadium) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.

**20.20** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)

▶ **20.50** **Spænski boltinn** (Valencia – Deportivo) Bein útsending frá leik Valencia og Deportivo La Coruna. Eftir jafnteflisleiki síðustu helgi eru meistararnir í vondum málum og mega ekki við því að tapa fleiri stigum. Staða gestanna er heldur ekki glæsileg og aðeins góður endasprettur getur tryggt Deportivo sæti í Meistaradeildinni næsta vetur.

**23.00** Hnefaleikar (Jermain Taylor – William Joppy ) **1.05** Dagskrárlok

### JETIX

**12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

### MGM

**12.50** The Fantasticks **14.15** Love in the Afternoon **16.25** Pulp **18.00** Armed Response **19.25** Sleeper **20.50** The Betsy **22.55** The Video Dead

### TCM

**20.00** How the West Was Won **22.30** Destination Tokyo **0.45** Young Cassidy **2.35** Children of the Damned

### HALLMARK

**12.15** Don Quixote **14.45** Inside the Osmonds **16.15** Best of Friends **17.00** Ford: The Man and the Machine **18.45** Just Cause **19.30** Incident in a Small Town **21.00** Jessica **22.45** Larry McMurtry's Dead Man's Walk

### DR1

**18.30** Når gorillaen bygger rede **19.00** Dansk Melodi Grand Prix 2005 **21.20** Columbo **22.45** Ghost World **0.30** Boogie Listen

### SV1

**19.00** Melodifestivalen 2005 – Deltävling 1 **20.30** Brottskod: Försvunnen **21.15** Svenska rallyt **21.50** Världscuphoppning Vigo **22.50** Guest House Paradiso





## HRÓSIÐ

*...fær Burðarás fyrir að efla Háskólasjóð Eimskipafélag Íslands svo um munar, til dæmis með byggingu Háskólatorgs og stuðningi við doktorsnema.*

## INNI | ÚTI



**Stuttir pelsar** við langerma boli eða peysur, þröngar buxur og töff stígvél. Úff, já. Ekkert smá flott. Það gæti reynst erfitt að finna eitt stykki en það er um að gera að leita í secondhand búðum eða jafnvel að verða sér úti um skinn og bara sauma eitt stykki pels.



**Bartar.** Smekklegir og fallegir bartar geta verið einstök prýði fyrir þann karlmann sem ber þá. Að sjálfsögðu er ekki átt við ýkta barta í stíl við lélega Presley-eftirhermu. Gaz Coombes í hljómsveitinni Supergrass er til dæmis með einstaklega vel heppnaða barta sem gera hann að enn meiri töffara en hann er fyrir.



**Munstraðar skyrtur.** Ekki er slæmt ef munstrið er eilítið gamaldags og einnig er blómamunstrið alltaf vinsælt. Mjög flott er að vera í þröngri V-hálsmálspeysu yfir eða sætri jakkapeysu. Skyrtan má einnig endilega vera í skærum litum til þess að lífga upp á hversdaginn.



**Flísefni.** Æi já, þetta er hrikalega hlýtt og gott efni og allt það. Auðvitað ættu allir að eiga eitt stykki flíspeysu. Það verður hins vegar aldrei samþykkt að flísefni sé töff. Sama hversu fólk reynir að gera flotta flíspeysu þá verður hún alltaf hálf lummó. Því miður.



**Sítt að aftan.** Það kom einhver bylgja nýlega í hártískunni og einhvers konar afbrigði af „sítt að aftan"-tískunni urðu allt í einu kúl aftur. Bylgjan fór þó fljótlega yfir og er horfin á braut. Þetta er ekkert kúl lengur, hættum að reyna að kalla aftur stemninguna sem var uppi á níunda áratugnum.



**Leðurbuxur.** Það eru hreinar línur að leðurbuxur eru ekki kúl. Hafa leðurbuxur einhvern tíma verið kúl? Ástæðan fyrir hallærisleikanum er sennilega sú að það er sama hversu þröngar leðurbuxurnar eru þegar viðkomandi fer í þær, alltaf skulu þær víkka, sem skilar einstaklega ljótum hangandi rassi.



**Lárétt**
1 slarka, 6 mjólkurafurð, 7 .. húsið, 8 tveir eins, 9 værukær, 10 vann eið, 12 hræðslu, 14 hrós, 15 á fæti, 16 keyr, 17 álpast, 18 skítur.

**Lóðrétt**
1 veiðiaðferð, 2 eins um s, 3 bardagi, 4 stóru steinarnir, 5 söngrödd, 9 fugl, 11 bíða, 13 ílát, 14 tíndi, 17 rykkorn.

**Lausn**

**Lárétt: 1** drabba, **6** ost, **7** jl, **8** rr, **9** löt, **10** sór, **12** ugg, **14** lof, **15** il, **16** ak, **17** ana, **18** saur.
**Lóðrétt: 1** dorg, **2** rsr, **3** at, **4** björgin, **5** alt, **9** lóu, **11** doka, **13** glas, **14** las, **17** ar.








**BENEDIKT UPPTÖKUSTJÓRI** Upptökustjórinn textaði heilan fótboltaleik um síðustu helgi. Hann þarf þess þó ekki nú um helgina þar sem einn þulur verður um hvern leik.

### BENEDIKT NIKULÁS ANIS KETILSSON: ÁTTI ERFIÐA HELGI Í ENSKA BOLTANUM

# Textaði heilan fótboltaleik

Benedikt Nikulás Anis Ketilsson, upptökustjóri á Skjá einum, fékk það erfiða hlutverk um síðustu helgi að texta heilan fótboltaleik, viðureign Aston Villa og Arsenal. Forsvarsmenn Skjás eins ákváðu að bregðast við á þennan hátt í eftir að útvarpsréttarnefnd úrskurðaði að ekki mætti eingöngu notast við enska þuli í útsendingum. Úrskurðurinn kom í kjölfar þess að Þorsteinn Gunnarsson, starfsmaður Sýnar, kærði lýsinguna til útvarpsréttarnefndar.

„Við byrjuðum tveir saman, ég og þýðandi, en sáum fljótlega að það væri ekki hægt. Ég ákvað því bara að gera þetta sjálfur," segir Benedikt Nikulás.

Það reyndi mikið á upptökustjórann við að texta leikinn enda knattspyrna oft á tíðum frekar hraður leikur. „Ég hlustaði á ensku þulina, þýddi og setti textann inn. Það tók smá tíma fyrir textann að koma inn enda þurfti ég að pikka textann inn og ýta á tvo takka svo hann birtist á skjánum," útskýrir Benedikt og bætir við. „Ég reyndi eins og ég gat að hafa textann laus-an við stafsetningarvillur."

Upptökustjórinn tók einnig að sér að gerast þulur daginn eftir þegar hann endursagði það sem ensku þulirnir sögðu á meðan leiknum stóð. „Þá var ég með íslenska endursögn, svona eins og í Eurovision. Kom inn á fimm til tíu mínútna fresti. Þegar mörkin komu leyfði ég ensku þulunum að klára og endursagði síðan það sem þeir sögðu."

Að sögn Snorra Más Skúlasonar, sem hefur haft veg og vanda að enska boltanum á Skjá einum, verður brugðist við kærunni með því að láta einn íslenskan þul lýsa leikjum helgarinnar, í stað tveggja áður. „Við mótmæltum niðurstöðunni um síðustu helgi en nú munum við bregðast við," segir Snorri sem mun lýsa leikjunum ásamt Kristni Kjærnested, Snorra Sturlusyni, Ríkharði Daðasyni, Guðmundi Benediktssyni og Þórhalli Dan Jóhannssyni.

kristjan@frettabladid.is











# Forsetinn á Talstöðinni

Nýja útvarpsstöðin Talstöðin hefur nýlega ruðst í loftið og eins og nafnið gefur til kynna er efni hennar aðallega í formi talaðs máls. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti heimkynni Talstöðvarinnar í gærmorgun en hún er að Skaftahlíð 24, í sama húsi og Fréttablaðið og DV. Ólafur Ragnar spjallaði við Sigurð G. Tómasson í morgunþætti hans og var hinn hressasti. Forsetinn ræddi meðal annars nýlega Indlandsför sína. Eftir það heilsaði hann upp á starfsfólk 365 – prentmiðla, sem var að vonum ánægt með þessa óvæntu heimsókn. ■



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forsetinn rabbaði við Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóra Fréttablaðsins, og Kára Jónasson ritstjóra eftir að hann ræddi við Sigurð G. Tómasson á nýju Talstöðinni.

# ▶ HEIMABÍÓ OG SJÓNVÖRP ▶ FRÁBÆR TILBOÐ

## JVC®

**AV28RT4**

28" SJÓNVARP með Nicam stereó, Black Matrix myndlampa, textavarpi, 2 scart tengjum, RCA tengi að framan og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 37.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990







## JVC **AV32H40**

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 84.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990

---



## UNITED **DVH5085**

HEIMABÍÓKERFI með DVD sem spilar öll kerfi, CD spilara, 5x15w magnara, 30w bassahátalara, 5 litlum umhverfishátölurum, RDS útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 14.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



## PHILIPS **MX2500**

Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

**TILBOÐ ▶ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990

Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG



## JVC **THS1**

HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 2x52w/2x26w magnara og 52w bassa, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS útvarpi með FM og 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýring.

**TILBOÐ ▶ 32.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómstturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Þorrapungar

Ég verð að játa að þótt ég sé kominn af bændum og framsóknarmönnum langt aftur í aldir hef ég ekki farið oft á þorrablót. Ég hef stundum velt því fyrir mér hverju þetta sætir. Hugsanlega kann þetta að vera tengt því að ég hef sjaldan verið viðriðinn hópa eða verið í fastri vinnu hjá fyrirtækjum sem stunda þennan sið af einhverjum krafti. Hin skýringin kann að vera sú að ég sé almennt ekki talinn þorrablótsmaður og að menn óttist það að ég sé svona týpa sem myndi biðja um cous-cous á svona samkomu, gera mikið uppistand ef ég fengi ekki cous cous – og ekki sætta mig við neitt annað en upprunalegt arabískt hráefni – lenda svo í rifrildum um gildi grænmetisfæðis og enda á því að hella trönuberjasafa, sem ég hefði komið með og búið til sjálfur, yfir veislustjórann í réttlátri bræði minni.

**EN** nú er ég alls ekki svona týpa. Bara alls ekki. Ég set ekki mataræði fyrir mig, þannig séð. Vitaskuld er það rétt að ég borða ekki pung af hrúti á reglulegum basís, né heldur japla ég á augum og tungum sauðfés yfir vídeóspólum á miðvikudagskvöldum, og ekki hef ég nokkru sinni gerst svo djarfur að sjóða mér spik af sel til hátíðabrigða né heldur hef ég stykki af hákarli hangandi í bílskúrnum eins og ónefndur maður gerði um langt árabil mér til mikils ama, satt að segja, því að herbergið mitt var við hliðina á þessum hákarli og af honum var lykt. Mikil lykt.

**EN** hvað um það. Nú gerðust sem sagt þau stórtíðindi í vikunni að það var staðfest að ég skyldi fara á þorrablót. Þorrablótið var í gær og þegar þetta kemur fyrir augu lesenda verð ég sjálfsagt fjarri góðu gamni, enda er það ekkert launungarmál að slíkum blótum fylgir verulega neysla brennivíns.

**SEM** staðfestir einmitt það sem ég hef alltaf haldið, að menn gætu yfir höfuð ekki borðað þennan mat nema undir þónokkrum áhrifum áfengis. Þannig eru þorrablót gömul og athyglisverðn útfærsla á svokölluðum ógeðsdrykk en undir öðrum formerkjum.

**OG** það held ég nú. Þorrinn er ágætur. Nú þegar ég er væntanlega kominn í hóp þeirra sem stunda þorrablót – og búinn að hrista af mér allan orðróm um það að ég sé cous-cousmaður – þá vil ég bara segja þetta: Það er ágætt að til sé í samfélaginu hefð fyrir því að þjóðleg og nokkuð karllæg gildi séu höfð í hávegum í eina kvöldstund eða svo. Að þorrapungar komi saman og éti pung þarf nefnilega ekki að koma í veg fyrir að þeir hinir sömu séu ástarpungar heima fyrir. Svo ekki sé talað um stelpurnar, en það hlýtur auðvitað – það sér það hver maður – að auka kynhvöt þeirra að snæða pung af hrúti. En ef einhver segir að þorrablót séu þannig á einhvern hátt til þess gerð að búa í haginn fyrir Valentínusardaginn – sem er leiðindafyrirbrigði – þá helli ég yfir þann hinn sama heimatilbúinn trönuberjasafa.


# Skápaskipulag

**ANEBODA** fataskápur birki 81x50x180 sm **9.900,-**

**LYCKEBY** kassar m/loki 3 stk. **1.490,-**

**BUMERANG** herðatré 8 stk. **490,-**

**BUMERANG** buxnahengi 1 stk. **70,-**

**BRANÄS** karfa
23x25x15 sm **495,-**
32x35x16 sm **995,-**

**SKUBB** geymslupoki/hirsla 95x46x15 sm **990,-**

**KOMPLEMENT** plastbox 100x58 sm **1.590,-**

**LYCKEBY** kassar m/loki 2 stk. **990,-**

**KOMPLEMENT** skóhilla 100 sm grá **940,-**

**KOMPLEMENT** vírhilla 50x58 sm **795,-**

**KOMPLEMENT** plastbox 50x58 sm **800,-**

**MALM** kommóða birki 40x48x56 sm **3.900,-**

**TRONES** skóskápur 51x39 sm **1.290,-**

**LINGO BLOMMA** kassar 2 stk. 32x24x15 sm **295,-**

**PAX** skápur 100x236 sm hvítur **8.950,-**

**BRANÄS** karfa 32x35x32 sm **1.290,-**

**KOMPLEMENT** fjölnota slá hæð stillanleg 180-240 sm **4.900,-**

**LYCKEBY** kassi m/loki 45x36x34 sm **990,-**

**KOMPLEMENT** fataslá 100 sm grá **650,-**

Pylsa og gos 149,- IKEA Restaurant

PAX hönnunarforritið www.IKEA.is

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2005

IKE 27242 01.2005